



**„Ég hélt bara að þetta ætti að vera svona“
Reynsla kvenna sem upplifðu kynferðisofbeldi í nánú
sambandi sem unglingar**

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði

Félagsvísindasvið

Júní 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„Ég hélt bara að þetta ætti að vera svona“
Reynsla kvenna sem hafa upplifðu kynferðisofbeldi í nánú sambandi sem
unglingar

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði
Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði og er óheimilt að afrita hana á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir 2016
1107912169

Reykjavík, Ísland 2016

Útdráttur

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglunga. Megintilgangur rannsóknarinnar var fólgin í að skoða efnið út frá upplifun brotþola. Niðurstöðurnar eru settar í samhengi við fyrri rannsóknir um ofbeldi í nánum samböndum unglunga og kenningar um normaliseringu ofbeldis í nánum samböndum. Niðurstöðurnar eru einnig tengdar kvenleika og karlmennsku meðal unglunga. Rannsóknin var framkvæmd með eigindlegum rannsóknaraðferðum. Tekin voru tíu hálf opin einstaklingsviðtöl við jafn marga brotþola sem upplifað höfðu kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þeir sem verða fyrir kynferðisofbeldi í nánu sambandi á unglingsaldri falli milli flokka og að ekki sé gert ráð fyrir reynslu þeirra innan úrvinnsluþjónustu, réttarkerfisins eða í viðhorfum samfélagsins. Berskjöldun brotþola, samfélagsviðhorf og normalisering ofbeldisins innan sambandsins gerðu það að verkum að þeim þótti upplifun þeirra jafnvel eðlilegur hluti þess að vera í nánu sambandi og gerðu sér ekki grein fyrir að um ofbeldi væri að ræða. Niðurstöðurnar benda til þess að rétt eins og reynsla af kynferðisofbeldi eða ofbeldi í nánu sambandi meðal fullorðinna hafi reynsla af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur langvarandi afleiðingar á líf og líðan brotþola. Úrvinnsla brotþola virðist ekki vera beint ferli fram á við heldur fólgin í ýmsum þáttum samtímis. Ofbeldi í nánum samböndum á sér stað í samfélagslegu samhengi.

Abstract

The topic of this thesis is sexual violence in adolescent's intimate relationships. The main purpose of the reasearch was to look at the topic from survivors view. The results are put in context with previous research on violence in adolescents intimate relationships. In addition they are connected to theories on normalization of violence in intimate relationships, and femininity and masculinity among adolescents. The reasearch was conducted with qualitative reasearch methods. Ten interviews with as many participants, which had experienced sexual violence in an intimate relationship as an adolescent, were taken.

The results indicate that adolescent's survivors of sexual violence in an intimate relationship fall between categories and that their experience is not anticipated within processing service, the justice system or society. Survivor's vulnerability, social attitudes and the normalization of violence within the relationship made it hard for the survivors to identify their experience as violence. The results indicate that just as among adults, experience of sexual violence in an intimate relationship among adolescents has longterm consequences on survivor's life and well-being. Survivors processing does not appear as a direct process forward but consists of various aspects simultaneously.

Formáli

Rannsókn þessi er metin til 50 eininga í kynjafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi við ritgerðarsmíðina er dr. Gyða Margrét Pétursdóttir. Henni þakka ég innilega skjót svör, góðar athugasemdir, ómetanlega hvatningu, gott fjarsamband og þolinmæði. Hún hefur reynst mér valdeflandi fyrirmynd í að skapa femíníska þekkingu.

Viðmælendum mínum þakka ég af öllu hjarta fyrir að hafa boðist til að taka þátt í rannsókninni, gefið mér af tíma sínum og deilt með mér reynslu sinni. Án þeirra hefði rannsóknin ekki orðið að veruleika. Mínum nánustu þakka ég ómældan stuðning og hvatningu í lífinu sem og við framkvæmd rannsóknarinnar. Gervinöfn viðmælenda eru að hluta til nöfn þeirra einstaklinga sem hafa veitt mér dýrmætan stuðning í minni eigin úrvinnslu. Ömmu minni og nöfnu þakka ég fyrir að hafa haldið á lofti skáldskap kvenna og hvatt mig til þess að skrifa.

Ég þakka menningar- og minningarsjóði kvenna fyrir að hafa styrkt verkefnið. Að lokum þakka ég Álfheiði Ingimarsdóttur kærlega fyrir yfirlesturinn og góðar athugasemdir.

Ég tileinka ritgerðina öllum þeim börnum og unglíngum sem héldu að þetta ætti bara að vera svona og öllum þeim sem enn eru fastir í ofbeldisaðstæðum.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	8
2 Fræðilegur hluti	12
2.1 Kvenleiki	12
2.2. Karlmennska	13
2.3 Skilgreiningar á kynferðisofbeldi og lagarammi	17
2.3.1 Ofbeldi í nánum samböndum	19
2.3.2 Úrræðaleysi í tengslum við ofbeldi í nánum samböndum unglunga.....	20
2.4. Afleiðingar.....	22
2.5 Úrvinnsla.....	25
2.6 Mikilvægi kynfræðslu	27
3 Aðferðafræði.....	30
3.1. Rannsóknaraðferð	30
3.2 Þátttakendur	31
3.2.1 Val á þátttakendum	31
3.2.2 Aðgengi að þátttakendum	32
3.3 Framkvæmd rannsókna.....	33
3.3.1 Gagnaöflun.....	33
3.3.2 Gagnagreining.....	33
3.4 Siðferðileg álitamál	34
3.5 Fræðilegur femínismi og staðsetning rannsakanda.....	36
4 Berskjöldun.....	39
4.1 Samband við foreldra.....	39
4.2 Kynferðisofbeldi í æsku og kynferðiseinelti.....	40
4.3 Ungur aldur og reynsluleysi	42
4.4 Samfélagsprýstingur og fræðsluskortur	44
4.5 Verndandi þættir	46
4.6 Samantekt.....	48
5 Afleiðingar	49

5.1 Áhrif á skólagöngu	49
5.2 Sjálfsásökun og skömm.....	52
5.3 Erfiðleikar með traust.....	53
5.4 Kynlíf eftir kynferðisofbeldi.....	55
5.5 Þunglyndi og sjálfsskaðandi hegðun	57
5.6 Samantekt.....	58
6 Úrvinnsla	60
6.1 Reynsla af þjónustu	60
6.2 Að koma auga á reynsluna	62
6.3 Ofbeldismaðurinn.....	66
6.4 Viðhorf samfélagsins	69
6.5 Upplifun af réttarkerfinu	70
6.6 Eigin leiðir til úrvinnslu	72
6.7 Að ljá reynslunni merkingu.....	73
6.8 Samantekt.....	74
7 Umræða	76
8 Heimildir	84
Viðauki I: Facebook-auglýsing	95
Viðauki II: Viðtalsrammi.....	96
Viðauki III: Tilkynning til Persónuverndar	99

1 Inngangur

Titill þessarar ritgerðar „Ég hélt bara að þetta ætti að vera svona“ er bein tilvitnun í orð eins viðmælanda míns. Orðin komu fram í einhverri mynd í öllum viðtölunum og titillinn náði því vel utan um sameiginlega reynslu kvennanna af því að upplifa kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar. Reynsluleysi og ungur aldur undirstrika upplifun kvennanna af berskjöldun fyrir reynslu sinni sem orðin ná einnig utan um. Titillinn gefur auk þess vísbendingar um hve flókið konunum reyndist að koma auga á að um ofbeldi hefði verið að ræða.

Þrátt fyrir að Ísland, líkt og all-flest Norðurlöndin skori hvað hæst í heiminum þegar rætt er um kynjajafnrétti eru enn merki um kynjamisrétti víða í samfélaginu, sem birtist kannski hvað skýrast í kynbundnu ofbeldi. Þeir mælikvarðar sem ætlaðir eru til að mæla kynjajafnrétti ríkja geta auk þess verið misvísandi þar sem þeir taka til að mynda ekki fyrir ofbeldi gegn konum (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2015; Schwab, 2014; Wiklund, Malmgren-Olsson, Bengs og Ohman, 2010). Því viðhorfi að hér hafi jafnrétti verið náð hefur Gyða Margrét Pétursdóttir (2012) lýst sem áru kynjajafnréttis. Hún telur það fela í sér félagslegt ferli þess að karlar og konur sannfæri sig um að jafnrétti sé til staðar þrátt fyrir að raunin sé önnur. Lucas Gottzén (2015) segir það jafnframt gjarnan hluta sjálfsmyndar fólks í þeim ríkjum þar sem kynjajafnrétti er talið mikið, að það sé jafnréttissinnað.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (e. *World Health Organization (WHO)*) (2014) telur unglingsárin eitt hraðasta þroskaferli manneskjunnar og skilgreinir unglunga sem einstaklinga á aldrinum 10 til 19 ára en bendir jafnframt á að aldur segi ekki alla söguna heldur sé hópurinn afar margbreytilegur og horfa þurfi til annarra breyta sem geri einstaklinga mis berskjaldaða. Í skýrslu WHO kemur til að mynda fram að kyn sé mikilvæg breyta sem skoða þurfi í tengslum við unglingsár, sérstaklega þar sem samfélagsleg norm og væntingar séu afar ólík til unglingsdregja og unglingsstúlkna.

Í umfjöllun um karlmennsku og kvenleika unglunga er þó vert að taka fram að hér er ekki verið að tala fyrir ólíku eðli kynjanna eða ýta undir hugmyndir um ólíka grundvallar náttúru karla og kvenna, dregja og stúlkna. Hugmyndafræði þessa verkefnis byggir á kenningum um að kyngervi einstaklinga sé mótað og endurmótað í félagslegum samskiptum og þannig verði kvenleiki og karlmennska til í samspili hvort við annað (West og Zimmerman, 1987). Markmiðið með umfjöllun um kvenleika og karlmennsku er því frekar að gefa innsýn í ólíkan reynsluheim og veruleika, byggðan á samfélagslegri mótun.

Rétt eins og meðal fullorðinna, kemur kynjamisrétti einnig fram í veruleika unglunga, til dæmis í formi kynferðislegrar áreitni, klámvæðingar, ofbeldis í nánum samböndum og kynferðisofbeldis (Barter, McCarry, Berridge og Evans, 2009; Gádin, 2012; Plauborg, Johansen og Helweg-Larsen, 2012; Wiklund o.fl., 2010).

Það getur því verið flókið að lifa í áru kynjajafnréttis þegar dæmi um ójafnrétti skjóta upp kollinum. Málin vandast enn frekar þegar þau eru flókin og kannski ekki unnt að fella þau undir þær hugmyndir sem þegar eru til staðar í samfélaginu um kynferðisofbeldi, nauðganir, nauðgara, fórnarlömb, skrímsli, ofbeldissambönd, samþykki og mörk.

Upplifun af og umfjöllun um kynferðisofbeldi getur orðið flókin þegar ofbeldið á sér stað í nánnum samböndum, þar sem samband brotþola og ofbeldismanns er eins og gefur að skilja nánara og það virðist skekkja og flækja mörkin milli kynlífs og ofbeldis (Barter o.fl., 2009; Wiklund o.fl., 2010). Þegar ofan á það bætist að kynferðisofbeldið eigi sér stað í nánnum samböndum unglinga, sem búa oft yfir afar fullorðinslegri reynslu af kynlífi og nánnum samböndum þrátt fyrir að vera börn samkvæmt lögum, virðist málið verða svo flókið og óþægilegt að lítið hefur verið gert á Íslandi til að takast á við það. Undanfarið hafa þó birst í fjölmiðlum sögur ungra kvenna sem þær greina frá kynferðisofbeldi í nánnum samböndum sem þær upplifðu á unglingsárum. Þessir brotþolar segja ástæður þess að þær komi fram með reynslu sína gjarnan vera löngun til þess að skapa umræðu, skila skömminni og sýna fram á að hægt sé að komast út úr aðstæðunum (Engir ferlar vegna kynferðisofbeldis til, 2016; Sigríður Guðmarsdóttir og óþekktur höfundur, 2012; Viktoría Hermannsdóttir, 2015). Aukin umræða í kjölfar þessara frásagna og fleiri samfélagslegra vitundavakninga um kynferðisofbeldi og kynfrelsi kvenna undanfarin misseri gefa til kynna að þörf sé á fræðilegri þekkingu inn í umræðuna.

Lítið hefur farið fyrir rannsóknum erlendis sem einblýna sérstaklega á kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglinga þrátt fyrir að bent hafi verið á þörf fyrir ýtarlegri rannsóknir á því sviði (Gottzén og Korkmaz, 2013; Ungdomsstyrelsen, 2013; Vezina og Hebert, 2007; Wiklund o.fl., 2010). Mikilvægi þeirrar rannsóknar sem hér er fjallað um er því fólgið í því að reyna að safna saman þeirri þekkingu sem þegar er til staðar um efnið, vekja upp spurningar. Auk þess að bæta við nýjum vinklum til að nálgast efnið. Í íslensku samhengi er mikilvægi rannsóknarinnar einna helst fólgið í að koma með fræðilega þekkingu inn í tiltölulega nýja samfélagsumræðu sem þörf virðist á.

Rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis, sú fyrsta sem skoðar sérstaklega kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglinga, og því þótti liggja beinast við að þekkingin kæmi þaðan sem upplifun af efninu er að finna, þ.e. frá brotþolum sjálfum. Nýnæmi rannsóknarinnar er einnig fólgið í því að varpa ljósi á berskjaldandi og verndandi þætti í lífi brotþola auk þess að taka sérstaklega fyrir úrvinnsluferli þeirra.

Hér verður stuðst við orðið brotþoli yfir þá einstaklinga sem upplifað hafa kynferðisofbeldi í nánnum samböndum sem unglingar. Með því er reynt að forðast að sjá og birta brotþola sem annað hvort hjálparvana fórnarlömb eða sterka eftirlifendur (e. *survivors*) en niðurstöður eigindlegar rannsóknar Wiklund ofl. (2010) sýndu m.a. fram á að brotþolar virðast

samtímis sterkir og berskjaldaðir. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir (2009) hefur auk þess bent á að með því að nota orðið brotápoli sé vísað til ákveðis brots sem einstaklingur upplifði en ekki gefið til kynna að viðkomandi sé fórnarlamb eða þolandi í lífinu almennt. Yfir fyrrverandi kærasta brotápoli sem beittu kynferðisofbeldinu verður notast við orðið ofbeldismaður en Þórdís Elva telur það heppilegra orð en gerandi þar sem orðið gerandi hafi mun jákvæðari merkingu. Reynt var að finna heppilegra orð við gerð þessa verkefnis þar sem orðið ofbeldismaður hefur einnig ákveðna ókosti, til dæmis vísar það til þess að eingöngu karlar geti beitt ofbeldi sem er vissulega ekki raunin líkt og bent hefur verið á (Hilmar Jón Stefánsson, 2013). Orðið ofbeldismaður lítur einnig framhjá því að um unglingsdregi geti verið að ræða auk þess sem orðið ber með sér að viðkomandi séu ofbeldismenn í lífinu almennt. Þar sem ekki fannst heppilegra orð og þar sem allir fyrrverandi kærastar sem beittu viðmælendur ofbeldi voru karlkyns verður samt sem áður notast við orðið þar sem það er talið best að svo stöddu.

Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið verkefnisins og rannsóknarinnar í heild er að skoða kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglunga á Íslandi, út frá reynslu þeirra sem það hafa upplifað og kynnst þannig upplifun og reynslu brotápoli. Þar að auki er markmiðið að öðlast innsýn í hvernig viðmælendur tókust á við þá reynslu, hvort þættir í bakgrunni viðmælenda áttu þátt í að gera þá berskjaldaðari í ofbeldissambandinu og á hvaða hátt reynslan hefur sett mark sitt á líf þeirra. Í stærra samhengi er markmið og tilgangur rannsóknarinnar að skapa vitundarvakningu um kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglunga.

Rannsóknarspurningar verkefnisins eru mótaðar út frá ofangreindum markmiðum og skiptast í eina yfirsurninguna og tvær undirspurningar sem er ætlað að gefa betri innsýn í og hjálpa til við að ná betur utan um yfirsurninguna. Yfirsurningin er:

- Hver er reynsla kvenna, sem upplifðu kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar?

Undirspurningarnar eru:

- Hvaða þættir, að mati kvennanna, áttu þátt í berskjöldun þeirra fyrir sambandinu?
- Hvaða áhrif hafði þessi lífsreynsla á líf og líðan kvennanna?
- Hvaða úrræði nýttu konurnar til að takast á við reynsluna?

Uppbygging ritgerðar

Ritgerðinni er skipt upp í sjö kafla, flestir skiptast í nokkra undirkafla. Að inngangi loknum tekur við annar kafli þar sem gerð verður grein fyrir þeim fræðum sem rannsóknin styðst við. Fræðilega hlutanum er skipt í sex undirkafla, í þeim fyrsta er fjallað um kvenleika og þann

samfélagsbrýsting varðandi líkamsímynd, kynlíf og sambönd sem virðist algengur meðal unglingsstúlkna. Því næst er fjallað um karlmennsku, þar er togstreita milli karlmenskunnar og tilfinningalegrar nándar hjá ungum körlum útskýrð auk þess sem birtingarmynd á ofbeldismönnum sem „öðrum mönnum“, og hugtakið viðgerðarvinna eru kynnt. Því næst er farið yfir skilgreiningar á kynferðisofbeldi og nauðgun auk þess sem reifað er um hvernig kynferðisofbeldi í nánum samböndum fellur að réttarkerfinu. Undir þeim kafla verður einnig gert grein fyrir ofbeldi í nánum samböndum og úrræðaleysi í tengslum við ofbeldi í nánum samböndum unglunga. Í kjölfarið er svo farið yfir afleiðingar og úrvinnslu í kjölfar kynferðisofbeldis og mikilvægi kynfræðslu. Í þriðja kafla er farið yfir aðferðafræði rannsóknarinnar með því að lýsa rannsóknaraðferð, vali á þátttakendum, framkvæmd rannsóknarinnar, siðferðilegum álitamálum og fræðilegu sjónarhorni. Þar að auki geri ég grein fyrir eigin stöðu gagnvart efninu. Í köflum fjögur til sex er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Fjórði kafli fjallar um margþætta berskjöldun kvennanna fyrir reynslu sinni og þá verndandi þætti sem höfðu áhrif á reynslu brotþola. Í fimmta kafla er fjallað um þær afleiðingar sem reynslan hafði á líf og líðan kvennanna. Kafli sex er svo tileinkaður úrvinnslu. Þar er farið yfir þá þætti sem höfðu áhrif á úrvinnsluferli kvennanna og gerð grein fyrir þeim leiðum sem þær nýttu sér til að vinna úr reynslu sinni. Í sjöunda kafla eru niðurstöðurnar svo dregnar saman, rannsóknarspurningum svarað og ályktað um úrbætur.

2 Fræðilegur hluti

Fræðilegar undirstöður verkefnisins byggja á femínískum kenningum um félagslega mótun kvenleika og karlmennsku og kynbundið ofbeldi sem félagslega afurð kynjamisréttis. Þessi kafli skiptist í sex hluta en einn þeirra skiptist einnig í undirkafla. Í fyrsta hluta kaflans er fjallað um kvenleika og í öðrum hluta tekur við umfjöllun um karlmennsku. Í þriðja hluta er farið yfir skilgreiningar á kynferðisofbeldi. Auk þess sem kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglunga er skoðað út frá íslensku réttarkerfi og mýtunni um alvöru nauðgun. Í þeim hluta eru einnig undirkaflar þar sem annars vegar er fjallað um normaliseringu á ofbeldi í nánum samböndum og hins vegar um fyrri rannsóknir og úrræðaleyfi í tengslum við ofbeldi í nánum samböndum unglunga. Í hluta fjögur er fjallað um afleiðingar kynferðisofbeldis og í fimmta hluta um úrvinnslu. Sjötti hluti kaflans fjallar svo um mikilvægi kynfræðslu þar sem skortur á fræðslu er skoðaður út frá nálægð barna og unglunga við klám og klámvæðingu. Þessar kenningar nýtast vel til þess að rýna í kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglunga en einnig til að vekja upp spurningar og veita þannig fjölbreytta sýn á efnið.

2.1 Kvenleiki

Kvenleiki, líkt og karlmennska er ekki eiginleiki sem fylgir því að vera kvenkyns heldur eitthvað sem verður sífellt að öðlast og gera í samfélagslegu samhengi (West og Zimmerman, 1987). Unglingsstúlkur virðast upplifa mikinn þrýsting varðandi útlit, kynþokka og kynlíf frá strákum, vinahópnum og samfélaginu (Aapola, Gonick og Harris, 2005; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015). Knauss, Paxton og Alsaker (2007) telja auk þess að stúlkur séu almennt óánægðari með líkama sinn á unglingsárunum en drengir. Ástæða þess virðist meðal annars vera að stúlkur innhverfa (e. *internalize*) frekar þær staðalmyndir sem fjölmiðlar birta um líkama og finna því fyrir meiri þrýsting til að fylgja útlitskröfum samfélagsins en drengir. Það samræmist kenningum Bartky (1998) um innhverfingu kvenna á líkams- og útlitsstöðlum kvenleikans. Með því að viðmiðin innhverfist telur Bartky þau einnig verða hluta af sjálfinu og því mun flóknara að losna undan þeim.

Vanlíðan og togstreita virðist nokkuð algeng meðal unglingsstúlkna, en hlutfallslega fleiri stúlkum en drengjum í 9 og 10 bekk líður illa, upplifa einmanaleika eða eru niðurdregnar eða daprar. Auk þess virðist það hlutfall hærra meðal stúlkna á landsbyggðinni en stúlkna á höfuðborgarsvæðinu (Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2012). Unglingsstúlkur virðast einnig upplifa sterkari samfélagsþrýsing en drengir til að vera á föstu (Plauborg o.fl., 2012).

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (2015) bendir á að kynlífs- og klámvæðing virðist hafa mikil áhrif á kynlíf og „kynlífsandrit“ unglunga. Hún segir unglingsstúlkur fá tvöföld skilaboð (e.

double standard) sem feli í sér að stúlkur séu undir mun strangara eftirliti varðandi kynhegðun og sá millivegur sem ætlast er til að þær gangi virðist mun afmarkaðari en sá sem ætlaður er drengjum. Það samræmist því sem komið hefur fram hjá Aapola o.fl. (2005) um að unglingsstúlkum sé gert að passa upp á mannorð sitt og sýna hegðun og háttvísi sem undirstrikar kvenleika þeirra. Aapola og félagar telja viðteknar hugmyndir um kvenleika fela í sér viðkvæmni og fórnarlambshlutverk sem séu jafnframt þau skilaboð sem unglingsstúlkum séu send um hlutverk þeirra í kynlífi. Unglingsstúlkur eru almennt ekki birtar sem kynferðislegir gerendur heldur þiggjendur eða veitendur fyrir unglingsdregi. Þau bæta við að þrátt fyrir að mikilvægi þess að unglingsstúlkur fái að þroska kynverund sína á eigin forsendum fái aukinn hljómgrunn í samfélaginu virðist kynlíf unglingsstúlkna samt sem áður snúast að mestu leyti um að fullnægja þörfum unglingsdregja. Klám sem uppspretta þekkingar um kynlíf getur samkvæmt þeim einnig haft þau áhrif að unglingsstúlkur samþykki að taka þátt í kynferðisathöfnum sem geti valdið þeim sársauka og niðurlægingu.

Kolbrún Hrund tekur undir það og gerir grein fyrir því að unglingsstúlkur telji sig ekki alltaf vera í stöðu til að geta neitað strákum um kynlíf og láti því jafnvel undan þrýstingi og taki þátt í kynlífsathöfnum án þess að vilja það sjálfar til þess að uppfylla þarfir stráka. Þetta tengir hún við hugmyndir um styðjandi kvenleika, sem er sú birtingarmynd kvenleikans sem styður við karllæg yfirráð, og hið gagnkynhneigða kynlífshandrit sem er ríkjandi í samfélaginu. Styðjandi kvenleiki birtist í þessu samhengi á þann hátt að unglingsstúlkur virðast setja hag og langanir stráka ofar sínum eigin (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015).

Það stranga eftirlit með kynhegðun unglingsstúlkna sem Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (2015) og Aapola o.fl. (2005) lýsa getur til að mynda komið fram í drusluskömm, sem felur í sér að konur eða unglingsstúlkur séu stimplaðar druslur þegar kynhegðun þeirra er talin fara út fyrir þann þrönga milliveg sem kvenleikanum er gert að fylgja (Karen Dögg Bryndísar-og Karlsdóttir, 2015; Snærós Sindradóttir, 2015). Drusluskömm getur komið fram sem ein birtingarmynd kynferðiseineltis, sem einnig getur birst í síendurtekinni kynferðislegri áreitni af hendi einstaklings eða hóps. Kynferðiseinelti (s. *könsmobbning*) er ein birtingarmynd eineltis þar sem kyn brotaþola verður útgangspunktur eineltisins (Jämställdhetsombudsmannen, 2000; Osbeck, Holm og Wernersson; Witkowska, 2005).

2.2 Karlmennska

Karlmennska er ekki stöðugt ástand eða eiginleiki sem einstaklingur býr yfir vegna þess að hann er karlkyns. Karlmennska er hegðun eða afrek sem drengir og menn verða sífellt að ná í fjölbreyttu samfélagslegu samhengi. Karlmennska, líkt og kvenleiki, er þannig ekki eitthvað sem einstaklingar eru, heldur eitthvað sem þeir gera (Connell, 2005; Heinrich, 2013).

Victor J. Seidler (2006) tekur fram að vald, sjálfstæði og styrkur séu áhrifamiklir þættir karlmennskunnar og því geti ást og nánd orðið vandamál í sjálfsmynd ungra karla þar sem það geti verið álitid sem veikleiki og þannig sett karlmenskuna í „hættu“. Kynlíf telur hann sérstaklega flókið þar sem að þrátt fyrir að unga karla langi oft og tíðum til að stunda kynlíf og finni fyrir samfélagslegum þrýstingi til að gera það, geti þeir orðið óöruggir og berskjaldaðir þar sem þeim finnist nándin og tilfinningarnar sem því fylgja geta ógnað karlmenskunni og sjálfinu. Hann tekur fram að sumir karlar bregðist við með því að aftengja kynlíf og tilfinningar og aðrir jafnvel með ofbeldi, því þeim finnist sjálfsmynd sinni ógnað. Tolman, Striepe og Harmo (2003) taka undir það og telja unglingsdrengrum upplifa samfélagslegan þrýsting til að efla karlmennsku sína með því að sækjast eftir kynlífi aftengdu frá tilfinningalegri nánd. Þau telja einnig gagnkynhneigðhyggju (e. *heterosexism*), sem felur í sér kerfis- og stofnanabundna birtingarmynd gagnkynhneigðarhroka (e. *homophobia*) og þau viðhorf að samfélgög séu og verði að vera gagnkynhneigð, viðloðandi kynheilbrigði unglunga. Michael Flood (2008) bætir við að kynlífsreynslu fylgi aukin virðing og vinsældir hjá körlum, það getur bæði fylgt því að hafa átt marga bólfélaga en einnig að hafa prófað ákveðnar kynlífsathafnir eða stundað kynlíf á framandi stöðum. Þeir karlar sem velja að vera í nánu sambandi og hafa þannig gefið óformlega yfirlýsingu um tilfinningalega nánd og takmarkaðan fjölda bólfélaga, geta þá samt sem áður öðlast þá stöðu sem hann telur fylgja kynlífsreynslu með því að hafa stundað kynlíf á framandi stöðum eða prófað ákveðnar kynlífsathafnir sem þyki eftirsóknarverðar eða framandi innan hópsins. Flood leggur áherslu á þátt normaliseringar kynferðisofbeldis í félagatengslum karla sem geri það að verkum að ofbeldishegðun sé birt sem venjuleg hegðun og því ekki álitin ofbeldi. Hann tekur jafnframt fram að félagatengsl karla geti alið af sér kynferðisofbeldi gegn konum og kynferðisofbeldi gegn konum geti sömuleiðis alið af sér félagatengsl karla. Ofbeldishegðun getur þannig nýst ungum körlum sem leið til að efla stöðu sína og birta karlmennsku þegar þeir sjá ekki aðrar leiðir til þess (Gottzén og Korkmaz, 2013; Seidler, 2006; Ungdomsstyrelsen, 2013).

Hugtakið viðgerðar vinna (e. *repair work*) telur Alma Persson (2012) veita mikilvæga innsýn í hvernig karlmennska birtist. Hún segir hægt að varpa gagnlegu ljósi á skilning á karlmennsku með því að skoða hvaða þættir karlmennskunnar eru taldir þess virði að gera við, sé þeim ógnað, og þær leiðir sem farnar eru að þeim viðgerðum. Persson setti hugtakið fram um viðbrögð karla í herþjónustu í Svíþjóð við aðstæðum þar sem nánd þótti ógna karlmennsku þeirra. Niðurstöður hennar sýndu fram á að með því að nota hugtakið viðgerðarvinna var unnt að koma auga á hvernig valdamisræmi kynjanna, karlmennsku og gagnkynhneigð var viðhaldið í daglegum venjum.

Það rýmar einnig vel við skrif Seidlers (2006) um unga karla og náin sambönd en hann segir líf og sjálfsmynd ungra karla í dag oft geta verið fullt af mótsögnum og togstreitu, til að

mynda milli viðtekinnna samfélagsviðhorfa um jafnrétti annars vegar og karlmennsku hins vegar. Togstreitu í sjálfsmynd ungra karla telur hann, líkt og Persson (2012), geta stafað af því að þau tilfinningalega nánú sambönd sem ungir karlar stofni til stangist stundum á við þær hugmyndir sem þegar eru til staðar í sjálfinu um karlmennsku og að varnarviðbrögð við þeirri togstreitu geti meðal annars birst í ofbeldi og að þeir aftengi sig tilfinningum sínum. Kenningar Persson (2012) um viðgerðar vinnu má því heimfæra á það uppnám sem nánd í nánú samböndum virðist geta skapað fyrir karlmennsku og þar af leiðandi sjálfsmynd ungra karla. Þannig má gera ráð fyrir því að ofbeldishegðun og það að sýna fram á kynferðislega reynd af ákveðnum stellingum eða staðsetningum geti verið tilraun til að gera við þá „hættu“ sem nánd í nánú sambandi setti karlmenskuna í.

Nyman, Risberg og Svenson (2001) taka fram að kynferðisofbeldi sem unglingsdrengrir beita hafi ekki bara áhrif á líf brotþola heldur einnig þeirra eigið líf og ógni þannig sjálfsmynd þeirra. Viðbrögð unglingsdrengra sem beitt höfðu kynferðisofbeldi virtust fela í sér afneitun og þeir virtust verja sjálfið með því að aftengja sig atburðinum, gera lítið úr honum, endurtúlka það sem gerðist og verja þannig sjálfsmyndina fyrir því að taka við stimplinum ofbeldismaður. Niðurstöður Gottzén og Korkmaz (2013) sýndu fram á að þrátt fyrir að viðmælendur þeirra væru unglingsdrengrir í viðtalsmeðferð sem beitt höfðu kærustur sínar ofbeldi skilgreindu þeir sig samt sem áður ekki sem ofbeldismenn og nýttu til að mynda samanburð við aðra menn, sem þeim þótti falla betur að skilgreiningum um ofbeldismenn. Gottzén (2015) sem fjallað hefur um ofbeldi í nánú samböndum og ofbeldismenn í sænsku samhengi segir að þrátt fyrir að ofbeldi karla gegn konum sé algengt sé því gjarnan lýst sem framandi og sjaldgæfu. Hann bendir jafnframt á að rannsóknir sýni fram á að ofbeldi karla gegn konum eigi sér stað í öllum þjóðfélagshópum karla, en stjórnálamenn, sérfræðingar og fjölmiðlar birti ofbeldið samt sem áður þannig að það eigi sér stað hjá einhverjum öðrum en hinum „venjulega“ sænska manni. Þessum „öðrum mönnum“ er oft lýst sem hættulegum, framandi og einfaldlega vondum mönnum sem eru annað hvort fastir í sinni útlendu feðraveldis menningu eða andlega veikir.

Samfélagsumræða um ofbeldismenn virðist þannig oft og tíðum einstaklingsgerð og hinn brotlegi sjúkdómsvæddur og þannig sviptur ábyrgð á gjörðum sínum þegar fjallað er um hann sem andlega veikan eða í „rugli“. Menn sem beitt hafa ofbeldi eru einnig oft birtir sem skrímsli, en skrímslavæðing einstaklingsgerir vandann og gefur til kynna að það sé ekkert að samfélaginu, heldur sé vandinn bundinn við þennan einstakling sem sé vondur og þurfi að taka úr umferð (Gottzén, 2015; Guðný Elísa Guðgeirsdóttir, 2012). Með því er ekki gert ráð fyrir að „venjulegir menn“ geti beitt ofbeldi og hinn jafnréttissinnaði meðal maður (með sína jafnréttissinnuðu sjálfsmynd) er aftengdur skilgreiningum og hugmyndum um ofbeldismenn (Gottzén, 2012, 2015; Gottzén og Korkmaz, 2013; Lundgren, 2012). Það tengist einnig áru

kynjajafnréttis sem helst óáreitt með þessari birtingarmynd ofbeldismanna (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012). Slík birting á ofbeldismönnum er þó talin skaðleg:

Það gerir engum gott og leysir engan vanda að útmála kynferðisbrotamenn sem skrímsli. Það er oft í óþökk þolenda, sem eru nátengdir viðkomandi og þekkja viðkomandi einnig að góðu, og oft gleymist að kynferðisbrotamenn eins og aðrir eiga fjölskyldur sem verða þá þolendur í málinu[...] Hér þarf því að veða og meta ólíka hagsmuni og samfélagið, við, þurfum að finna leiðir til að koma til móts við þolendur án þess að útskúfa gerendum (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2013, 2015).

Skrímslavædd birtingarmynd á ofbeldismönnum er því ekki aðeins skaðleg kynferðisafbrotamönnum sjálfum heldur brotapolum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild.

Það hlýtur því að liggja ljóst fyrir að skilaboðin og mótunin sem unglingar virðast hljóta eftir kyni er afar ólík. Vandinn birtist því meðal annars í afar óheppilegu samspili hugmynda og upplifana kynjanna af samböndum, kynlífi og samskiptum sem því tengjast. Hér er þó ekki verið að alhæfa um reynslu eða veruleika allra unglunga, allra stúlkna eða allra drengja, þvert á móti, er sýnt fram á hugmyndir og skilaboð sem geta haft áhrif og eru hluti af reynsluheimi sumra unglunga.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) hefur fjallað um drengjaorðræðuna sem hann telur meðal annars fela í sér hugmyndir um að skólar séu að bregðast drengjum og að bættur námsárangur stúlkna bitni á árangri drengja. Samkvæmt drengjaorðræðunni eru femínískar aðgerðir til hagsbóta fyrir stúlkur á kostnað drengja sem hljóta skaða af femínískum aðgerðum og of mikilli nálægð við konur. Drengjaorðræðan hefur einnig einkennst af hugmyndum um að „strákar verði alltaf strákar“, þeim sé því óeðlilegt að vera kvenlegir eða hommalegir en það sé hins vegar eðlilegur hluti þess að vera drengur að vera svolítið árásargjarn. Út frá áru kynjajafnréttis, sem felur í sér hugmyndir um að hér hafi kynjajafnrétti verið náð, má gera ráð fyrir að femínískar aðgerðir til að bæta stöðu stúlkna séu óþarfar þar sem jafnrétti ríki nú þegar og slíkar aðgerðir skaði því drengi. Áru kynjajafnréttis má einnig tengja drengjaorðræðunni að strákar verði alltaf strákar, þar sem sú orðræða felur einnig í sér að hér sé ekki þörf á aðgerðum gegn ofbeldi drengja heldur sé árásargirni eðlilegur hluti þess að vera strákur. Umfjöllun um ofbeldi í nánnum samböndum unglunga þar sem unglingsdrengir eru ofbeldismenn rímar afskaplega illa við drengjaorðræðuna og áru kynjajafnréttis með því að benda á að ofbeldið eigi sér stað og því ríki ekki kynjajafnrétti auk þess sem hún gagnrýnir fórnarlambsbirtingu drengjaorðræðunnar með því að gera unglingsdrengi ábyrga fyrir gjörðum sínum.

2.3 Skilgreiningar á kynferðisofbeldi og lagarammi

Ofbeldi getur talist kynbundið þegar í því birtist kerfisbundið valdamynstur, þar sem karlar eru oftast þeir sem beita því og konur oftast þær sem verða fyrir því (Walby, 1989; Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Ofbeldi karla gegn konum er söguleg birtingarmynd valdaójafnvægis kynjanna sem viðheldur undirokaðri stöðu kvenna samanborið við karla (Stenson, Claesson og Heimer, 2006). Ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis er kynferðisofbeldi. Kynferðisofbeldi er alheimsvandamál sem flestar þjóðir hafa reynt að kortleggja og sporna gegn en það er jafnframt það ofbeldi sem algengast er að konur verði fyrir (Haaland, Clausen og Schei, 2005; Krug, Mercy, Dahlberg og Zwi, 2002). WHO (2002) skilgreinir kynferðisofbeldi sem óvelkomnar kynferðislegar athafnir, athugasemdir, snertingu eða annað sem beinist að kynferði viðkomandi með þvingun, en þvinganir telur WHO ná yfir allt litróf valdbeitingar. Þar má sem dæmi nefna líkamlegt vald, andlega ógnun eða kúgun og hótanir.

Samkvæmt Stígamótum, grasrótarsamtökum gegn kynferðisofbeldi, er um kynferðisofbeldi að ræða þegar kynferðislegt sjálfræði einstaklings er ekki virt. Kynferðisofbeldi getur birst á fjölbreyttan hátt, til dæmis með því að mörk viðkomandi skekkist, brotapolí upplifi niðurlægingu, hótanir eða áreitni (Stígamót, e.d.-a). Önnur birtingarmynd kynferðisofbeldis er nauðgun, en Stígamót (e.d.-b) telja nauðgun fela í sér að „*einhver þrengir sér eða gerir tilraun til þess að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur*“. Í 194. grein almennra hegningarlaga 19/1940 er nauðgun skilgreind sem samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung. Í þeim skilningi er ekki gert ráð fyrir að ofbeldi geti verið beitt með þvingunum eða þrýstingi þar sem ofbeldi er aðeins talið ná yfir sviptingu á sjálfræði með innilokun, lyfjum eða sambærilegum hætti. Ragnheiður Bjarnadóttir (2006) telur að þegar til dæmis ógn, valdamunur og þrýstingur er hluti verknaðaraðferðar til að þvinga fram kynferðismök feli hún í sér hótun um ofbeldi og því sé næg ástæða í þeim málum til að dæma fyrir brot gegn 194. greininni, um nauðgun. Hún telur þannig nægilegt að hótun sé látin í ljós, án orða, með látbragði eða að hún liggja í aðstæðum, sem ekki virðist vera raunin í íslensku réttarkerfi (Almenn hegningarlög nr. 19/1940; Þingskjal nr. 20/2006-2007. Frumvarp til laga.) Brynhildur G. Flóvenz (2009) hefur gert það að umtalsefni sínu að ofbeldi í nánnum samböndum sé flókið og kynbundið fyrirbæri en ekki einstakar tilfallandi líkamsmeiðingar sem falla undir greinar 217 og 218 í almennum hegningarlögum, líkt og gjarnan virðist talið, og því sé þörf á sérstakri löggjöf um ofbeldi í nánnum samböndum.

Í skýrslu samráðshóps forsætisráðherra (2013) um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn, kemur eftirfarandi fram um lagaramma kynferðisbrota:

Þrátt fyrir að kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga hafi tekið nauðsynlegum breytingum nær réttarkerfið aðeins að hluta til utan um þau kynferðisbrot sem eiga sér stað á Íslandi. Þannig er fjöldi fólks sem hefur leitað sér aðstoðar vegna afleiðinga kynferðisofbeldis mun hærri en þær kærur og tilkynningar sem koma inn á borð lögreglu eða barnaverndaryfirvalda. Þá er aðeins hluti þessara mála sem ratar í gegnum allt réttarkerfið (Forsætisráðuneyti, 2013: 13).

Ofangreind umfjöllun bendir til þess að stjórnvöld séu meðvituð um að réttarkerfið nái aðeins utan um hluta kynferðisbrota. Það sem einkenndi þau mál sem vísað var til ríkissaksóknara eftir rannsókn lögreglu á árunum 2008 og 2009 var að sakborningar voru oftast erlendir, málum var einnig oftast vísað til ríkissaksóknara ef brotapolí hafði veitt líkamlega mótspyrnu eða hlotið áverka. Hins vegar komu fleiri mál inn á borð lögreglu þar sem ofbeldismaðurinn var fyrrverandi eða núverandi kærasti eða sambýlismaður brotapóla (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Þetta styður við mýtuna um „alvöru nauðgun“ sem felur í sér að ofbeldismaðurinn sé ókunnugur og ráðist að brotapolá með líkamlegu ofbeldi um miðja nótt (Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014; Kelly, 2001). Þrátt fyrir að slíkt eigi sér vissulega stað, líkt og þau mál sem lögregla vísar oftast til ríkissaksóknara sýna, eru þau einungis lítil hluti af heildarfjölda nauðgana (Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014; Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013; Kelly, 2001; Plauborg o.fl., 2012; Stígamót, 2016).

Stenson, Claesson og Heimer (2006) benda á að langdregin málaferli geri brotapolum erfiðara fyrir í úrvinnslu. Þegar málaferlum lýkur með því að ofbeldismaðurinn fær ekki dóm fær brotapolí ekki heldur staðfestingu á að ofbeldið sé ekki liðið í samfélaginu. Brotapolar geta því upplifað endurtekið áfall við viðbrögð réttarkerfisins og upplifað að lítið sé gert úr reynslu þeirra og hún normalíseruð (Anna Bentína Hermansen, 2010; Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014; Walby, 1989). Gyða Margrét Pétursdóttir (2015) bendir á að þegar ekki er tekið mark á upplifun brotapóla og sjónarmið hins brotlega vegin meira skapi það óþolendavænt umhverfi og viðhaldi ríkjandi kynjakerfi. Hún segir auk þess að þar sem við lifum innan kynjakerfis sem er meðal annars viðhaldið af félagatengslum karla í áhrifastöðum og samtvinnum tengslanetum þeirra, reynist samfélaginu erfitt að takast á við og binda enda á kynferðisofbeldi.

Kynferðisbrot gegn börnum, sem unglingar eru samkvæmt lögum til 18 ára aldurs, falla yfirleitt undir greinar 200-202 í almennum hegningarlögum 19/1940. Í 202. grein hegningarlaganna kemur fram að lækka megi refsingu eða láta hana niður falla ef brotapolí og gerandi séu á svipuðum aldri og þroskastigi. Í þingskjali nr. 20/2006-2007 er mælt gegn því að kynferðislegur lágmarksaldur samkvæmt hegningarlögum sé hækkaður úr 14 ára í 16 ára. Þær ástæður sem gefnar eru upp fyrir því eru meðal annars að verið sé að taka tillit til ungra pilta í samböndum:

Ef lágmarksaldurinn væri 16 ár væri unnt að ákæra rúmlega 16 ára pilt fyrir að hafa samræði við tæplega 16 ára kærustu sína. Slík aðstaða er ekki viðunandi og getur haft óheppilegar afleiðingar, t.d. hótun um kæru frá foreldrum stúlku sem ekki sætta sig við samband hennar við piltinn (Þingskjal 20/2006-2007. Frumvarp til laga: 29).

Áhugavert er að það virðist talin ástæða til að vernda unglingspilta fyrir því að vera ákærðir fyrir að hafa samræði við kærustur sínar eða fá hótun um slíka kæru en ekki virðist talin ástæða til að gera neinar sérstakar varúðarráðstafanir í lögum fyrir stúlkur sem verða fyrir kynferðisofbeldi í slíkum samböndum. Þetta gerir það að verkum að sú sérstaka vernd sem kveðið er á um fyrir börn og unglinga í kynferðisafbrotakafli almennra hegningarlaga 19/1940 virðist ekki gilda þegar um kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglinga er að ræða nema aldursmunurinn sé mikill. Í sama frumvarpi virðist hins vegar ástæða til að taka fram að makar eigi að njóta fullkominnar réttarverndar varðandi sjálfsákvörðunarrétt sinn í kynlífi. Auk þess skuli virða til þyngingar á refsingu þegar sá brotlegi sé nákominn þeim brotlega og sú tengsl hafi aukið á grófleika brotsins.

2.3.1 Ofbeldi í nánum samböndum

Hegðun innan náins sambands sem veldur þeim sem í sambandinu eru kynferðislegum, líkamlegum eða andlegum skaða telja Krug o.fl. (2002) ofbeldi í nánu sambandi. Ólíkar birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum virðast oft fylgjast að og þannig virðist kynferðisofbeldi í nánum samböndum til að mynda oft fylgja andlegu og líkamlegu ofbeldi þrátt fyrir að það sé ekki algilt (Krug o.fl., 2002; Stenson o.fl., 2006). Samtök um kvennaathvarf (2015) taka fram að ofbeldi í nánum samböndum sé kynbundið ofbeldi, með því að tiltaka ofbeldið sérstaklega sem kynbundið er gerð grein fyrir því að í yfirgnæfandi meirihluta tilfella er um ofbeldi karla gegn konum að ræða, þó svo að karlar verði vissulega einnig fyrir ofbeldi í nánum samböndum og konur geti vissulega beitt því. Samtök um kvennaathvarf benda á þátt stjórnunar og þvingana í ofbeldi í nánum samböndum og taka auk þess fram að þar sem brotþoli og ofbeldismaður tengist nánum böndum geti reynst brotþola erfiðara en ella að slíta tengslum við ofbeldismanninn.

Rannsókn Elísabetar Karlsdóttur og Ásdísar A. Arnalds (2010) leiddi í ljós að 22% íslenskra kvenna á aldrinum 18 til 80 ára, höfðu verið beittar ofbeldi í nánu sambandi, það er af fyrrverandi eða núverandi eiginmanni, sambýlismanni eða kærasta. Rúm 6% íslenskra kvenna höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi í sambandi en hafa ber í huga að eingöngu konur eldri en 18 ára voru með í rannsókninni og einungis var spurt um reynslu frá 16 ára aldri. Þannig að reynsla stúlkna undir 18 ára aldri og upplifun kvenna af ofbeldi í sambandi fyrir 16 ára aldur er ekki meðtalin. Í ársskýrslu Stígamóta (2016) úr komuskýrslum þeirra brotþola sem komu í viðtalsmeðferð þangað vegna kynferðisofbeldis árið 2015 kemur fram að í 11,1% tilfella var ofbeldismaður maki brotþola auk þess sem 17,1% nauðgana voru framdar af

maka viðkomandi. Gögn Stígamóta gefa einnig sterkt til kynna að mýtan um að konur séu í mestri hættu að verða fyrir kynferðisofbeldi frá ókunnugum aðilum eigi ekki við rök að styðjast.

Eva Lundgren (2012) hefur sett fram fræðilegt líkan um ferli normalísingar hjá brotapolum ofbeldis í nánnum samböndum og telur þrjú lykilatriði eiga þátt í þeirri normalísingu. Í fyrsta lagi telur hún algengt að ofbeldi í nánnum samböndum þróist og upplifun brotápola verði að ofbeldið sé venjulegur og eðlilegur hluti sambandsins þar sem mörk brotápola færast og eyðast með tímanum. Í öðru lagi telur Lundgren útskýringar á ofbeldinu einkennast af því að þær hafi lítið að gera með ofbeldismanninn sjálfan heldur séu þær færðar yfir á brotapolann eða aðstæður í umhverfinu. Í þriðja lagi geta brotápolur ofbeldis farið að taka yfir sýn ofbeldismannsins á ofbeldið, innhverfa ábyrgð ofbeldisins og beita sig sjálfsafbeldi og niðurrifi. Innhverfingu á ofbeldinu telur hún eina hættulegustu afleiðingu ofbeldis í samböndum. Ofbeldi í nánnum samböndum er ekki engöngu normalísierað innan sambandsins heldur telur Lundgren samfélagið einnig eiga þátt í þeirri normalísingu með útskýringum, skilningi og réttlætningum á hegðun ofbeldismannsins. Hún bendir á að með því að kasta fram háum tölum um tíðni ofbeldis og leggja áherslu á tölfræði í opinberri umfjöllun, sé ofbeldi í nánnum samböndum normalísierað. Þetta telur hún eiga sér stað meðal fjölmiðla, innan réttarkerfisins sem og fræðanna.

Kenningar Lundgren um normalísingarferli bæði innan ofbeldissambanda og í samfélaginu almennt, undirstrika það sem hefur endurtekið komið fram í fræðilegri umfjöllun um ofbeldissambönd þ.e. að ofbeldi í nánnum samböndum á sér ekki stað í samfélagslegu tómarúmi (Barter o.fl., 2009; Lundgren, 2012; Plauborg o.fl., 2012; Wiklund o.fl., 2010). Með aukinni umræðu um ofbeldi í nánnum samböndum hefur orðið auðveldara að ræða líkamlegt ofbeldi í nánnum samböndum en kynferðisofbeldi í nánnum samböndum virðist hins vegar hafa haldist dulið og þá sérstaklega meðal yngri kvenna. Það á bæði við í samfélaginu í heild og meðal kvennanna sjálfra þar sem þær eiga oft erfitt með að skilgreina reynsluna sem ofbeldi (Lundgren, 2012).

2.3.2 Úrræðaleysi í tengslum við ofbeldi í nánnum samböndum unglinga

Ofbeldi í nánnum samböndum unglinga er dæmi um kynbundið ofbeldi og áhrif þess á brotápola koma oft sterkt fram þegar ofbeldið er sett í samhengi við kynjað valdaójafnvægi í sambandinu og samfélaginu almennt (Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012). Rannsóknir sýna að unglingsstúlkur eru sérstaklega líklegar til að verða fyrir ofbeldi, og þá einna helst kynferðisofbeldi, og að ungir karlar á aldrinum 15 til 24 ára eru mikill meirihluti þeirra sem beita ofbeldi. Það gefur til kynna að unglingsstúlkur og -drengir séu hópar sem þurfi sérstaka athygli þegar kemur að ofbeldi í nánnum samböndum. Samt sem áður fær ofbeldi í nánnum

samböndum unglunga litla athygli í fræðunum og almennri umræðu (Gottzén og Korkmaz, 2013; Haaland o.fl., 2005; Krug o.fl., 2002; Ungdomsstyrelsen, 2013; World Health Organization, 2014).

Samkvæmt sænskri umfjöllun um unglunga og ofbeldi virðist full ástæða til að áætla að stór hluti þess ofbeldis sem unglingar standa frammi fyrir komi ekki fram í opinberri tölfræði og gögnum um glæpi. Þar er gert ráð fyrir að ofbeldi og þá sérstaklega kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglunga séu stór hluti þessara földu mála (Ungdomsstyrelsen, 2013).

Þrátt fyrir að oft virðist sérstaklega hugsað að stöðu barna á heimilum þar sem ofbeldi í nánnum samböndum á sér stað, bendir allt til þess að slíkt eigi ekki við þegar unglingsstúlkur og unglingsdrengir eru sjálf brotapolar og ofbeldismenn í slíkum samböndum, þrátt fyrir að þau séu mörg hver enn börn (Forsætisráðuneyti, 2013; Guðrún Helga Sederholm, 2010; Jafnréttisþing, 2015; Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis, 2006).

Lítið er um rannsóknir sem fjalla um ofbeldi í nánnum samböndum unglunga og algengt er að umfjöllun um kynferðisofbeldi komi aðeins fram sem einn þáttur af þremur í stærri rannsóknum sem kortleggja andlegt, líkamleg og kynferðislegt ofbeldi í nánnum samböndum unglunga. Barter, McCarry, Berridge og Evans (2009) gerðu rannsókn í Bretlandi á ofbeldi í nánnum samböndum unglunga þar sem notast var við svör 1.353 unglunga við meginlegri spurningakönnun og 91 eigindlegt viðtal. Niðurstöður þeirra sýndu til dæmis fram á að 31% stúlkna og 16% drengja höfðu upplifað kynferðisofbeldi í nánu sambandi. Þau telja lítið vitað í Bretlandi um ofbeldi í nánnum samböndum unglunga þar sem efnið hafi verið rannsakað mun minna en til dæmis stefnumóta ofbeldi (e. *dating violence*) í Bandaríkjunum. Þessi skortur á rannsóknum sem Barter og félagar nefna virðist einnig vera raunin á Norðurlöndunum. Plauborg, Johansen og Helweg-Larsen (2012) hafa líkt og Barter og félagar framkvæmt rannsókn sem kortlagði andlegt, líkamlegt og kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglunga. Þeirra rannsókn var framkvæmd í Danmörku og notast við svör 2.780 ungmenna á aldrinum 16 til 24 ára við spurningakönnun og fjögur kynjaskipt rýnihópaviðtöl við 14 stúlkur og 10 drengi í menntaskóla. Niðurstöður þeirra voru að 2,7% stúlkna og 1,5% drengja höfðu upplifað kynferðisofbeldi í nánu sambandi. Áhugavert er hve mikill munur er milli rannsóknanna á hlutfalli unglingsstúlkna og -drengja sem upplifað hafa kynferðisofbeldi í nánu sambandi. Því má velja því upp hvort menningarmunur þeirra landa sem rannsóknirnar voru framkvæmdar í geti átt þátt í því eða jafnvel ólíkt orðalag spurninga sem mátu upplifun af kynferðisofbeldi í nánu sambandi. Plauborg o.fl. (2012), Barter o.fl. (2009) og Gottzén og Korkmaz (2013) eru sammála um að gera verði greinarmun í fræðunum á stefnumótum sem vísað er til í bandarískum rannsóknum og nánnum samböndum, þar sem stefnumótar hugtakið nái engan veginn utan um margslungin og nán sambönd ungmenna í Bretlandi og á Norðurlöndunum.

Normalisering á ofbeldinu virðist auk þess áberandi sterk í ofbeldissamböndum unglunga og birtist til dæmis í niðurbroti, stjórnun og heilapvotti. Í bland við minnkað lífsrými vegna ofbeldis og einangrunar hafa brotapolar oft og tíðum litla sem enga fyrri reynslu af samböndum og eiga því jafnvel erfiðara en ella með að bera kennsl á hvað er ásættanleg eða eðlileg hegðun í sambandi og hvað ekki. Ákveðin normalisering á þrýstingi og þvingunum í nánnum samböndum virðist einnig eiga sér stað í félagahópum unglunga sem getur átt þátt í að skekkja mörk og skilgreiningar unglunga á kynbundnu ofbeldi (Plauborg o.fl., 2012; Wiklund o.fl., 2010).

Wiklund o.fl. (2010) notuðust við reynslu tveggja sænskra unglingsstúlkna af því að lifa við ofbeldi í nánnum sambandi við sín greinaskrif. Í greininni kemur meðal annars fram að hluti félagslegrar berskjöldunar unglingsstúlkanna hafi falist í því að upplifun af ofbeldi í nánnum sambandi fari gegn hugmyndum um að kynjajafnrétti ríki í samfélaginu. Þær telja jafnframt að það geti valdið brotapolum pirringi, skömm, örvæntingu og reiði þegar ára kynjajafnréttis hrynur með raunveruleika sem inniheldur kynbundið ofbeldi frá nýrri kynslóð sem samkvæmt áru kynjajafnréttis er jafnréttissinnuð. Berskjöldun eins og orðið er notað í þessari ritgerð felur í sér að einstaklingar séu móttækilegri fyrir skaðlegum áhrifum, upplifunum eða reynslu. Það þarf þó ekki að þýða að viðkomandi sé varnarlaus heldur getur berskjöldun og verndandi þættir verið til samhliða.

Berskjaldandi þættir tengdir því að upplifa ofbeldi í sambandi sem unglingur fela einnig í sér fyrra ofbeldi á borð við einelti, kynferðisofbeldi eða ofbeldi í sambandi foreldra, uppreisn á unglingsárum og mikinn aldursmun í sambandinu (Barter o.fl., 2009; Haaland o.fl., 2005; Plauborg o.fl., 2012; Toscano, 2014; Vezina og Hebert, 2007; Wiklund o.fl., 2010). Búseta á landsbyggðinni hefur einnig komið fram sem berskjaldandi þáttur í því að verða fyrir ofbeldi í sambandi sem unglingur og þá sérstaklega kynferðisofbeldi í nánnum sambandi. Ástæður þess eru taldar vera að íhaldsömum hugmyndum um kynhlutverk og valdamisræmi kynjanna sé frekar viðhaldið á landsbyggðinni auk þess sem meiri líkur séu á félagslegri einangrun og skertri þjónustu (Barter o.fl., 2009; Vezina og Hebert, 2007).

Með auknum tækniframförum má gera ráð fyrir nýjum birtingarmyndum á ofbeldi í nánnum samböndum unglunga og má þá til að mynda nefna snapchat og hrelliklám, þar sem færst virðist hafa í vöxt að unglingsdrengir taki myndir af nöktum kærustum sínum eða við samfarir og sendi áfram án leyfis viðkomandi eða nýti jafnvel til kúgunar (Barter o.fl., 2009; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015).

2.4 Afleiðingar

Það þykir orðið nokkuð ljóst að upplifun af kynferðisofbeldi fylgja margþættar afleiðingar sem geta fylgt brotapolu ævina á enda. Auk mikillar vanlíðunar, andlegra kvilla á borð við

punglyndi og kvíða, margvíslegra líkamlegra afleiðinga, geðræns vanda og erfiðleika með traust og kynlíf eru brotápolur kynferðisofbeldis berskjaldaðari fyrir því að verða fyrir endurteknu ofbeldi (Anna Bentína Hermansen, 2010; Haaland o.fl., 2005; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007; Stígamót, 2016; Særún Ómarsdóttir, 2014).

Bæði Sigrún Sigurðardóttir (2007; 2009) og Sigríður Hrönn Bjarnadóttir (2012; 2014) hafa fjallað um afleiðingar kynferðisofbeldis og leggja báðar áherslu á að afleiðingarnar hafi verið langvarandi og áberandi hluti af lífi viðmælenda þeirra. Báðar framkvæmdu þær eigindlegar rannsóknir þar sem þær tóku annars vegar 14 og hins vegar 15 viðtöl, Sigrún við sjö konur og Sigríður Hrönn átta. Með því að tala um langvarandi afleiðingar er átt við þær afleiðingar sem brotápoli glímir enn við tveimur árum eftir að ofbeldinu lýkur og geta fylgt honum út lífið (Særún Ómarsdóttir, 2014). Þrátt fyrir að Sigrún og Sigríður Hrönn geri báðar grein fyrir margslungnum langvarandi líkamlegum afleiðingum ofbeldisins taka þær fram að það hafi reynst viðmælendum þeirra erfiðara að takast á við langvarandi andlegar afleiðingar þess og að þær hafi sett stærra mark á líf þeirra (Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007). Langvarandi andlegar afleiðingar kynferðisofbeldis eru til að mynda punglyndi, kvíði, óöryggi, sjálfsskaðandi hegðun og hugsun auk þess sem brotápolur eiga gjarnan í erfiðleikum með kynlíf og traust (Anna Bentína Hermansen, 2010; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007; Stígamót, 2016; Særún Ómarsdóttir, 2014; Wiklund o.fl., 2010). Meðal afleiðinga kynferðisofbeldis er einnig fíknivandi með áfengi, eiturylf og mat. Þrátt fyrir að það séu alls ekki allir brotápolur ofbeldis sem leita í áfengi og fíkniefni virðist mikill meirihluti þeirra kvenna sem eiga við fíknivanda að stríða vera brotápolur ofbeldis og áföll og ofbeldi virðast vera algengustu ástæður þess að konur leita í áfengi og eiturylf (Anna Bentína Hermansen, 2010; Covington, Burke, Keaton og Norcott, 2008). Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að afleiðingar kynferðisofbeldis geta komið fram í erfiðleikum við að tengjast börnum sínum, áhyggjum um að reynsla þeirra og afleiðingar af henni hefðu áhrif á börn og jafnvel næstu kynslóðir. Þá hafa einnig komið fram þau sjónarmið að börnin verði haldreipið í lífinu (Anna Bentína Hermansen, 2010; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007)

Kynjað valdamisræmi er sérstaklega skýrt meðal unglinga og rannsóknum ber saman um að algengara sé að stúlkur verði fyrir ofbeldi í nánum samböndum en drengir og að þær séu einnig líklegri til þess að verða fyrir endurteknu ofbeldi. Ofbeldið virðist auk þess hafa mun meiri áhrif á líðan og heilsu stúlkna en drengja. Það má tengja þeim samfélagsþrýstingi sem stúlkur virðast upplifa til að vera í samböndum og að samfélagslegt samþykki sem fylgi því geti vegið upp á móti viljanum til að fara úr ofbeldissambandi (Barter o.fl., 2009; Gottzén og Korkmaz, 2013; Plauborg o.fl., 2012; Wiklund o.fl., 2010). Í rannsókn Plauborg o.fl. (2012) kom fram að bæði unglingsstúlkum og -drengjum þótti kynferðisofbeldi frábrugðið andlegu og

líkamlegu ofbeldi þar sem það á sér stað innan þess nána sviðs sem gerir kærustu sambandið náíð og sérstakt. Það getur verið ástæða þess að Barter o.fl. (2009) hafa sýnt fram á að samanborið við aðrar birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum unglunga var kynferðisofbeldi tengt hæsta hlutfalli neikvæðra afleiðinga á brotapolu.

Barter o.fl. (2009) taka fram að mun algengara sé að kynferðisofbeldi í samböndum sé beitt með þrýstingi en líkamlegu valdi eða þvingunum. Lítil hópur stúlkna í rannsókn þeirra hafði verið neyddur til kynferðisathafnameð líkamlegu valdi og virtist slíkt þá frekar tengjast einu afmörkuðu skipti. Mun stærri hópur stúlkna hafði hins vegar upplifað endurtekið þrýstingsmynstur til kynlífs þar sem þrýstingur tengdur kynlífi jókst og varð ákafari eftir því sem leið á sambandið. Unglingsstúlkurnar áttu margar erfitt með að koma orðum að því hvað þær höfðu upplifað sem er ein birtingarmynd þess að eiga erfitt með að koma auga á reynsluna. Engin unglingsstúlkanna í rannsókn Barter o.fl. (2009) skilgreindi það kynferðisofbeldi sem þær höfðu upplifað sem nauðgun en ástæður þess eru trúlega að kynferðisofbeldið var oft samtvinnað öðru ofbeldi í sambandinu, valdamun og stjórnun. Barter og félagar telja þrýsting til kynferðisathafna í einhverjum tilfellum geta verið skaðlegri til lengri tíma lítið en líkamlegar þvinganir og kalla því eftir aukinni meðvitund meðal sérfræðinga: „Fræðimenn verða að viðurkenna að áhrif þrýstings til kynferðisathafna geta verið eins skaðandi og aðrar gerðir kynferðisofbeldis.“ (Barter o.fl., 2009: 103, mín þýðing)¹. Stúlkurnar í rannsókn þeirra töluðu margar um að „gefa eftir“ og upplifðu í kjölfarið skömm og ábyrgð sem hafði langvarandi og alvarlegar afleiðingar á líðan þeirra. Ef stúlkurnar upplifðu einnig kynlíf með upplýstu samþykki sem var ánægjulegt samhliða því að upplifa kynferðisofbeldi í sambandinu gerði það þeim afar erfitt fyrir að koma auga á og vinna með reynslu sína (Barter o.fl., 2009). Auk þess virðist kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglunga hafa neikvæð áhrif á traust brotapolu, líkamsímynd, kynverund, samband við vini, nán sambönd og framtíðarsýn (Wiklund o.fl., 2010).

Niðurstöður um afleiðingar ofbeldis í nánnum samböndum unglunga eru í samræmi við þær rannsóknir og niðurstöður sem þegar hafa verið birtar um afleiðingar ofbeldis í nánnum samböndum (Barter o.fl., 2009; Gottzén og Korkmaz, 2013; Plauborg o.fl., 2012; Ungdomsstyrelsen, 2013; Wiklund o.fl., 2010). Sérstaða afleiðinga kynferðisofbeldis í nánnum samböndum unglunga virðist hins vegar einna helst liggja í því að það sé jafnvel líklegra til að valda neikvæðum afleiðingum en andlegt og líkamlegt ofbeldi í nánnum samböndum. Þrýstingur og þvinganir í bland við ungan aldur virðist einnig geta gert brotapolum, sem í flestum tilfellum eru unglingsstúlkur, afar erfitt fyrir að gera sér grein fyrir að um ofbeldi sé að ræða.

¹ “Professionals need to recognise that the impact of sexual pressure can be as damaging as other forms of sexual violence.”

2.5 Úrvinnsla

Þrátt fyrir að rannsóknum á upplifun brotþola af kynferðisofbeldi fjölgi sífellt virðist minna framkvæmt af rannsóknum um hvernig brotþolar vinna úr reynslu sinni og hvaða aðstoð þeir nýta sér.

Unglingsstúlkur sem eru brotþolar ofbeldis í nánnum samböndum, og þá einna helst kynferðisofbeldis, virðast falla á milli flokka héraendis þar sem skortur er á þjónustu sem miðar sérstaklega að reynslu þeirra. Það sést til að mynda á því að Kvennaathvarfið, sem ætlað er konum sem hafa upplifað ofbeldi í nánnum sambandi (og væri því kannski nærtækast að unglingsstúlkur með slíka reynslu gætu leitað til), greinir frá því að stöku sinnum séu stúlkur undir 18 ára aldri teknar í viðtöl með samþykki forráðamanna þeirra en þær eru þá skráðar í viðtalsskýrslur sem konur eldri en 18 ára. Komi þær í dvöl í Kvennaathvarfið vegna ofbeldisins verða þær að koma með mæðrum sínum og eru þá skráðar í viðtalsskýrslur sem börn (Samtök um kvennaathvarf, 2015). Gera má ráð fyrir að ástæður þess að ekki er búinn til sérstakur flokkur í komuskýrslum sem ætlaður er unglingsstúlkum liggja í því að þær eru ekki orðnar sjálfráða og því er þörf á leyfi foreldra fyrir dvöl. Þetta gerir það hins vegar að verkum að upplýsingum um ofbeldi í nánnum samböndum unglunga er ekki safnað. Stígamót, sem sérhæfa sig í þjónustu við konur sem upplifað hafa kynferðisofbeldi, fá ekki börn og unglunga í viðtöl fyrr en að mál þeirra hafa verið afgreidd hjá barnaverndaryfirvöldum. Þeir bæklingar sem Stígamót bjóða upp á til fræðslu taka fyrir nauðganir, sífjaspell, kynferðislega áreitni, vændi og klám og því má gera ráð fyrir að þeir falli ekki að reynslu þeirra kvenna eða unglingsstúlkna sem upplifað hafa kynferðisofbeldi í nánnum sambandi en hafa jafnvel ekki skilgreint reynsluna sem nauðgun (Stígamót, e.d.-a). Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi, halda ekki út virkri heimasíðu en á Facebooksíðu þeirra er ekki gert sérstaklega ráð fyrir að þjónusta þeirra snúi að unglings brotþolum kynferðisofbeldis í nánnum samböndum, þrátt fyrir að það sé heldur ekkert sem mælir gegn því að þjónustan snúi að þeim (Aflið, e.d.). Sólstafir á Ísafirði eru systursamtök Stígamóta og hafa einnig unnið í samstarfi við Aflið á Akureyri. Hjá Sólstöfum virðist líkt og hjá Aflinu, ekki gert sérstaklega ráð fyrir að þjónusta þeirra snúi að unglungum sem hafa upplifað kynferðisofbeldi í nánnum samböndum en ekki er heldur neitt sem mælir gegn því (Harpa Oddbjörnsdóttir, 2015).

Á heimasíðu Drekaslóðar, fræðslu- og þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur alskyns ofbeldis og aðstandendur þeirra, kemur fram að þjónusta Drekaslóðar sé meðal annars ætluð öllum sem beittir hafa verið ofbeldi í parsambandi. Unglingar ættu því að geta nýtt sér þjónustu þeirra. Það er hins vegar ekkert tekið fram sérstaklega um þjónustu við unglunga og ekki virðist gert ráð fyrir sérstöðu unglunga í umfjöllun Drekaslóðar um heimilisofbeldi (Drekaslóð, e.d.). Þjónusta Drekaslóðar er þar að auki ekki gjaldfrjáls og má því gera ráð fyrir að það geti

reynst unglíngum erfitt að leita þangað, því þeir hafa almennt ekki miklar tekjur og eiga ekki endilega allir foreldra sem eru í stakk búnir til að aðstoða þá fjárhagslega.

Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. Þar fara fram skýrslutökur fyrir dómi, könnunarviðtöl, sérhæfðar greiningar, meðferðir, læknisskoðanir, ráðgjöf og fræðsla. Starfsemi Barnahúss virðist þó frekar sniðin að reynslu yngri barna og ekki er að finna efni á heimasíðu þess þar sem fjallað er sérstaklega um unglínga eða ofbeldi í nánnum samböndum þeirra (Barnaverndarstofa, e.d.).

Það virðist einnig vera skortur á þjónustu fyrir unglínga sem beita kynferðisofbeldi í nánnum samböndum. Það sést til að mynda í eftirfarandi orðum úr lagafrumvarpi frá árinu 2007: „*Hins vegar er ekki til nein sérhæfð meðferð fyrir unga gerendur hér á landi og þyrfti að huga að því hvort rök séu til þess að taka upp slíka meðferð og hvar ætti að finna henni stað.*“ (Þingskjal nr 20/2006-2007. Frumvarp til laga: 29). Þetta gefur til kynna að vandinn sé ljós og nú þurfi að ganga úr skugga um að þörf sé á að taka upp slíka meðferð og þá hvernig sé best að útfæra hana.

Wiklund o.fl (2010) hafa sýnt fram á að hæfni og aðferðir brotþola til að lifa af geti verið aðstæðubundnar, tengdar félagslegu samhengi þeirra og farið eftir þáttum eins og viðbrögðum ofbeldismannsins eða kærastans, heilsuástandi þeirra, viðhorfum samfélagsins og aðgengi að úrvinnsluþjónustu, en úrvinnsluþjónusta er samheiti yfir þá þjónustu sem er til þess ætluð að aðstoða fólk við að vinna úr andlegum vanda. Mikil ásókn hérlendis í stuðningsúrræði fyrir brotþola gefur til kynna sterka þörf fyrir þau úrræði og að þau henti brotþolum oft vel (Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014; Guðrún Helga Sederholm, 2010). Rannsókn Sigrúnar Sigurðardóttur (2007; 2009) sýndi fram á að viðmælendum hennar fannst þeir ekki fá viðeigandi aðstoð frá heilbrigðiskerfinu þegar þeir leituðu þangað en nóg af lyfjum. Guðrún Helga Sederholm fræðslu- og skólafélagsráðgjafi (2010) tók saman þjónustu 11 félagasamtaka við konur sem beittar hafa verið ofbeldi í nánnum samböndum og sýndi fram á að þjónusta við brotþola er mest á höfuðborgarsvæðinu og sem dæmi um skerta þjónustu við íbúa landsbyggðarinnar má nefna að Stígamót hafa þurft að leggja niður starfsemi á sex stöðum á landsbyggðinni vegna fjárskorts. Guðrún Helga bendir einnig á að aðeins eitt kvennaathvarf sé á landinu og það sé staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Krístrún Helga Ólafsdóttir og Freydís Jóna Freysteinsdóttir benda á að brotþolar kynferðisofbeldis sem eru búsettir á landsbyggðinni búi við takmarkaða aðstöðu vegna vegalengda og samgangna en oft er einnig mikill kostnaður og langir biðlistar sem fylgja því að leita til sálfræðinga eða lækna. Niðurstöður Krístrúnar Helgu og Freydísar Jónu sýndu að það var brotþolum kynferðisofbeldis mikilvægt að geta unnið úr reynslu sinni í heimabyggð, óháð efnahag og á jafningjagrundvelli. Þær taka jafnframt fram að: „*[þ]au sjónarmið að jafnræði ríki*

með þegnum landsins kalla á að þolendur kynferðisofbeldis geti leitað aðstoðar óháð búsetu“ (2012:7). Guðrún Helga Sederholm (2010) benti einnig á að þjónustu við faltaðar, aldraðar og erlendar konur sem upplifað hafa ofbeldi í nánu sambandi væri afar ábótavant.

Wiklund o.fl. (2010) sögðu úrvinnslu viðmælenda sinna einna helst hafa falist í þeirra eigin styrk og að þær sjálfar, með hjálp vina og vandamanna, hafi fundið leiðir til að lifa með afleiðingunum sem fól í sér meðvitund og þrautseigju. Stuðningur fjölskyldu og vina getur verið brotapolum afar miklvægur við úrvinnslu erfiðleika, sérstaklega þegar formleg úrvinnsluþjónusta bregst (Magnhildur Björk Gísladóttir, 2013; Wiklund o.fl., 2010). Hins vegar getur úrvinnsla brotþola einnig dregist á langinn vegna skorts á stuðningi og öryggi frá nærumhverfi og samfélagi (Wiklund o.fl., 2010).

Afar lágt hlutfall brotþola ofbeldis í samböndum á unglingsaldri virðist leita sér formlegrar aðstoðar til að vinna úr andlegum afleiðingum reynslunnar (Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012; Wiklund o.fl., 2010). Enn minni líkur eru á því að unglingsstúlkur segi frá ofbeldinu og leiti sér hjálpar eftir því sem þær eru yngri (Gottzén og Korkmaz, 2013)..

Í rannsókn Barter o.fl. (2009) sem framkvæmd var í Bretlandi kom fram að þær unglingsstúlkur sem tóku af skarið og sögðu frá því ofbeldi sem þær upplifðu í nánu sambandi virtust einna helst segja vinum sínum frá því. Þær lýstu gjarnan áhyggjum af því að vera ekki trúað, að tekið yrði fram fyrir hendurnar á þeim í ákvarðanatöku um eigið líf auk þess sem sumar höfðu áhyggjur af viðbrögðum foreldra sinna. Það voru því fáar sem ræddu við foreldra sína um reynsluna og enn færri sem ræddu við fullorðna sérfræðinga.

Úrvinnsluferlið virðist ekki bein lína til bata heldur öldudalur og endalaus barátta. Afleiðingarnar geta þannig birst brotapolum sem varanlegur skaði sem þeir þurfa að læra að lifa með (Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2009; Wiklund o.fl., 2010). Eigin styrkur brotþola og vilji til að vinna með reynsluna gefur til kynna seiglu og birtist til að mynda í því að þeir sækja sér sjálfir aðstoð grasrótarsamtaka eftir að hafa upplifað takmarkaðan stuðning frá heilbrigðiskerfinu eða leiti annarra óhefðbundinna leiða (Sigrún Sigurðardóttir, 2007; Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2009).

2.6 Mikilvægi kynfræðslu

Þrátt fyrir að aukinn hluti forvarnarefnis fyrir unglunga taki fyrir ofbeldi er lítil hluti þess sem fjallar sérstaklega um ofbeldi í nánum samböndun (Krug o.fl., 2002). Fjöldi rannsakanda hefur bent á mikla þörf fyrir aukna kynfræðslu og jafnréttisfræðslu í skólum og þá sérstaklega fræðslu um samskipti, sambönd, klám, kynhlutverk, þvinganir, mörk og ofbeldi (Barter o.fl., 2009; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Krug o.fl., 2002; Plauborg o.fl., 2012; Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014; Vezina og Hebert, 2007). Auk þess virðast unglingar sjálfir kalla eftir

meiri fræðslu (Barter o.fl., 2009; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014).

Rósa Björk Bergþórsdóttir hefur fjallað um kynfræðslu í grunnskólum og bent á fræðsluskort. Hún tengir kynbundið ofbeldi við aðgerðaleyfi ríkisvaldsins:

Í þessu samhengi er hægt að benda á fræðslu um ofbeldi sem ríkisvaldið sinnir ekki sem skyldi og er það dæmi um vanrækslu ríkisvaldsins sem hefur í för með sér að kerfið allt, kynjakerfið, viðheldur kynbundnu ofbeldi innan samfélagsins í stað þess að reyna að sporna gegn því (Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014, bls. 23).

Rósa Björk telur ástæður þess að ekki sé meiri áhersla lögð á kynfræðslu í 6. og 7. bekk geta falist í því að málefnið þyki ekki nægilega mikilvægt innan menntakerfisins og því sé það á ábyrgð kennara og undir áhuga þeirra komið hvort þeir sinni fræðslunni nægilega sem ekki virðist raunin. Jóna Ingibjörg Jónsdóttir (2009) hefur í tengslum við það bent á að það sé grundvallaratriði að þeir sem sinni kynfræðslu hafi fengið viðeigandi fræðslu og þjálfun í þeim efnum sjálfir. Kennarar virðast hins vegar ekki fá þá fræðslu og þjálfun sem þurfa þykir til að sinna slíkri fræðslu. Það sést til að mynda í því að kynjajafnréttisfræðsla er ekki skyldufag fyrir kennaranema og ákveðið áhugaleyfi og skortur á samfelli virðist ríkja þegar kemur að kynjajafnrétti í kennaramenntun (Eygló Árnadóttir, 2009; Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012; Maríanna Guðbergdóttir, 2014; Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011).

Það virðist ekki vera fylgni milli þess hvenær börn og unglingar fara að horfa á klám eða stunda kynlíf og þeirrar kynfræðslu sem þau fá. Nemendur í 6. og 7. bekk virðast til að mynda ekki fá fræðslu um klám nema eitthvað sérstakt komi upp á eða ef kennarar eða hjúkrunarfræðingar eru mjög áhugasamir um að fræða nemendur sína um klám (Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014). Rannsóknir benda hins vegar til þess að þegar börn eru á þeim aldri, eða um 11 ára, sé algengt að þau byrji að horfa á klám (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2007; Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014). Thomas Brorsen Smidt (2013) telur skort á afgerandi mótvægi eða gagnþekkingu á borð við kynfræðslu geta stuðlað að því að neytendur taki gagnrýnislaust við þeirri þekkingu sem klámið birtir þeim, sem getur gert mörkin milli kláms og raunveruleika óskýr. Anette Dina Sørensen (2003) telur klámvæðingu það menningarferli þegar klám er samfélagslega normaliserað og verður hluti af daglegu lífi okkar án þess að við tökum endilega eftir því. Það gerir það að verkum að klám getur orðið samfélagslega samþykkt og jafnvel upphafið eða talið eftirsóknarvert.

Klám virðist þannig hluti af veruleika íslenskra barna og unglinga auk þess sem áhrifa klámvæðingarinnar gætir víða í samfélaginu sem styður við kynjakerfið og valdamismun kynjanna (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014). Vezina og Hebert (2007) telja markvissa fræðslu lykilatriði í árangursríkara forvarnarstarfi gegn ofbeldi í

samböndum unglunga, en þrátt fyrir að unglingar séu oft taldir heppilegasti hópurinn til að byrja með slíka fræðslu fyrir, leggja þær til að byrjað sé fyrr þannig að fræðslan verði að grunnþekkingu og virki sem mótvægi við upplýsingar sem ýta undir valdamisræmi og ofbeldi í samböndum.

3 Aðferðafræði

Þessi kafli fjallar um aðferðafræði rannsóknarinnar og eigin staðsetningu rannsakanda út frá efninu. Kaflanum er skipt niður í fimm hluta, auk þess sem nokkrir hlutarnir skiptast einnig í undirkafla. Fyrst er fjallað um þá rannsóknaraðferð sem stuðst er við, eigindlega rannsóknaraðferð. Í öðrum hluta er gerð grein fyrir vali á þátttakendum sem og aðgengi að þeim. Því næst er farið yfir framkvæmd rannsóknarinnar, hvernig gagnaöflun var háttáð og hvaða aðferðir voru notaðar við greiningu gagna. Í fjórða hluta er fjallað um þau siðferðilegu álitamál sem huga þurfti að við framkvæmd rannsóknarinnar. Fimmti og síðasti hlutinn snýr að fræðilegum femínisma þar sem stiklað er á stóru um kenningar sjónarmiðsfemínisma og í kjölfarið gerð grein fyrir eigin staðsetningu rannsakanda gagnvart efninu.

3.1 Rannsóknaraðferð

Kristin G. Esterberg (2002) telur rannsóknir mikilvægan þátt í framförum því þær skapi þekkingu og veiti þannig skilning á samfélaginu. Markmið þessarar rannsóknar snúa eins og áður segir að því að fá innsýn í reynslu brotapolá sem hafa upplifað kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar og til að ná þeim markmiðum voru eigindlegar rannsóknaraðferðir taldar henta best.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir (e. *qualitative research methods*) er yfirheiti yfir fjölbreytta rannsóknarhefð sem er talin henta vel þegar markmið rannsókna felast í að öðlast innsýn og skilning á upplifun og reynslu fólks af eigin lífi (Esterberg, 2002). Eigindlegar rannsóknir hafa einnig tilhneigingu til að vera gagnrýnar og leitast við að beina sjónum að hópum á jaðrinum undir þeim formerkjum að öll sjónarmið séu jafngild og mikilvægt sé að flytja þekkingu af jaðrinum inn að miðju (Esterberg, 2002).

Hugmyndafræði eigindlegra rannsóknaraðferða leggur áherslu á að skoða hvaða merkingu einstaklingar sjálfir leggja í upplifun sína og reynslu. Veruleikinn og sú merking sem einstaklingar leggja í hann er samkvæmt eigindlegri hugmyndafræði félagslega mótaður í samskiptum einstaklinga (Esterberg, 2002; Hart, 2005). Þegar stuðst er við eigindlegar rannsóknaraðferðir er unnið út frá aðleiðslu sem felur í sér að finna með opnum huga skýringar á því fyrirbæri sem verið er að rannsaka byggt á reynslu hvers þátttakanda. Það felur einnig í sér sveigjanleika í rannsóknarsniði og framvindu rannsóknarinnar (Braun og Clarke, 2013). Þekkingarfræðin að baki fræðilegu sjónarhorni verkefnisins byggir á félagslegri mótunarhyggju sem einnig er þekkt sem hugsmíðahyggja. Auk þess byggir rannsóknin á fyrirbærafræðilegri nálgun en slík nálgun hefur það að markmiði að fá innsýn í fyrri reynslu viðmælenda til að öðlast skilning á þeirri merkingu sem einstaklingar leggja í upplifun sína og reynslu (Hart, 2005). Fyrirbærafræði leggur einnig áherslu á að reynsla fólks

sé rannsókuð með opnum huga og fyrirframgefnar hugmyndir rannsakanda séu þannig lagðar til hliðar (Creswell, 2012). Það fyrirbæri sem þessi rannsókn leitast við að skoða er kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglunga. Við rannsóknina hef ég leitast við að vera meðvituð um eigin stöðu og ígrunda mína eigin reynslu þannig að hún renni ekki saman við reynslu viðmælenda.

3.2 Þátttakendur

3.2.1 Val á þátttakendum

Við val á þátttakendum var markvisst leitað eftir einstaklingum sem höfðu upplifað kynferðisofbeldi í nánnum samböndum sem unglingar og höfðu náð 18 ára aldri. Það þótti æskilegra að þátttakendur hefðu náð 18 ára aldri vegna þess að þá eru þeir sjálfráða og gætu sjálfir tekið ákvörðun um þátttöku. Einnig var mikilvægt að brotapolar væru komnir út úr ofbeldisaðstæðunum svo að þátttaka þeirra í rannsókninni stofnaði þeim ekki í hættu eða ætti þátt í að valda þeim skaða sem erfitt gæti reynst að takast á við.

Í niðurstöðum er vísað til þemagreiningar á 10 viðtölum við brotapolu sem hafa upplifað kynferðisofbeldi í samböndum sem unglingar. Tekin voru 11 viðtöl við 11 viðmælendur, eitt þeirra var ekki notað þar sem reynsla brotapolu féll ekki að afmörkun verkefnisins. Þátttakendur eru á aldursbilinu 18 til 60 ára, þær eru allar síð-kynja (e. *cisgender*), ófatlaðar, hvítar, gagnkynhneigðar konur. Til þess að reyna að hafa sem mestan margbreytileika í hópi viðmælenda voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að ná til fjölbreyttra hópa með því að auglýsa rannsóknina sérstaklega í hópum fatlaðra kvenna, samkynhneigðra, ungmennahreyfingu samkynhneigðra og tansfólks en það bar hins vegar ekki tilætlaðan árangur.

Það er vert að taka fram að þrátt fyrir að ekki hafi fengist þátttakendur úr fjölbreyttari hópum felur það ekki í sér að fólk úr ofangreindum hópum upplifi ekki kynferðisofbeldi í nánnum samböndum sem unglingar. Rannsóknir sýna fram á að ofbeldi í samböndum á sér vissulega líka stað meðal fatlaðs fólks, samkynhneigðra og transfólks. Í rannsóknum sem fjallað hafa um ofbeldi í samböndum innan þessara hópa hefur verið bent á ólíkar birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum og valdatengsla sem skoða verði í samhengi við ríkjandi menningu. Ljóst er að sérstök berskjöldun þessara hópa í samfélaginu gagnvart ofbeldi fylgir þeim líka inn í nánnum samböndum og því er þörf á ýtarlegri rannsóknum og aukinni umræðu á Íslandi um ofbeldi í nánnum samböndum fatlaðs fólks, samkynhneigðra og transfólks svo eitthvað sé nefnt (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2013; Barter o.fl., 2009; Brown, 2011; Ristock, 2011). Ekki fengust heldur karlkyns brotapolar til þátttöku í rannsókninni, en hins vegar er ljóst að karlar og drengir verða einnig fyrir kynferðisofbeldi en hugmyndir um

karlmennsku og þöggun samfélagsins gætu átt þátt í að þeim reynist afar erfitt að segja frá því (Hilmar Jón Stefánsson, 2013).

Allar hafa konurnar búið úti á landi og átta af tíu þjuggu úti á landi á unglingsárunum þegar þær voru í því sambandi sem þær upplifðu kynferðisofbeldi í sem unglingar. Samböndin stóðu í allt frá 3 mánuðum upp í 20 ár en enginn viðmælandi var enn í ofbeldissambandinu sem á trúlega stóran þátt í því að konurnar buðu fram þátttöku sína.

3.2.2 Aðgengi að þátttakendum

Vegna þess hve viðkvæmt efni rannsóknarinnar er varð að gæta sérstaklega vel að upplýstu samþykki og trúnaði. Mér þótti skynsamleg leið að birta „auglýsingu“ (sjá viðauka II) á samskiptamiðlinum Facebook þannig að mögulegir þátttakendur gætu sjálfir velt málinu fyrir sér og boðið fram þátttöku sína auk þess sem ég vonaðist til að veltiáhrif Facebook yrðu áhrifaríkari en ef þetta ætti bara að spyrjast manna á milli. Veltiúrtak (e. *snowball sampling*) gengur út frá því að í leit að þátttakendum bendi einn einstaklingur á annan og þannig dreifist orðið víða og fjölbreyttari flóra þátttakenda fæst inn í rannsóknina (Hennink, Hutter og Bailey, 2010). Veltiáhrif samfélagsmiðilsins Facebook hafa þann aðferðafræðilega kost að þar sem margir deildu auglýsingunni má gera ráð fyrir að hún hafi komið upp í fréttaveitu ansi margra sem ekki eru tengdir rannsakanda beint á Facebook, og þannig hafi náðst til fjölbreyttari flóru fólks en með því að biðja einn einstakling að benda á annan. Þess má geta að enginn þátttakenda í rannsókninni var vinur rannsakanda á Facebook og því má gera ráð fyrir að veltiáhrifin hafi virkað sem skyldi. Í auglýsingunni var óskað eftir viðmælendum sem hefðu upplifað kynferðisofbeldi í sambandi sem unglingar og væru 18 ára eða eldri í dag. Þar var gefin lýsing á verkefninu, útlitun á meðferð gagna, trúnaðaryfirlýsingu og fleira. Auglýsingin var síðan borin undir leiðbeinanda verkefnisins Gyðu Margréti Pétursdóttur, og kennara námskeiðsins Eigindlegar rannsóknaraðferðir I, Ingu Guðrúnu Kristjánsdóttur, til að tryggja að textinn væri vel fram settur og næði yfir alla þá þætti sem þyrftu að koma fram.

Viðmælendum hafa verið gefin gervinöfnin: Ingibjörg Aradóttir, Anna Bjargardóttir, Jóna Sævarsdóttir, Edda Þórðardóttir, Petra Ólafsdóttir, Birna Guðjónsdóttir, Sigurbjörg Kristinsdóttir, Elín Harðardóttir, Tinna Elísudóttir og Embla Þórunnardóttir. Í niðurstöðukafla rannsóknarinnar er hinsvega einungis vísað til fyrri gervinafna viðmælenda þegar nöfn eru tekin fram. Þegar upplýsingar í orðum viðmælenda voru taldar of persónurekjanlegar er gervinafn viðmælenda ekki tekið fram.

3.3 Framkvæmd rannsóknar

3.3.1 Gagnaöflun

Við öflun gagna var notast við hálfopin viðtöl. Þau fela í sér að þrátt fyrir að lagt sé af stað í einstaklingsviðtöl með viðtalsramma (sjá viðauka II) með spurningum sem hafa verið mótaðar eftir markmiðum rannsóknarinnar, þá eru spurningarnar ekki staðlaðar og viðtölin geta aldrei orðið eins þar sem upplifun og reynsla hvers viðmælenda er ólík og stjórnar því í hvaða röð spurningarnar eru bornar upp og út í hvaða atriði er spurt í framhaldinu. Nálgun eigindlegra rannsóknaraðferða byggist á því að myndað sé traust á milli rannsakanda og viðmælenda, þannig gefst viðmælendum tækifæri til að tjá sig með eigin orðum en það gefur möguleika á djúpum skilningi á viðfangsefninu. Sá sveigjanleiki sem fylgir eigindlegum rannsóknaraðferðum gerir auk þess ráð fyrir viðtalsramminn sjálfur geti tekið breytingum í rannsóknarferlinu ef nýir áherslupunktur koma fram (Braun og Clarke, 2013; Esterberg, 2002; Hennink o.fl., 2010).

Á meðan á rannsóknarferlinu stóð flutti rannsakandi erlendis og því var gögnum safnað í þremur lotum eftir því sem hentaði í kringum flutninga og heimferðir. Fyrsta gagnasöfnunarlotan stóð haustið 2014 þegar fjögur fyrstu viðtölin voru tekin. Önnur gagnasöfnunarlotan átti sér stað í janúar 2015 en þá voru tekin þrjú viðtöl. Síðustu fjögur viðtölin voru síðan tekin sumarið 2015. Viðtölin voru tekin á heimilum viðmælenda (eða fjölskyldu meðlima þeirra), tvö voru tekin í leigðum stofum í Háskóla Íslands og eitt á heimili rannsakanda þar sem viðmælandi óskaði eftir því. Viðtölin voru á bilinu 40-130 mínútur. Þau voru hljóðrituð á tölvu og afrituð orðrétt í kjölfarið ásamt því að athugasemdir rannsakanda voru ritaðar. Afritaðar síður viðtala með athugasemdum rannsakanda telja samanlagt 414 blaðsíður. Öllum persónurekjanlegum upplýsingum var eytt sem og upptökunum þegar afritun var lokið.

3.3.2 Gagnagreining

Við gagnagreiningu var stuðst við vinnubrögð grundaðrar kenningar, sem fela í sér kerfisbundna og stöðuga greiningu gagna samhliða gagnaöflun. Gögnin voru greind með opinni kóðun og markvissri kóðun. Við opna kóðun voru viðtölin marglesin og komið auga á hugsanleg þemu og tengingar í orðum viðmælenda. Í kjölfarið var síðan unnt að kafa dýpra í gögnin út frá markvissri kóðun sem felur í sér að farið er yfir gögnin aftur út frá þeim þemum sem komu sterkast fram með spurningum, samanburði, flokkun og hugtakamyndun en það leiðir til dýpri skilnings og túlkunar. Þegar ný þekking eða innsýn hætti að koma fram við markvissa kóðun var litið svo á að metnun væri náð og gagnagreiningu hætt (Kvale og Brinkmann, 2009). Niðurstöður rannsóknarinnar eru byggðar á því mynstri sem fékkst úr

meginþemum og undirþemum úr orðum viðmælenda og þau að lokum sett í fræðilegt samhengi (Braun og Clarke, 2013; Esterberg, 2002; Hennink o.fl., 2010).

Gæði eigindlegra rannsókna eru yfirleitt metin í formi réttmætis en réttmæti felur í sér að lögð sé áhersla á að skilgreiningar og niðurstöður séu í takt við upplifun viðmælenda. Réttmæti rannsóknarinnar var til að mynda fólgið í því að marglesa gögnin og rýna í það sem kom fram í þeim til að gæta að því að rannsóknaraðferðin, hálfopin einstaklings viðtöl, hefði í raun náð fram upplifun og reynslu brotapolá af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar, líkt og til stóð. Þess var einnig gætt að nákvæmt samræmi væri milli rannsóknargagna og þess sem fólk sagði og gerði. Með því er átt við að rannsóknargögnin endurspegli þá upplifun sem viðmælendur tjáðu í viðtölunum og horfi þannig ekki fram hjá mikilvægum atriðum í orðum viðmælenda eða túlka um of þætti sem ekki voru til staðar. Gengið var úr skugga um það með því að halda nákvæmt bókhald yfir hvaða þemu komu fram hjá hvaða viðmælenda, hve oft og hve mikið vægi þau höfðu í upplifun þeirra (Hart, 2005; Hennink o.fl., 2010).

John W. Creswell (2012) hefur lagt fram átta mögulegar leiðir til að meta réttmæti í eigindlegum rannsóknum og leggur til að rannsakendur notist við að minnsta kosti tvær þeirra til að tryggja réttmæti eigindlegra rannsókna. Í rannsóknarferli þessarar rannsóknar var stuðst við þrjár þeirra leiða sem Creswell leggur fram. Sú fyrsta fól í sér að viðfangsefnið var skoðað út frá ólíkum kenningum, með því var unnt að varpa fjölbreyttu ljósi á helstu þemu og niðurstöður rannsóknarinnar. Önnur leið Creswell sem stuðst var við er kollegakynning en hún fól í sér að utanaðkomandi aðilar fóru yfir rannsóknaráætlun verkefnisins og rannsóknarferlið. Rannsóknaráætlun verkefnisins var borin undir fimm kennara Háskóla Íslands og fjölda samnemenda í námskeiðum sem snúa að rannsóknaraðferðum á framhaldsstigi. Auk þess fór fram kynning á verkefninu fyrir kollegum, bæði í málstofu meðal framhaldsnema í kynjafræði í Háskóla Íslands og í Stokkhólmsháskóla. Creswell telur auk þess mikilvægt að rannsakendur staðsetji sig gagnvart efninu, líkt og gert er hér að neðan, en það er jafnframt þriðja leið Creswell sem stuðst var við til að tryggja réttmæti rannsóknarinnar. Þær upplýsingar sem koma fram við eigin staðsetningu eru til þess ætlaðar að lesandi geti metið möguleg áhrif staðsetningar rannsákanda á rannsóknina. Reiknað var með að niðurstöðurnar yrðu einnig bornar undir viðmælendur líkt og Creswell mælir með til að auka réttmæti eigindlegra rannsókna en það reyndist hins vegar ekki mögulegt þegar til átti að taka líkt og gerð er grein fyrir í kaflanum um siðferðileg álitamál.

3.4 Siðferðileg álitamál

Þar sem viðfangsefni rannsóknarinnar er viðkvæmt og getur vakið upp sárar tilfinningar meðal viðmælenda var gætt sérstaklega vel að siðferðilegum álitamálum á öllum stigum

rannsóknarinnar. Stuðst var við vísindasiðareglur Háskóla Íslands (2014) í öllu rannsóknarferlinu, en í þeim er meðal annars lögð áhersla á virðingu fyrir manneskjunni, upplýst samþykki, skaðleysi, réttlæti, heiðarleika og vönduð vísindaleg vinnubrögð. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar (sjá viðauka III), auk þess sem sótt var um leyfi til vísindasiðanefndar Háskóla Íslands.

Í auglýsingunni á Facebook var reynt að ganga úr skugga um að allar nauðsynlegar upplýsingar lægu fyrir þannig að þeir sem hefðu samband og byðu fram þátttöku sína gerðu það með upplýstu samþykki. Upplýsingar um hvað fælist í þátttöku, meðferð gagna og nafnleynd voru auk þess ítrekaðar fyrir viðmælendum áður en viðtölin hófust, þannig að ljóst væri að upplýst samþykki lægi fyrir þátttöku. Í umræddri auglýsingu kom fram að um 18 ára aldurstakmark væri að ræða en einn brotapolí sem bauð fram þátttöku sína hafði ekki náð þeim aldri og því var viðtalið hvorki hljóðritað né afritað en rannsakandi mat það hins vegar svo að mikilvægt væri að heyra sögu viðkomandi þar sem brotapolí hefði sýnt traust og vilja til að fá að deila henni. Viðtalsramminn var því lagður til hliðar og brotapolí fékk að lýsa upplifun sinni án þess að hún væri skráð á nokkurn hátt. Viðtalið nýttist á hinn bóginn sem lærdómur og dýpkaði skilning rannsakanda á efninu þrátt fyrir að reynslan hefði ekki verið notuð með beinum hætti.

Mikil áhersla var lögð á að gæta fyllsta trúnaðar og virðingar við þátttakendur í viðtölunum, við úrvinnslu og meðferð gagna (Hennink o.fl., 2010; Kvale og Brinkmann, 2009). Í upphafi gagnaöflunarferlisins voru viðmælendur beðnir um að undirrita samþykkisyfirlýsingu til að tryggja upplýst samþykki en því var fljótlega hætt og þeim undirrituðu yfirlýsingum sem voru til staðar var eytt til að gæta nafnleyndar og trúnaðar við viðmælendur til fulls þar sem mikil áhersla var lögð á að valda þátttakendum ekki skaða. Raunveruleg nöfn þátttakenda voru hvergi geymd, vegna mikilvægis nafnleyndar, en það kom hins vegar í veg fyrir að hægt væri að bera niðurstöðurnar undir konurnar eins og til hafði staðið.

Þar sem viðfangsefni rannsóknarinnar gat valdið sársauka og ýft upp gömul sár var haft samband við alla viðmælendur daginn eftir viðtal til að athuga líðan þeirra og þeim bent á að leita til Stígamóta ef þörf væri á frekari andlegum stuðningi. Konurnar voru ekki beðnar um að lýsa kynferðisofbeldinu sjálfu og þær ræddu atburðina sjálfa ekki frekar en þær treystu sér til. Mikilvægi þeirra vinnubragða sem hér hefur verið lýst komu skýrt fram við eitt viðtalið þar sem sá viðmælandi var að tjá sig um reynsluna í fyrsta skipti. Gera má ráð fyrir að þar sem að rannsakandi var fyrsti aðilinn til að taka við sögu konunnar hafi viðbrögðin getað skipt miklu máli fyrir áframhaldandi úrvinnslu hennar. Eftir að öllum persónugreinanlegum atriðum hafði verið eytt voru öll rannsóknargögn varðveitt í einkatölvu rannsakanda, sem eingöngu rannsakandi hefur aðgang að, auk þess sem útprentaðar nótur og öryggiseintök af

gögnunum á utanáliggjandi hörðum disk voru geymd á öruggum stað í einkaeign rannsakanda sem enginn annar hafði aðgang að.

3.5 Fræðilegur femínismi og staðsetning rannsakanda

Rannsóknin byggir á femínískum fræðum, en til þess að geta talist femínísk þurfa fræði að vera gagnrýnin, meðvituð og búa yfir hreyfiafli í átt til jafnréttis (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Femínismi þessarar rannsóknar er fólgin í því að styðjast við femínískar kenningar og fræði auk þess að hafa það sem markmið að benda á hamlandi viðhorf í samfélaginu og stuðla að úrbótum (Esterberg, 2002; Hennink o.fl., 2010). Fræðilegur femínismi hefur verið talinn einn þriggja lykilþátta í framgangi kynjajafnréttis en hinir tveir eru femínískar hreyfingar og opinbert jafnréttisstarf (Verloo, 2001). Í eiginlegum rannsóknum og enn fremur femínískum rannsóknum er gengið út frá því að rannsakandi leggi sig fram um að ígrunda eigin reynslu, stöðu og félagsmótun til að geta staðsett sig gagnvart rannsóknarefninu. Með því að setja til hliðar eigin skoðanir og fordóma er unnt að öðlast dýpri skilning á rannsóknarefninu (Creswell, 1998; Harding, 1996; Hennink o.fl., 2010; D. E. Smith, 1974).

Úr fjölbreyttum kenningarsjóði femínískra fræða er hér sérstaklega stuðst við sjónarmiðsfemínisma (e. *Standpoint theory*) og svarta femíníska þekkingarfræði en þær fela í sér gagnrýni á þá karllægni sem einkennt hefur vísindaheiminn. Krafa vísinda um hlutleysi er einnig gagnrýnd á þeim forsendum að sú krafa verði jafnan til þess að staða þeirra rannsakanda sem búa við forréttindi fái að vera óáreitt og sé þannig gerð ósýnileg og náttúrleg. Með sjónarmiðsfemínisma er bent á að þekking sé alltaf staðsett og háð sjónarmiði einstaklingsins. Mikilvægur þáttur í þeirri femínísku þekkingarfræði sem hér er stuðst við er auk þess að flytja þekkingu af jaðri samfélagsins inn að miðju, til að mynda með því að nýta reynsluheim kvenna og hópa af jaðri samfélagsins til þekkingarsköpunar. Það þýðir hins vegar ekki að það séu eingöngu þeir sem hafi beina reynslu af undirokun sem geti búið yfir sjónarmiði og þekkingu þaðan heldur er einnig hægt að tileinka sér slík sjónarmið með gagnrýnni og meðvitaðri hugsun (Collins, 2002; Harding, 1996; D. E. Smith, 1974; Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Í takt við kenningar sjónarmiðsfemínisma og svartrar femínískrar þekkingarfræði er rétt að stikla á stóru um staðsetningu mína gagnvart viðfangsefni rannsóknarinnar og þá sjálfsígrundun sem farið hefur fram í rannsóknarferlinu.

Áhugi og markmið með verkefninu eru sprottin út frá eigin reynslu af kynferðisofbeldi í nánú sambandi sem unglíngur. Í mínu eigin úrvinnsluferli rak ég mig ítrekað á að reynsla mín virtist falla á milli flokka og ekki eiga sér samastað í fræðunum, fjölmiðlum, úrvinnsluþjónustu, fræðslu, réttarkerfinu eða almennri samfélagsumræðu. Ég hef meðvitað valið námskeið bæði í BA-námi mínu og MA-námi sem gætu dýpkað skilning minn á efninu og bætt við hann

nýjum víddum auk þess sem rannsóknarferlið við BA-verkefni mitt, þar sem ég rannsakaði viðbrögð femínískra grasrótarhópa við klámvæðingu og skort á kynfræðslu, nýttist mér sem leið til að fá fræðilega innsýn í þætti sem ég svo öðlaðist dýpri skilning á í MA-verkefninu. Reynsla mín hefur vissulega áhrif á rannsóknina, hún er ástæða þess að viðfangsefnið var valið og þess metnaðar sem ég hef fyrir úrbótum og vitundarvakningu á málafloknum. Hins vegar hef ég lagt mikið upp úr því að láta mína reynslu ekki hafa áhrif á túlkun mína á svörum viðmælenda, gagnagreiningu eða fræðilega tengingu heldur nýta hana frekar til að skapa traust við viðmælendur í gegnum sameiginlegan reynsluheim. Áður en að viðtölin hófust greindi ég viðmælendum frá minni reynslu til að skapa traust og sýna þeim fram á staðsetningu mína gagnvart efninu. Með meðvitaðri og gagnrýnni ígrundun skoðaði ég eigin huga allt rannsóknarferlið til að aðskilja eigin skoðanir frá gögnunum. Ég hef því lagt mikla áherslu á að finna jafnvægi milli þess að reynsla mín nýtist sem tækifæri til að öðlast dýpri innsýn og skilning á stöðu viðmælenda minna og þess að staðsetning mín geri það að verkum að rödd mín sem rannsakandi verði of sterk í verkefninu. Ég hef lokið leiðbeinandanámskeiði á Stígamótum og það átti trúlega þátt í því að ég var meðvituð um að upprifjun kvennanna á reynslunni gæti vakið upp vanlíðan og því lagði ég mikið upp úr því að hafa samband við þær daginn eftir og athuga líðan þeirra. Mér þykir einnig mikilvægt að gera grein fyrir forréttindastöðu minni þar sem hún á sterkan þátt í staðsetningu minni. Ég er sískynjuð, ófötluð, hvít, gagnkynhneigð kona, úr millistétt og hef stórt og þétt bakland. Forréttindi mín eru einnig fólgin í háskólamenntun sem er jafnframt lykillinn að því að ég hef möguleika á að skapa viðtekna þekkingu um efnið. Viðmælendur mínir eru hluti margra sömu forréttindahópa og ég sem eykur vissulega líkindi með reynsluheimi okkar (og dýpkar mögulega viðtölin). Það takmarkar hins vegar um leið margbreytileika rannsóknarinnar þar sem brotapolar kynferðisofbeldis í samböndum unglunga eru fjölbreyttur hópur sem gera má ráð fyrir að glími við margþætta og jafnvel mótsagnakennda reynslu út frá staðsetningu líkt og Harding (1996) hefur bent á varðandi jaðarhópa.

Rannsóknin er því þess eðlis að hún sprettur af reynslu af viðfangsefninu sjálfu og því vert að halda til haga þeim krafti sem tengir mig viðmælendum mínum, sem er sameiginleg reynsla, viljinn til að vekja athygli á málafloknum og stuðla að breytingum eins og greint verður frá í næstu köflum.

Hér hefur verið gerð grein fyrir helstu þáttum sem snúa að aðferðafræði rannsóknarinnar. Í næstu þremur köflum verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar. Niðurstöðurnar snúa að því hvernig upplifun kvennanna af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur birtist í greiningu á gögnum rannsóknarinnar. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir þeim þáttum sem konurnar töldu hafa haft berskjaldandi áhrif á reynslu þeirra. Fimmti kafli snýr að afleiðingunum sem konurnar glímdu við í kjölfar kynferðisofbeldis í nánu sambandi sem

unglingar. Í sjötta kafla er svo fjallað um hvaða úrræði konurnar nýttu til að takast á við reynsluna.

4 Berskjöldun

Konurnar áttu það semeiginlegt að eiga eitthvað í sínum bakgrunni sem gerði þær berskjaldaðari fyrir því kynferðisofbeldi sem þær upplifðu í nánu sambandi sem unglingar. Það voru hins vegar ekki alltaf sömu þættir. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem virtust hafa hvað mest berskjaldandi áhrif á viðmælendur. Kaflinn skiptist í fimm hluta sem allir innihalda þætti sem áttu þátt í þeirri berskjöldun sem kemur fram í orðum brotapolá. Sá fyrsti lýsir berskjaldandi áhrifum þess að eiga erfitt samband við foreldra sína, sem meirihluti þátttakenda lýsti. Í öðrum hlutanum er fjallað um berskjaldandi áhrif þess að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku eða kynferðiseinelti og þau skekktu mörk sem því fylgja. Þriðji hluti tekur fyrir berskjaldandi þátt þess hve brotapolar voru ungir þegar sambandið hófst og það reynsluleysi sem því fylgir. Í fjórða hluta er farið yfir samfélagsþrýsting til kynlífs og náinna sambanda sem viðmælendur lýsa og skort á fræðslu sem einnig eru talin eiga þátt í berskjöldun þeirra.

4.1 Samband við foreldra

Samband við foreldra og stuðningur þeirra virtist eiga þátt í berskjöldun kvennanna en alls lýstu sjö þeirra erfiðu sambandi við foreldri. Þar af lýstu þrjár erfiðu sambandi við báða foreldra sína. Sex viðmælendanna áttu erfitt samband við föður sinn og fjórar kvennanna áttu erfitt samband við móður sína. Þær þrjár sem lýstu ekki erfiðu sambandi við foreldri sögðu samskiptin innan fjölskyldunnar ekki mikil og ekki endilega rými til að ræða erfiða reynslu innan hennar en ræddu það ekki nánar.

Algeng birtingarmynd á ofbeldismönnum í samfélaginu sem skrímsli, „hinir“ eða „aðrir menn“ á þátt í því að það getur reynst fólki erfitt að máta annaðhvort einstaklinga úr nærumhverfinu eða sjálfsmyndina við þann hóp (Gottzén, 2012). Ummæli kvennanna um feður sína báru með sér þess konar erfiðleika, en þrjár þeirra lýsa hegðunarmynstri föður síns sem ofbeldi. Ein þeirra lýsir því að þegar hún hafi farið að vinna í sjálfri sér hafi hún komið auga á að faðir hennar væri kúgandi persónuleiki og að hún hefði upplifað andlegt ofbeldi heima fyrir í æsku eins og sést í eftirfarandi orðum: „[Þ]á fór ég að átta mig á því hvað pabbi minn er rosalega kúgandi persónuleiki. Og hvað það mótaði mína æsku.“ Þessi viðmælendi lýsir föður sínum sem kúgandi persónuleika og tekur sem dæmi að hún hafi sem barn sífellt verið á tánum til að halda honum góðum og forðast öskur og skammir. Hún taldi það eiga þátt í því að hún átti erfitt með að koma auga á það ofbeldi sem hún upplifði síðar í ofbeldissambandinu. Þær kvennanna sem lýsa erfiðum tengslum við föður virðast þó allar upplifa togstreitu í tengslum við samband sitt við föður sinn og lýsa kostum hans og öðrum sviðum sem feður þeirra aðstoða þær á, til að vega upp á móti ofbeldishegðun þeirra. Ein þeirra tekur fram að þrátt fyrir að hún og pabbi hennar hafi slegist heima fyrir og hann sýnt

ofbeldisfulla hegðun í hennar garð, telji hún hann ekki ofbeldismann heldur hafi þau bæði átt erfitt og ekki átt skap saman:

Hann var aldrei, ég myndi aldrei telja þabba minn sem eitthvað svona hættulegan mann eða ofbeldismann og hann hefur aldrei lagt hönd á mömmu mína, ekki svo ég viti til eða neitt. Þetta var meira bara ég og hann áttum ekki vel saman og hann kunni bara ekki að stilla sig. Þetta var auðvitað rangt af honum en í dag get ég ekki sagt að þabbi minn hafi beitt mig eitthverju, jújú í rauninni var þetta ofbeldi[.]

Þrátt fyrir að þessi viðmælandi virðist koma auga á að hegðun föðurins hefði vel mátt flokka sem ofbeldi á hún í nokkrum erfiðleikum með að færa á hann stimpil ofbeldismanns. Staðalímyndir samfélagsins um ofbeldismenn, skrímslavæddar hugmyndir um nauðgara eða menn sem beita ofbeldi í nánum samböndum virðast eiga þátt í þeirri togstreitu sem þessi viðmælandi lýsir þar sem hún telur þabba sinn ekki falla að þessum hugmyndum.

Kúgandi eða ofbeldisfull samskiptamynstur feðra var þó ekki einu ástæður þess að þessar sex konur lýstu erfiðum tengslum við feður sína, ein þeirra sagði erfið tengsl við föður sinn tilkominn vegna þess hve ólík þau væru og tvær sögðu föður sinn lítið hafa verið til staðar í uppeldinu.

Fjórar kvennanna lýstu erfiðu sambandi við móður sína. Þrjár þeirra upplifðu lítinn stuðning og skilning frá mæðrum sínum og ein upplifði ofbeldi frá móður sinni sem barn sem átti stóran þátt í berskjöldun hennar fyrir ofbeldissambandinu eins og sést í eftirfarandi orðum:

[É]g upplifði sem sagt barsmíðar frá henni og hvað ég væri ómöguleg, og svo kynnist ég honum og það hélt bara áfram sama mynstrið. Og þú veist, mín upplifun var sú að ég ætti þetta bara skilið, ég var bara vond manneskja.

Það ofbeldi sem þessi kona upplifði frá móður sinni í æsku virtist hafa þau áhrif að sjálfstraust hennar var afar takmarkað þegar hún fór inn í ofbeldissambandið og hún réttlætti það ofbeldi sem hún var beitt í sambandinu.

4.2 Kynferðisofbeldi í æsku og kynferðiseinelti

Sex kvennanna tíu höfðu upplifað kynferðisofbeldi í æsku og sú sjöunda ólst upp við mikið klám á heimilinu. Reynsla kvennanna af einelti í æsku, sem sex þeirra höfðu upplifað, virðist hafa átt þátt í að skapa óöryggi hjá þeim, skekkja mörk og gera þær berskjaldaðari fyrir ofbeldissambandinu. Vezina og Hebert (2007) drógu saman niðurstöður úr 61 rannsókn um stefnumótaofbeldi meðal unglunga í Bandaríkjunum og þrátt fyrir að hér hafi verið gerður skýr greinarmunur á þeim stefnumótasamböndum sem fjallað er um þar og þeim nánu samböndum sem hér er vísað til er engu að síður vert að taka fram að óöryggi meðal

unglinga, reynsla af einelti eða kynferðislegri áreitni er talinn áhættuþáttur og skekkja mörk og valda því að unglingurinn á erfiðara með að standa með sér. Það telja þau geta valdið berskjöldun fyrir ofbeldi í stefnumótasamböndum.

Einn viðmælandinn hafði einnig orðið fyrir kynferðiseinelti í grunnskóla, sem líkt og áður hefur verið greint frá er það einelti sem hefur kyn brotþola sem útgangspunkt og getur komið fram í síendurtekinni kynferðislegri áreitni eða drusluskömm frá einstaklingi eða hóp. Kynferðiseineltið virðist hafa haft áhrif á sjálfsmynd hennar og hugmyndir um kynlíf og nán sambönd. Hún segir um kynferðiseineltið og skólabróður hennar sem nauðgaði henni stuttu áður en að hún fór í ofbeldissambandið:

Og síðan var hann stundum að tala við vini sína um mig á kannski ekkert sérstaklega cool hátt en það var samt eiginlega allt í lagi af því að allir aðrir í skólanum voru að því líka, skilurðu. Þannig að það var alveg 8., 9. og 10. bekkur, þetta var alveg, verið að koma svona fram við mig. Þannig að ég svona „kannski er þetta bara hrós“ eða ég veit það ekki.

Þessi viðmælandi virðist upplifa togstreitu gagnvart þessari reynslu því þrátt fyrir að upplifa að bæði þessi skólabróðir hennar sem hún var hrifin af á þeim tíma og aðrir nemendur í unglingadeildinni hafi beitt hana kynferðiseinelti virðist hún velta fyrir sér hvort það hafi jafnvel bara verið hrós. Berskjöldunin er fólgin í því að hún fékk ekki að átta sig á kynverund sinni á eigin forsendum heldur var heil unglingadeild búin að gera hana að kynferðislegu viðfangi og skekkja þannig mörk hennar og viðhorf gagnvart sjálfri sér. Auk þess má gera ráð fyrir að það að hún var hrifin af þessum skólabróður sínum geti hafa ýtt enn frekar undir berskjöldun hennar gagnvart honum og kynferðiseineltinu. Hún útskýrir mögulegar ástæður kynferðiseineltisins nánar:

[É]g var kannski með þú veist stór brjóst eða eitthvað og þá var ég einmitt eitthvað svona meira objectified [hlutgerð] og síðan voru allir strákarnir bara alltaf að káfa á öllum stelpunum og losa brjóstahaldarana þeirra og þú veist rasskella þær og koma fram við þær illa skilurðu. Og ég varð náttúrlega rosalega mikið fyrir því af því að ég var áberandi, eitthvað sem að draw-aði [togaði] þá sérstaklega skilurðu? Og þá voru líka strákarnir í 9. og strákarnir í 10. bekk voru kannski ekki að gera jafnmikið, en strákarnir í 9. bekk voru bara eitthvað að tosa mig á fötunum niður ganginn og eitthvað.

Konan nefnir að það að hafa verið með stór brjóst hafi getað átt þátt í þeirri hlutgervingu sem hún varð fyrir. Í lýsingu hennar hér fyrir ofan og í fleiri dæmum hennar um gróft kynferðiseinelti kemur valdamunur kynjanna strax á unglingsárum afar skýrt í ljós með valdayfirlýsingu og kúgun flestra unglingsdrengranna og styðjandi kvenleika margra skólasystra hennar sem komu henni ekki til aðstoðar heldur tóku þátt í hlutgervingu og slúðri um hana.

Önnur kvennanna sem hafði einnig orðið fyrir kynferðisofbeldi áður en hún fór inn í sambandið lýsir miklu óöryggi í kjölfarið. Hún útskýrir best sjálf ástæður þess:

En sko það sem mér finnst sko, finnst að þyrfti að koma fram sem að útskýrir svona hvernig ég var, það var að þegar ég var sem sagt 5 ára þá var ég misnotuð af frænda mínum. Og þarna þegar ég er 12 ára þá kemst það upp og fór í gegnum allt ferlið þar, hann var kærður og ég fór til sálfræðings og að vinna úr því en ég var ennþá alveg ekkert, búin að vinna úr því almeninlega á þessum tíma. Þannig ég var voðalega svona, þú veist ég leitaðist í stráka ég gat ekki verið ein, þurfti að eiga kærasta, átti rosalega erfitt svona og allir strákar náðu rosalega góðum tókum á mér.

Berskjöldun hennar var því að miklu leyti fólgin í því að mörk hennar voru brotin strax í æsku og það að hafa upplifað kynferðisofbeldi í æsku virðist hafa gert hana berskjaldaðari fyrir því að upplifa það aftur. Berskjaldandi áhrif þess að upplifa kynferðisofbeldi í æsku fyrir því að upplifa endurtekið ofbeldi eða áföll hefur einnig komið fram í fleiri rannsóknum (Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Júlíusdóttir, 2011; Sigrún Sigurðardóttir, 2007). Óöryggi og þörf fyrir að eiga kærasta hefur fylgt henni og hún hefur endurtekið nýtt það sem ákveðið bjargráð (*e.coping mechanism*) og átt erfitt með að vera ein. Hún virðist hins vegar meðvituð um þá tilhneigingu sína:

[É]g hélt að það myndi kannski bjarga mér að fara bara yfir í eitthvað allt annað. Ég hefði kannski frekar átt að vera bara ein og byggja sjálfa mig upp og vera eins og ég vildi vera, ekki vera alltaf að gera það sem einhver annar, eins og einhver annar vill að ég sé.

Þessi viðmælandi virðist í dag koma auga á að þörfin fyrir að eiga kærasta hafi verið hluti af því að vinna úr ofbeldissambandinu. Hún virðist auk þess sjá eftir því að hafa ekki gefið sér tíma í að vinna í sjálfri sér í stað þess að halda áfram að reyna að þóknast öðrum.

4.3 Ungur aldur og reynsluleysi

Ungur aldur kvennanna virðist einnig hafa átt þátt í berskjöldun þeirra en þær töluðu flestar um ofbeldissambandið sem fyrsta alvöru-sambandið sem felur í sér ákveðið reynsluleysi. Jóna segir til að mynda um að koma auga á ofbeldið: „*Já ég vissi ekkert að þetta var að gerast á meðan þetta var að gerast. Ég var líka, þegar ég lít til baka þá var ég bara lítið barn.*“ Jóna var 14 ára gömul þegar hún fór í ofbeldissambandið og lýsir þarna reynsluleysinu sem fylgir oft ungum aldri. Þar sem Jóna hafði ekkert að miða við átti hún erfitt með að átta sig á ofbeldinu á meðan það átti sér stað. Það rímar vel við orð Önnu en hún segir: „*Æji ég veit það ekki, ég var svo lítil að ég fattaði það ekki þá að það væri hægt einu sinni. [þögn] Að nauðga í sambandi.*“ Anna telur ungan aldur sinn í ofbeldissambandinu hafa gert það að verkum að hún gerði sér ekki grein fyrir að það væri yfirhöfuð hægt að nauðga í nánu sambandi.

Ungur aldur og reynsluleysi unglunga er talinn eiga sérstakan þátt í berskjöldun þeirra fyrir ofbeldi í nánnum samböndum (Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012; Wiklund o.fl., 2010). Gera má ráð fyrir að það geti einnig ýkt enn frekar normalísingu á ofbeldi innan sambandsins. Elín lýsir einnig hvernig reynsluleysi og áhrifagirni, sem oft fylgir ungum aldri, höfðu áhrif á berskjöldun hennar fyrir andlegu ofbeldi og kynferðisofbeldi í hennar sambandi:

Þetta var rosalega mikið andlegt og þú veist, hann var rosalega stjórnsamur og hann talaði svo mikið niður til mín. Ég meina, þú veist, bara útlitið mitt og það var einhvern veginn aldrei neitt nógu gott og auðvitað vildi ég gera allt til þess að þóknast honum. Hann fór að tala um hvernig honum fyndist að hárið á mér ætti að vera og alls konar svona, þú veist, að ég ætti nú ekki að vera í þessum fötum, þau væru svo ógeðslega ljót, og þú veist, bara svona pota þessu svona inn á milli, bara svona athugasemdum, og þú veist, já. Þú veist það var eiginlega bara, hann einhvern veginn og ég var svo áhrifagjörn og allt sem hann sagði vildi ég náttúrulega bara þóknast. Og hérna, ég veit ekki, hann fékk mig einhvern veginn bara til að halda það að ég vildi bara gera þetta. Skilurðu? Það var rosa-mikið þannig líka bara með kynlífið, skilurðu? Þá hélt ég að mig langaði að gera allskonar hluti sem mig, sem var ekkert komið frá mér.

Elín upplifði andlegt ofbeldi í sambandinu, sem birtist í stjórnsemi og niðurbroti, en það ofbeldi virtist einnig samtvinnað því kynferðisofbeldi sem hún varð fyrir í sambandinu. Berskjöldun hennar, og þá kannski einna helst ungur aldur og reynsluleysi, gerðu það að verkum að hún kom ekki auga á að um ofbeldi væri að ræða og vildi ólm þóknast kærastanum. Henni þótti flókið að andlega ofbeldið hefði gert henni erfitt fyrir að koma auga á hvað það var sem hún vildi og hvaða hugsanir voru í grunninn hennar og hverjar ekki. Hún útskýrir það nánar: „*[H]ann einhvern veginn bara svona talaði bara í gegnum mig og ég hugsaði bara það sem honum fannst, en hélt samt að ég væri sjálf að hugsa það. Skilurðu? Æi þetta er geðveikt skrítið.*“ Þessi útskýring Elínar nær vel utan um togstreituna sem virðist fylgja því að ólíkar tegundir ofbeldis samtinnist og færast inn í hugsanir og sjálfsmynd brotþola. Hún lýsir því að henni hafi fundist hann tala í gegnum sig og að hugsanir hans hafi orðið að hugsunum hennar án þess að hún hafi gert sér grein fyrir því. Reynsla Elínar fellur vel að kenningum Lundgren (2012) um normalísingarferli ofbeldis í nánnum samböndum, innhverfingu á ofbeldinu og sýn ofbeldismannsins í sjálfsmynd brotþola

Í kjölfar berskjaldandi þátta í bakgrunni kvennanna auk ofbeldis reynslunnar mátti greina í orðum þeirra allra mikið óöryggi sem hafði áhrif á sjálfstraust þeirra og gerði þeim oft erfitt fyrir að standa með sjálfum sér. Anna tengir berskjöldun sína við ungan aldur og segir uppreisnarhegðun og óöryggi gjarnan fylgja unglingsárunum. Ein kvennanna segir jafnframt um það að komast út úr ofbeldissambandinu: „*Já, og þetta var alveg frekar erfitt. Það var líka frekar erfitt þú veist að koma mér út úr þessu. Mér leið bara alltaf eins og ég væri svona mikils virði [sýnir lítila mælieiningu með fingrunum].*“ Óöryggi hennar gerði það að verkum að henni leið eins og hún væri lítils virði og átti því erfiðara með að standa með sjálfri sér og

hætta með kærastanum. Óöryggið virtist auk þess gera það að verkum að þær upplifðu þörf fyrir samþykki sem gerði þeim erfitt fyrir að koma auga á ofbeldið og setja mörk. Edda telur þörf fyrir samþykki auk þess eina af ástæðum þess að hún fór inn í ofbeldissambandið:

[É]g leitaði í þetta samband af því að ég var bara að leita í einhverja ást af því að ég var svo mikið að reyna að svona samþykkja sjálfa mig eða einhvern veginn þannig [...] það var alveg svona fyrst um sinn var bara eins og einhver hetja hefði bjargað mér. Eins og einhver hefði komið á hvítum hesti, bara loksins vill einhver elska mig.

Edda upplifði mikið óöryggi í kjölfar eineltis í barnæsku og hafði því sterka þörf fyrir bæði samþykki annarra og sitt eigið. Hún tengdi því það að ofbeldismaðurinn var tilbúinn að bíða með að stunda kynlíf fyrst um sinn við ævintýrlegan bjargvætt á hvítum hesti sem veitti henni loksins sanna ást.

4.4 Samfélagsþrýstingur og fræðsluskortur

Í viðtölunum komu einnig fram fleiri þættir sem geta átt þátt í berskjöldun viðmælenda. Konurnar telja til dæmis allar samfélagþrýsting til kynlífs og allt um lykjandi klámvæðingu eiga stóran þátt í reynslu þeirra og flestar koma þær auga á það nú hvað viðhorf þeirra til kynlífs voru skökk á þeim tíma sem þær voru í ofbeldissambandinu. Klám og klámvæðing kom fram sem uppspretta þekkingar í nokkrum viðtalanna og Ingibjörg lýsti vel áhrifum klámvæðingarinnar á hugmyndir hennar um kynlíf:

[...] ég man eftir því bara frá því að ég var 11 ára þá var það að vera sexý alltaf rosalega þú veist, eftirsóknarvert [...] að vilja vera sexý þá náttúrulega vill maður halda fram að maður sé til í allt stelpan, og segir frá því að maður horfi, þú veist, maður horfir á klám bara til að geta sagt frá því [...] Mér fannst þetta bara eðlilegt. Ég hélt bara, svona á bara kynlíf að vera.

Klámvæðingin gerði það að verkum að Ingibjörgu þótti eftirsóknarvert að vera kynþokkafull. Kynþokki virtist fela í sér að halda uppi þeirri ímynd af sjálfri sér að hún væri kynferðislega til í allt og þar að leiðandi ekki tepra. Það að horfa á klám og segja frá því virtist styrkja þá ímynd enn frekar. Það hve dreifð og upphafin klámvæðingin er í samfélaginu virðist hafa gert það að verkum að Ingibjörgu þótti klám veita eðlilega birtingarmynd af kynlífi. Anna lýsir þeim samfélagsþrýstingi sem ríkti innan bekkjarins hennar til þess að byrja að stunda kynlíf:

[...] það er einmitt ein af ástæðunum fyrir því að ég byrjaði þarna fyrst að stunda kynlíf var að þarna eiginlega allar stelpurnar í bekknum gerðu það og við vorum bara einhverjar örfáar eftir, hreinar meyjjar, og maður gat ekki farið í framhaldsskóla hrein mey, orðinn 15 ára gamall. Maður þurfti að drífa sig í þessu.

Anna virðist hafa fundið fyrir samfélagslegum þrýsting til að byrja að stunda kynlíf áður en hún færi í framhaldsskóla til þess að skera sig ekki úr hópnum. Hún sá hins vegar eftir því að

hafa byrjað að stunda kynlíf á röngum forsendum og hafa ekki beðið þar til hún sjálf væri tilbúin. Elín tekur undir þann samfélagsþrýsting og segir: „Þú veist, það er svo mikil pressa að vera í sambandi og sofa hjá.“ Elín upplifði mikinn þrýsting til að vera í sambandi og stunda kynlíf en það að unglingsstúlkur finni fyrir þrýstingi til að vera í samböndum og stunda kynlíf hefur einnig komið fram í fleiri rannsóknum (Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elvý Guðríður Hreinsdóttir og Andrea Hjálmsdóttir, 2011; Barter o.fl., 2009; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Plauborg o.fl., 2012).

Michael Kimmel (2009) er einn þeirra sem sýnt hefur fram á að það ríki mikill samfélagsþrýstingur til að stunda kynlíf meðal ungs fólks og hann bendir auk þess á að ungir karlar sérstaklega upplifi það að allir aðrir en þeir sjálfir séu að stunda kynlíf þrátt fyrir að það sé ekki raunin. Ungir karlar virðast þannig halda á lofti og reyna að uppfylla þá ímynd að þeir hafi meiri kynlífsreynslu en þeir hafa í raun. Þetta hefur einnig komið fram hjá Barter o.fl. (2009). Í evrópskri rannsókn um kynheilbrigði unglunga kom fram að stúlkur á Íslandi byrja að stunda kynlíf fyrr en drengir (Currie, 2012). Ásta Arnbjörg Pétursdóttir og Elvý Guðríður Hreinsdóttir (2011) taka einnig fram að hluti kvenkyns viðmælenda þeirra hafi séð eftir kynlífsreynslu sem unglingar þar sem þær upplifðu að hafa látið undir þrýstingi. Í ljósi þess má gera ráð fyrir að fræðsla um eigin mörk þegar kemur að kynlífi, auk fræðslu um sambönd og samskipti fyrir unglunga, sé mikilvægur þáttur í að koma í veg fyrir að þeir byrji að stunda kynlíf áður en þeir eru tilbúnir til þess.

Klifað var á mikilvægi kynfræðslu í kafla tvö og það kom einnig sterkt fram í orðum allra kvennanna sem tóku þátt í rannsókninni. Þær telja allar þörf á viðameiri fræðslu og umræðu til að koma í veg fyrir sambönd af þessu tagi. Viðmælendurnir voru sammála um að það þyrfti að fara betur yfir upplýst samþykki og samskipti í kynlífi. Ein þeirra sagði til að mynda:

Ég var búin að fara í kynfræðslu eins og hún er kennd í grunnskólum á Íslandi skilurðu og vissi hvernig túrtappar virkuðu og að maður ætti að nota smokk til þess að fá ekki klamedíu. En svona self love, body eitthvað það var ekkert, það var ekkert. Það var bara svona „já, og ekki stunda kynlíf, en ef þú ætlar að stunda kynlíf, stundaðu kynlíf þá með smokki, og gerðu það með einhverjum sem þú treystir“. Hvað þýðir það? Hverjum treystirðu? Hvað, hvernig veistu hverjum þú átt að treysta? Hvernig, afhverju er það ekki kennt? Áttu ekki að treysta á sjálfan þig? Geturðu ekki bara reynt fyrst að treysta á sjálfan þig og læra það fyrst[.]

Þessum viðmælenda var mikið niðri fyrir þegar hún lýsti óánægju sinni með þá kynfræðslu sem hún fékk í grunnskóla eins og má greina í orðum þessarar konu. Hún er ósátt með að kynfræðslan hafi að mestu snúist um líkamlega þætti kynheilsu en ekki um að finna eigin mörk og sjálfsþekkingu. Petra leggur áherslu á að byrja þurfi kynfræðslu fyrr: „[Þ]að ætti að vera meira sérstaklega í grunnskólum af því að krakkar byrja að vera kynferðislega aktívir fyrr en maður heldur sko. Kannski orðið of seint þegar þú ert kominn í framhaldsskóla.“ Ummæli

Petru um að þörf sé á að byrja með kynfræðslu í grunnskólum fyrr eru í samræmi við niðurstöður rannsókna. Rósa Björk Bergþórsdóttir (2014) bendir til að mynda á að ekki sé samræmi milli þess hvenær börn og unglingar fari að horfa á klám eða stunda kynlíf og þeirrar kynfræðslu sem þau fá.

Elín nefnir ítrekað þörf fyrir meiri fræðslu sem forvörn og lýsir hér sinni upplifun af kynfræðslu:

Ég man ekki eftir að hafa fengið neina kynfræðslu, þú veist, maður vissi ekki neitt, og fékk enga fræðslu um neitt. Sérstaklega ekki um eitthvað svona um ofbeldi, ég fékk aldrei neina fræðslu þess vegna vissi ég ekkert hvað var í gangi.

Elín lýsir því að hún muni ekki eftir að hafa fengið neina kynfræðslu og þá sérstaklega ekki fræðslu um kynferðisofbeldi. Hún tengir skort á kynfræðslu beint við það að hafa ekki komið auga á ofbeldið í sambandinu á meðan það átti sér stað.

4.5 Verndandi þættir

Það voru ekki eingöngu berskjaldandi þættir sem höfðu áhrif á reynslu viðmælenda heldur bjuggu konurnar allar yfir einhverskonar verndandi þáttum líka. Upplifun kvennanna af berskjöldun samhliða verndandi þáttum undirstrikar að reynsla þeirra er margslungin og flókin. Umfjöllun um verndandi þætti er einnig mikilvægur hluti þess að halda til haga eigin gerendamætti brotþola. Verndandi þættir birtust skýrast annars vegar þeirra eigin styrk og hins vegar í stuðningi ættingja og vina.

Styrkur kvennanna og seigla kom fram sem verndandi þáttur í reynslu þeirra af ofbeldissambandinu auk þess sem þær sýndu allar mikinn styrk með því að hafa samband og bjóða fram þátttöku sína í rannsókninni. Styrkur kvennanna kom einnig fram í því að allar voru þær komnar út úr ofbeldissambandinu, tvær þeirra höfðu kært ofbeldismennina, sjö þeirra höfðu sagt frá ofbeldinu og þannig gert tilraun til að skila skömminni. Allar höfðu þær á einhvern hátt þurft að takast á við viðhorf samfélagsins til kynferðisofbeldis í nánum samböndum unglunga, sem höfðu á tímabili einnig litað þeirra eigin viðhorf og valdið efa. Allar höfðu þær auk þess gert tilraun til að bæta líðan sína með því að leita sér aðstoðar þrátt fyrir að hafa ekki allar unnið meðvitað úr reynslu sinni. Ofangreind atriði sýna að brotþolar þurfa oft og tíðum að treysta á eigin styrk og þrátt fyrir að hafa upplifað fengið lítinn stuðning frá nærumhverfi sínu og samfélaginu í heild segir ein kvennanna: „*Þannig að, þú veist, styrkleikarnir kannski bara helst liggja hjá sjálfri mér*“. Í kjölfar ofbeldisins tók við tímabil hjá mörgum viðmælendum sem einkenndist af því að reyna að læra að þekkja sjálfan sig, sín mörk og langanir. Um þetta segir Jóna:

Ég þurfti að breyta hugarfarinu um sjálfa mig áður en ég gat eitthvað. Þurfti að treysta betur á sjálfa mig, ég læri þetta eiginlega betur svona sjálf og [að] finna einhvern sem [ég] treysti og núna vissi ég hverju ég treysti og hverju ég treysti ekki.

Jóna lýsir þannig þeirri sjálfsþekkingu sem fylgdi því að vinna úr reynslunni og koma auga á eigin mörk. Þeir viðmælendur sem höfðu unnið sérstaklega úr þessari reynslu virtust meðvitaðari um eigin líðan og Sigurbjörg segir: „[M]aður er allskonar og maður má vera það og maður er með allskonar tilfinningar og maður á ekki alltaf að vera bara þú veist á einn veg, ég þarf ekki alltaf að vera fullkomin.“ Með þessum orðum lýsir Sigurbjörg vel sjálfsþekkingunni sem felst í að finna fyrir allskonar tilfinningum og taka þeim eins og þær eru. Með því að vinna með reynslu sína sýndu konurnar einnig hugrekki sem fólst í að takast á við tilfinningar sínar. Bæði hjá viðmælendum Sigrúnar Sigurðardóttur (2007) og Sigríðar Hrannar Bjarnadóttur (2012) kom fram vilji brotþola til að vinna með líðan sína auk þess sem lífsvilji og von virtist eiga þátt í að halda brotþolum gangandi. Það má vel tengja því sem komið hefur fram um eigin styrkleika kvennanna sem hér um ræðir.

Sex kvennanna tala auk þess um að stuðningur ættingja og vina hafi skipt sköpum í reynslu þeirra. Rétt eins og erfið tengsl við foreldra virtust geta átt þátt í berskjöldun þeirra viðmælenda sem það átti við um, virtist gott samband við foreldra geta verið verndandi þáttur og átt þátt í að styrkja konurnar og draga úr vanlíðan þeirra. Þrjár kvennanna nefna sérstaklega góð tengsl við móður sína sem verndandi þátt. Þær taka fram að mæður þeirra hafi staðið við bakið á þeim, sýnt þeim umhyggju og að þær hafi getað leitað til þeirra og tjáð sig sem þær töldu hafa hjálpað sér mikið. Ein þeirra segir um sambandið við móður sína:

Og hérna, já ég bara tala við hana um allt, ef það koma upp vandamál þá bara fer ég beint til hennar og hún einmitt, já byggði mig rosalega mikið upp. Hún var besti sálfræðingurinn minn, og ég held að ef að mamma mín hefði ekki verið svona þá væri ég ekki á þessum stað sem ég er í dag. Þannig að ég get bara þakkað henni. Það skiptir allavega rosalega miklu máli, að hafa einhvern einn.

Í orðum þessarar konu sést hve mikinn styrk hún tengir við mömmu sína en hún telur hana hafa byggt sig upp og eiga stóran þátt í því að hún er á þeim stað sem hún er í dag. Þar sem þessi kona átti ekki góða reynslu af sálfræðiaðstoð skín í gegn mikið þakklæti fyrir þá aðstoð sem móðir hennar veitti henni og hún talar um hana sem besta sálfræðinginn sinn. Ein kvennanna lýsti slíku sambandi við föður sinn og leitaði mikið í nærveru hans. Stuðning föðursins taldi hún hafa átt þátt í að veita sér styrk á meðan á ofbeldissambandinu stóð og hún tengdi náið samband við hann einnig úrvinnsluferlinu. Konurnar nefndu einnig vinkonur og aðra fjölskyldumeðlimi sem þær leituðu til og ræddu reynsluna við. Hjá fjórum kvennana kom ekki skýrt fram hvort þær hefðu fengið stuðning vina eða ættingja eða hvort hann hefði haft jákvæð áhrif á úrvinnslu þeirra. Af þeim fjórum voru tvær sem höfðu farið gerólíkar leiðir

við að segja frá reynslunni og leita stuðnings. Önnur sagðist hafa verið hálf hömlulaus og talað afar opinskátt við hinar ýmsu aðstæður um reynslu sína á meðan hin hafði ekki sagt neinum frá og tjáði sig í fyrsta skipti um reynsluna í viðtalinu við rannsakanda.

4.6 Samantekt

Það voru ýmsir þættir í bakgrunni og lífi brotþola sem konurnar tengdu berskjöldun fyrir reynslu sinni af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar. Þar á meðal voru erfið samskipti við foreldra en sjö viðælendanna lýstu erfiðu sambandi við foreldra. Erfið tengsl við foreldra voru tilkomin vegna ofbeldishegðunar foreldris í fjórum tilvikum. Þær kvennanna sem áttu feður sem sýnt höfðu ofbeldishegðun virtust upplifa þó nokkra togstreitu við að tengja föður sinn viðteknum hugmyndum um ofbeldismenn. Berskjöldun brotþola var einnig fólgin í reynslu af kynferðisofbeldi, einelti og kynferðiseinelti sem átti þátt í að skekkja mörk viðmælenda og skapa óöryggi auk þess að hafa áhrif á sjálfsmynd þeirra og hugmyndir um nánin sambönd. Flestar kvennanna sem tóku þátt í rannsókninni höfðu ekki aðra reynslu af nánnum samböndum til samanburðar og því reyndist þeim flókið að koma auga á hvort reynslan væri ásættanlegur hluti af því að vera í sambandi eður ei. Viðmælendur greindu einnig frá því að hafa upplifað samfélagsþrýsting til þess að byrja að stunda kynlíf og vera í nánnum samböndum, sem virtist hafa haft áhrif á að einhverjar þeirra byrjuðu ekki að stunda kynlíf á eigin forsendum. Þörf á viðameiri kynfræðslu sem snýr að sjálfsþekkingu, mörkum, samskiptum og ofbeldi kom sterkt fram í orðum viðmælenda sem tengdu skort á fræðslu berskjöldun sinni. Samhliða berskjöldun upplifðu viðmælendur einnig verndandi þætti sem birtust einna helst í eigin styrk þeirra og stuðning frá ættingjum og vinum.

5 Afleiðingar

Það er við hæfi að byrja umfjöllun um afleiðingar ofbeldisins á orðum Emblu sem lýsti vel veruleika þess sem glímir við afleiðingar kynferðisofbeldis þegar hún sagði: „*Afleiðingarnar, þær vinna alltaf upp á sig með hverjum erfiðleikum sem maður fer í gegnum.*“ Hér á Embla við að upplifun af hinum ýmsu áföllum í lífinu varpi sífelld skýrara ljósi á afleiðingar þess að hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi sem unglingur. Með því að segja að afleiðingarnar vindi upp á sig gefur hún til kynna að önnur áföll eða erfiðleikar í lífinu virðist draga fram afleiðingar þessarar reynslu sem á einnig sterka fræðilega tengingu (Sigríður Hrönn Bjarnadóttir o.fl., 2014; Sigrún Júlíusdóttir, 2011; Sigrún Sigurðardóttir, 2007; Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2009; Toscano, 2014). Afleiðingar kynferðisofbeldisins skína í gegn í orðum allra viðmælenda og virðast hafa sett mark sitt á líf þeirra og líðan bæði á meðan á sambandinu stóð (skammtímaafleiðingar) og eftir að því lauk (langtímaafleiðingar).

Þessi kafli skiptist í fimm hluta. Í þeim fyrsta er fjallað um afleiðingar þess að hafa upplifað kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur á skólagöngu kvennanna. Í öðrum hluta er farið yfir sjálfsásökun og skömm sem virtist algeng afleiðing reynslunnar. Í þriðja hluta er fjallað um þá erfiðleika sem viðmælendur hafa upplifað með traust og í kjölfarið er fjórði hluti um erfiðleika kvennanna með að stunda kynlíf eftir kynferðisofbeldið. Fimmti og síðasti hlutinn tekur fyrir afleiðingar í formi þunglyndis og sjálfsskaðandi hegðunar.

5.1 Áhrif á skólagöngu

Afleiðingar ofbeldis í nánum samböndum virðast lítið hafa verið skoðaðar í tengslum við skólagöngu fullorðinna brotþola. Hinsvegar hafa bæði Banyard og Cross (2008) og Wiklund o.fl. (2010) sýnt fram á sérstöðu unglunga þegar kemur að áhrifum ofbeldis í nánum samböndum á skólagöngu. Þar sem unglingar eru flestir í skóla á þeim tíma sem ofbeldissamböndin eiga sér stað er ekki að undra að upplifun af ofbeldi í nánu sambandi geti haft neikvæð áhrif á námsárangur og mætingu svo eitthvað sé nefnt. Rannsóknir hafa sýnt fram á að reynsla af kynferðisofbeldi getur haft þau áhrif á líf brotþola að þeir hætti að geta unnið (Anna Bentína Hermansen, 2010; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007). Þar sem veruleiki unglunga er frekar í skólakerfinu en á vinnumarkaðnum má gera ráð fyrir að sú félagslega einangrun, sem virðist fylgja upplifun af ofbeldi í nánu sambandi hjá unglingum, geti haft áhrif á skólagöngu og jafnvel endað í brottfalli úr skóla (Wiklund o.fl., 2010). Brottfall íslenskra ungmenna úr framhaldsskólum er yfir meðaltali OECD-ríkjanna eða 30 prósent (OECD, 2012). Brottfall úr íslenskum framhaldsskólum er hærra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem nemendur eldri en 20 ára eru líklegri til að hverfa frá námi (Mennta- og

menningarmálaráðuneytið, 2014). Þrátt fyrir að enn sé tekið við nemendum 25 ára og eldri í framhaldsskólum getur forgangsröðun í reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008 verið hindrun fyrir þá nemendur sem vilja hefja nám að nýju eða byrja nám í framhaldsskóla því þeir eru síðastir í forgangsröðuninni (Þingskjal nr. 815/2014-2015. Svar mennta- og menningarmálaráðherra.). Í ljósi þess er vert að taka fram að hagur og líðan ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára er síðri meðal þeirra sem eru ekki í skóla en hjá þeim sem stunda nám í framhaldsskólum. Ungmenni utan skóla eru líklegri til að hafa slakara sjálfstraust, upplifa félagslega einangrun, vera við lakari andlega heilsu og eru jafnframt líklegri til að vera í hvers kyns neyslu (Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon, 2010).

Upplifun af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur hafði haft áhrif á skólagöngu allra kvennanna sem hér um ræðir. Konurnar voru á aldrinum 13 til 18 ára þegar þær fóru inn í ofbeldissamböndin og voru á þeim tíma allar annaðhvort í grunn- eða framhaldsskóla. Þær upplifðu allar félagslega einangrun á meðan á sambandinu stóð sem gerði þeim í flestum tilfellum erfitt fyrir þegar kom að því að stunda nám. Þrátt fyrir að helmingur kvennanna nefni sérstaklega að þær hafi verið sterkir námsmenn sem börn höfðu flestar þeirra átt í erfiðleikum með að klára framhaldsskóla og fimm höfðu hætt námi. Ein þeirra sagði að þrátt fyrir að hafa upplifað einelti í grunnskóla hafi hún samt verið með 10 í öllu. Í kjölfar reynslu af kynferðisofbeldi í nánu sambandi fékk hún hins vegar mikinn kvíða og hætti í kjölfarið í menntaskólanum sem hún hafði verið svo glöð að komast inn í:

Ég eiginlega bara hætti [í skólanum] útaf kvíðanum, var samt á lyfjum og, ég bara gat ekki unnið heima og svo fór ég upp í skóla og þú veist mætti alltaf í skólann, eða yfirleitt alltaf. En svo átti ég kannski að fara í líffræði og þú veist ég átti eftir að gera eitthvað verkefni og ég bara þorði ekki að fara í tíma og ég sat bara í matsalnum. Þú veist, hálfur dagurinn minn var bara í matsalnum þú veist útaf því að ég þorði ekki að fara í tíma. Ég bara gat það ekki.

Þessi viðmælandi upplifði svo mikinn kvíða sem afleiðingu af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur að hún gat ekki lengur unnið heimavinnuna sína eða mætt í tíma. Embla, sem einnig lýsir því að hafa verið með níur og tíur í skóla sem barn, segir um sína stuttu skólagöngu í kjölfar þess að hafa upplifað kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur: „Ég næ að útskrifast úr 10. bekk, ég fer í, ég næ að klára eina önn í, með herkjum, eina önn í framhaldsskóla, þá var ég orðin svo þunglynd að ég gat ekki meir.“ Líkt og kvíðinn sem konan hér að ofan lýsti að hefði hindrað skólagöngu hennar í kjölfar ofbeldisins, kemur fram hjá Emblu að þunglyndi sem afleiðing kynferðisofbeldis í nánu sambandi sem unglingur virtist einnig geta haft þau áhrif. Af þeim fimm konum sem höfðu náð að klára framhaldsskólann lýstu fjórar því að það hefði verið afar erfitt. Ein þeirra tók sér ársfrí eftir

grunnskólann á meðan á ofbeldissambandinu stóð og dregur saman upplifun sína af menntaskólaárunum:

En svo eftir nauðgunina þá kem ég heim þarna, bara þetta gerist í ágúst og ég ákvað bara að fara í skóla, bara fara í framhaldsskóla. Þá bara tók við hreint helvíti að mínu mati, þetta var mjög erfitt bara. Ég var alltaf næstum því fallin á punktum bara, þá reddaði skólasálfræðingurinn mér. En ég útskrifaðist með stúdentspróf samt að verða 23 ára, þú sérð að ég er alveg sex ár að taka þetta.

Í kjölfar þess að hafa upplifað nauðgun í nánu sambandi sem unglingur ákvað þessi kona, sem hafði búið með kærastanum þegar nauðgunin átti sér stað, að flytja aftur heim til foreldra sinna og hefja nám í framhaldsskóla. Afleiðingar nauðgunarinnar gerðu það að verkum að hún átti erfitt með að stunda nám, mætti illa í skólann og var því endurtekið næstum fallin á mætingu. Með herkjum tókst henni þó að útskrifast með stúdentspróf 6 árum eftir að hún hóf nám.

Konurnar lýstu því allar að hafa upplifað félagslega einangrun á meðan á sambandinu stóð sem virtist eiga stóran þátt í þeim áhrifum sem reynslan hafði á skólagöngu þeirra. Flestar tengdu þær það við að lífsrými þeirra hefði verið takmarkað við svefnherbergið eins og sést til að mynda í orðum Petru: „*Vorum alltaf bara læst inni í herbergi að gera eitthvað, eins og þegar við vorum heima hjá honum vorum við alltaf bara inni í herbergi.*“ Þar sem sjálfstæði og þörf til að aðskilja sig foreldrum sínum virðist gjarnan fylgja unglingsárunum er kannski ekki að undra að unglingar loki sig af og þá sérstaklega þegar þeir eru að móta nán sambönd sín á milli. Gera má ráð fyrir að unglingar búi yfirleitt enn hjá forráðamönnum sínum og því sé þeirra persónulega rými oft takmarkað við svefnherbergi þeirra. Það getur hins vegar minnkað talsvert efnislegt lífsrými þeirra við félagslega einangrun í ofbeldissambandi líkt og sést í orðum Jónu:

Þetta var náttúrulega, hafði ógeðslega mikil áhrif á daglega lífið, sérstaklega hjá mér af því að ég var bara aflokuð og þú veist hann kom og þú veist gerði svolítið við mig. Og svo bara fór hann og ég var bara eftir skilurðu, frekar dauð. Inni í herbergi bara.

Jóna taldi upplifun af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur hafa haft mikil áhrif á daglegt líf hennar, sem hún tengir sérstaklega því að hafa verið félagslega einangruð inn í herbergi. Það að hún var unglingur þegar sambandið átti sér stað virðist eiga þátt í því að félagsleg einangrun minnkar lífsrými hennar niður í að vera bundið við svefnherbergið. Lýsing hennar á því að vera aflokuð inni í herbergi og frekar dauð eftir að fyrrverandi kærastinn hafði komið og beitt hana kynferðisofbeldi er vel hægt að tengja við erindi úr ljóðinu Eyrarrós eftir skáldkonuna Erlu (1937):

Ólánsama eyrarrós!
Inni í húsum ertu fangi;

eigi' er kyn, þótt sárt þig langi
út í sólar yl og ljós,
ólánsama eyrarrós!

Hina ungu fögru eyrarrós, sem ljóðið fjallar um velur sveinninn að rífa upp með rótum og taka með sér heim. Eyrarrósinn ræktast hins vegar illa inni í húsinu þar sem ekkert er af því sem hún þarfnast til að blómstra. Rósin er þar sem fangi og þráir að komast út í sólarljósið. Hvort sem það var ætlun skáldkonunnar með ljóðinu eða ekki þá virðist ljóðið geta náð vel utan um þá einangrun sem brotapolar ofbeldis í nánnum samböndum upplifa. Endalok eyrarrósarinnar í ljóðinu eru hins vegar dapurleg og ná ekki utan um þann styrk og gerendahæfni sem konurnar hafa sýnt, til dæmis með því að vera allar komnar út úr ofbeldissamböndunum.

5.2 Sjálfsásökun og skömm

Ein birtingarmynd afleiðinga kynferðisofbeldisins var í sjálfsásökun og skömm sem kom fram að einhverju leyti í öllum viðtölunum. Ein kvennanna, sem hafði upplifað kynferðisofbeldi í æsku áður en hún upplifði nauðgun í sambandi sem unglingur lýsti upplifun sinni með eftirfarandi hætti: „*Já, ég hef ekki sagt mörgum ég bara skammaðist mín svo fyrir það, að ég hef ekki sagt frá því út af mér fannst að ég hafi átt að hafa lært af því, fyrri reynslunni.*“ Í orðum hennar kemur skömmin sterkt fram og sjálfsásökun yfir því að hafa átt að læra af því kynferðisofbeldi sem hún varð fyrir sem barn. Orðin bera einnig með sér þá upplifun að ábyrgðin liggja hjá henni, að hún hefði átt að vita betur og koma þannig í veg fyrir að hún yrði fyrir kynferðisofbeldi aftur.

Petra náði einnig vel utan um sjálfsásökunina sem oft fylgir ofbeldissamböndum: „*Svo er líka bara erfitt að viðurkenna það fyrir sjálfum sér að hafa leyft þessu að gerast í svona langan tíma til dæmis.*“ Sjálfsásökunin sem Petra lýsir hér felur í sér að henni þykir það vera sér að kenna að ofbeldið hafi viðgengist svona lengi. Þannig hefur hún fært ábyrgðina á því að ofbeldið átti sér stað yfir á sínar herðar, þar sem hún leyfði þessu að gerast, af herðum fyrrverandi kærastans sem beitti hana ofbeldinu.

Skömmin og sjálfsásökunin teygðu sig meðal annars í líkamsímynd kvennanna og sjálfstraust og ein þeirra lýsti upplifun sinni á þá leið að ef einhver gæti komið svona fram við hana þá hlyti hún að vera eitthvað ógeðsleg. Þær tala einnig allar fyrir aukinni umræðu og Ingibjörg tengir það við það að skila skömminni:

Af því að ég held að það þurfi rosalega mikið á því að halda, að opna umræðuna á því, á þetta. Svo að fólk geri sér grein fyrir því hvað þetta er algengt. Og hvað þetta er ekkert til að skammast sín fyrir. [...] Maður skammast sín svo mikið fyrst. Af því að það, maður þarf svo að læra að þetta er ekki, skömmin er ekki þín.

Ingibjörg telur því aukna umræðu mikilvægan þátt í að brotapolar losni undan skömminni og samfélagið átti sig á algengi ofbeldis í nánnum samböndum unglunga. Undanfarið hefur borið talsvert á umfjöllun um kynferðisofbeldi og baráttu fyrir kynjajafnrétti, þar má til að mynda nefna þátttöku fatlaðra kvenna í druslugöngunni, en fatlaðar konur eru hópur sem nú er farið að fjalla sérstaklega um í tengslum við kynbundið ofbeldi. Umfjöllun í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum um druslustimplun og upplifun ungra kvenna af ofbeldi í nánnum samböndum hefur einnig verið nokkuð áberandi, auk fjölda annarra samfélagslegra herferða (Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, 2014; Sigríður Guðmarsdóttir og óþekktur höfundur, 2012; Snærós Sindradóttir, 2015; Viktoría Hermannsdóttir, 2015). Það gefur til kynna að ákveðin vitundarvakning hafi jafnvel átt sér stað nú þegar í samfélaginu og að jarðvegurinn sé allavega tilbúinn til þess að sá í umræðu-, fræðslu- og þekkingarfræjum .

Hjá helmingi kvennanna kom fram að þær virtust á tímabili hafa talið að ofbeldishegðun fyrrverandi kærastans mætti rekja til einhvers sem þær sögðu eða gerðu. Það á sterka tengingu í kenningar Lundgren (2012) um normaliseringu ofbeldis í nánnum samböndum. Tinna lýsti togstreitu sem tengdist sjálfsásökun þar sem hún þurfti að hafa þó nokkuð fyrir því að réttlæta ofbeldið, sem hún segist í raun hafa vitað af og að verið væri að brjóta á henni en hún hefði ekki viljað viðurkenna það. Sjálfsásökunin var fólgin í því að hún sannfærði sjálfa sig um að þættir í hennar fari og hegðun gerðu það að verkum að kærastinn kæmi svona fram við hana.

5.3 Erfiðleikar með traust

Í orðum viðmælenda komu sterkt fram erfiðleikar með traust í kjölfar upplifunar af kynferðisofbeldi í nánnum sambandi sem unglingar. Fimm kvennanna, á aldrinum 18 til 25 ára, voru einhleypar þegar viðtölin áttu sér stað, sem þær sögðu að miklu leyti stafa af erfiðleikum með traust. Ingibjörg orðar vel þá sameiginlegu reynslu þegar hún segir:

Ég á náttúrulega rosalega erfitt með að byrja að treysta fólki og hleypa því inn, sérstaklega karlmönnum. Þannig að þegar ég hugsa um, stundum væri ég alveg til í að hafa einhvern til að halda utan um mig, en ég vil, þú veist ég vil ekki byrjunarstigið þegar ég er að kynnast fólki. Þú veist, ég vil bara hafa manneskju sem ég get þú veist, komin yfir það og verið byrjuð að treysta henni. Þú veist, það er sú tilhugsun sem heillar mig stundum. En, þú veist, þegar kemur að því að hleypa fólki eða, þú veist, hleypa, sérstaklega karlmönnum, inn og allt þetta, það er eins og ég fari ósjálfrátt að segja alla ógeðslegu hlutina, bara „Hvenær fer hann? Hvenær gefst hann upp? Hvenær sér hann að ég er bara nutcase [klikkuð]?“

Þrátt fyrir að langa af og til að upplifa nánd og traust í sambandi vill Ingibjörg ekki fara í gegnum það að byggja upp traust í upphafi sambands. Varnarviðbrögð hennar við því að hleypa fólki og þá aðalega karlmönnum inn og tilraun til að sleppa þessu tímabili er að prófa þá sem hana langar að treysta með því að segja þeim „*alla ógeðslegu hlutina*“ sem hún gæti

í þessu samhengi talið vera reynslu sína af nauðgun í nánu sambandi, einelti í grunnskóla og ýmissa afleiðinga þess. Í þeim orðum skína í gegn erfiðleikar hennar með traust því að hún er ekki tilbúin að hleypa karlmönnum inn og treysta og virðist gera ráð fyrir því að þeir gefist upp og fari. Sambærilegir erfiðleikar með traust og ótti við að stofna til frekari náinna sambanda í kjölfar kynferðisofbeldis í nánu sambandi sem unglingur hafa einnig komið fram í rannsókn Wiklund o.fl. (2010).

Upplifun Petru rímar vel við þetta en hún segir: „Ég hafði ekki samskipti við stráka eftir þetta í tvö og hálf ár. Bara einhvern veginn lokaði mig bara alveg af eftir þetta. Bara ég treysti engum.“ Þar sem ofbeldið sem konurnar upplifðu átti sér stað í sambandi virðast þær einna helst eiga í erfiðleikum með traust í nánum samböndum og þær hafa allar nema ein átt í þó nokkrum erfiðleikum með náin sambönd við karlmenn eftir að ofbeldissambandinu lauk. Það að hafa upplifað ofbeldi í nánu sambandi sem unglingur hafa rannsóknir einnig sýnt fram á að geti haft áhrif á náin sambönd síðar á lífsleiðinni (Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012; Toscano, 2014; Wiklund o.fl., 2010).

Erfiðleikar með traust birtust hins vegar ekki bara í því að konurnar ættu erfitt með að treysta nýjum mökum heldur átti það líka við um annað fólk í kring um þær. Þannig virtust flestar konurnar hafa átt í erfiðleikum með mjög náin tengsl og tengdu það að upplifa sterkar tilfinningar þeirri upplifun að hafa ekki stjórn á aðstæðum. Sterk þörf fyrir að hafa stjórn á aðstæðum er gjarnan tengd upplifun af kynferðisofbeldi þar sem slík reynsla felur í sér að stjórn á aðstæðum er tekin af viðkomandi sem og sjálfræði yfir líkamanum, brotapolar kynferðisofbeldis virðast því nýta hin ýmsu bjargráð sem leið til að stjórna aðstæðum (Anna Bentína Hermansen, 2010; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir o.fl., 2014; Sigrún Sigurðardóttir, 2007). Í tengslum við það lýstu tvær þeirra kvenna sem eru mæður í dag, því að afleiðingarnar og reynslan af ofbeldinu hefði áhrif á samband þeirra við börnin sín. Önnur þeirra hafði átt börn í ofbeldissambandinu sem hún sagði að hefðu sjálf farið illa út úr því. Hin sagðist hafa upplifað allar sínar fæðingar hræðilegar þar sem hún hefði verið að missa stjórn á aðstæðum og taldi tenginguna við börnin sín ekki eins mikla og góða og hún hefði verið ef hún hefði ekki upplifað þetta kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur:

Það er ekkert með það að gera með móðurástina eða þannig, eða föðurástina eða hvað það er. Hvað maður elskar börnin sín mikið en það er einhvern veginn, það er alltaf einhverskonar svona hérna, æi ég veit ekki almennilega, svona glær veggur einhvern veginn. Maður passar, mér finnst, mér hefur alltaf, passað að halda öllu sem er rosalega miklar tilfinningar. Sem maður hefur ekki rosalega mikla stjórn á, að halda því aðeins frá sér.

Þessi viðmælandi átti í talsverðum erfiðleikum með að útskýra upplifun sína af þeim áhrifum sem hún taldi reynsluna hafa haft á samband sitt við börnin sín. Það olli henni greinilegum sársauka og hún lagði áherslu á í viðtalinu að hún væri sárust og reiðust yfir því að það

kynferðisofbeldi sem hún upplifði sem unglingur hefði áhrif á börnin hennar. Hún lýsir því að þrátt fyrir að afleiðingar ofbeldisins hafi ekkert með móðurástina að gera finnist henni eins og það sé glær veggur á milli hennar og barnanna hennar. Glæri veggurinn heldur í skefjum sterkum tilfinningum þannig að hún upplifi ekki að hún sé að missa stjórn á aðstæðum. Áhrif kynferðisofbeldis á tengsl brotþola við börn sín hefur einnig komið fram í öðrum rannsóknum (Anna Bentína Hermansen, 2010; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir o.fl., 2014; Sigrún Sigurðardóttir, 2007).

5.4 Kynlíf eftir kynferðisofbeldi

Erfiðleikar viðmælenda með kynlíf virðast nátengdir erfiðleikum með traust en allar höfðu konurnar átt í erfiðleikum með kynlíf eftir að ofbeldissambandinu lauk, allt frá erfiðleikum með einstaka stellingar, endurlit (e. *flash-back*), skort á kynhvöt, óöryggi með mörk, ranghugmyndir um kynlíf, hræðslu við að missa stjórn á aðstæðum, ýmsar líkamlegar afleiðingar ofbeldisins og yfir í að geta ekki hugsað sér að stunda kynlíf yfirhöfuð. Ein kvennanna sagðist koma auga á það í dag að hún hefði nýtt það sem varnarviðbragð að virða ekki mörk sín, sofa hjá mörgum og leyfa hvað sem er af ótta við að mörk hennar yrðu ekki virt ef hún setti þau:

Og þú veist bara ef að karlmaður blikkar mig að þá bara „já ókei nú þarf ég að sofa hjá honum“. Þú veist bara alskonar svoleiðis. Þannig að mín ímynd af kynlífi er ekki falleg. Ég upplifi það bara sem eitthvað ógeðslegt og hef gert það undanfarið. Ég er að reyna að læra það aftur núna í sumar að þetta sé eitthvað fallegt, en tilhugsunin um að leyfa karlmanni að snerta mig er ekki, ekki eitthvað sem ég get ímyndað mér. Þú veist ég get ekki hugsað mér það, allavega eins og er sko.

Þessi kona virðist hafa yfirfært upplifun og tilfinningar tengdar því kynferðisofbeldi sem hún upplifði í nánú sambandi sem unglingur yfir á kynlíf og afleiðingin er að hana hryllir við tilhugsuninni um það.

Fjallað var um berskjöldun hér að ofan og þar kom fram að ungur aldur og reynsluleysi viðmælenda virtist gera þeim erfiðara fyrir að setja mörk og koma auga á reynsluna, það kom einnig fram í upplifun Eddu af kynlífi eftir kynferðisofbeldi: „*Það er það sem er súrast við þetta, maður er farinn að leita í þetta af því að þetta er það eina sem maður þekkir.*“ Edda lýsir því hér að þar sem hún hafi ekki vitað betur og talið ofbeldið eðlilegan hluta sambandsins hafi hún í gegnum tíðina leitað í ofbeldisaðstæður og karla sem komu illa fram við hana í þeirri trú að þannig ættu ástarsambönd að vera. Reynslan hafði því mikil áhrif á kynheilbrigði brotþola og ein þeirra dregur vel saman þá upplifun:

Þetta er sem sagt mín fyrsta kynlífsreynsla þannig það má segja að mín viðhorf gagnvart kynlífi hafi alltaf verið frekar brengluð. Þú veist, ég hef alltaf haldið, leið alltaf eins og það væri ótrúlega eftirsóknarvert að vera sexy og til í

allt stelpan, bara en ég er bara að reyna að læra það í dag svona í bara meðferðinni á Stígamótum að kynlíf getur verið eitthvað fallegt, en ekki bara að láta sig hafa það.

Þessi viðmælandi virðist þannig ekki hafa fengið að móta sína kynvitund og viðhorf til kynlífs á eigin forsendum og þar sem viðhorfið var skakkt strax í upphafi hefur tekið langan tíma að vinda ofan af þeim hugmyndum. Konurnar nefndu allar tilhneingingu til að forðast kynlíf en það að kynlíf sé eitthvað sem þær „láta sig hafa“ eða forðast gefur til kynna að það sé ekki stundað á þeirra forsendum og þær njóti þess ekki. Það að láta sig hafa það hefur komið fram sem afleiðing kynferðisofbeldis í fleiri rannsóknum og virðist tengt langvarandi erfiðleikum með kynlíf eftir kynferðisofbeldi. Það að láta sig hafa það felur í sér að brotapolar stundi kynlíf ýmist til að þóknast mökum sínum eða til að uppfylla óskrifaða samfélagskröfu um kynlíf frekar en af eigin löngun (Anna Bentína Hermansen, 2010; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014; Sigrún Sigurðardóttir, 2007).

Barátta gegn kynferðisofbeldi einkenndist í nokkur ár af herferðum þar sem klifað var á slagorðinu „nei þýðir nei“ (Áshildur Bragadóttir og Theódóra Þórarinsdóttir, 1995; Mbl.is, 1997). Upplifun þeirra kvenna sem hér hefur verið rætt við gefur hins vegar til kynna að slíkar herferðir horfi fram hjá því hve máttlaust nei þeirra verður í því valdamisræmi og þeim þrýsting sem ríkir í ofbeldissamböndum auk þess sem nei-ið sé ekki endilega orðað með beinum hætti í hvert skipti eins og Þórunn Blöndal (2013) hefur bent á í grein sinni um hvernig konur orða „samþykki“ við kynmökum. Það má tengja við ummæli Petru um þrýsting en hún segir: „*[M]ér leið eins og ég gæti ekki gert neitt. Þú veist ég er búin að segja nei, hvað annað get ég gert en að segja nei?*“ Þegar ekki var tekið mark á því þegar Petra sagði nei upplifði hún sig valdalaus og úrræðalaus þar sem henni fannst hún ekkert geta gert annað en að segja nei. Umfjöllun Samþykki er sexý hópsins (e.d.) um orðaða og ekki orðaða neitun við kynmökum gefur einnig til kynna að neitun geti falist í öðrum orðum og merkjum en nei-i og að ýmis líkamstjáning geti einnig verið merki um neitun. Hvorki orðuð né óorðuð neitun hefur hins vegar mikla þýðingu þegar vilji er til að brjóta gegn annarri manneskju líkt og Petra lýsir.

Erfiðleikar með kynlíf komu einnig fram í erfiðleikum með að tengja tilfinningar og kynlíf saman. Einn viðmælandinn segir: „*Mér finnst svo erfitt að tengja saman tilfinningar við kynlíf.*“ Þetta lýsir vel þeirri tilhneingingu brotápola til að aftengja sig, láta sig hafa það eða forðast kynlíf. Fleiri viðmælendum þótti erfitt að tengja kynlíf við tilfinningar og eitt bjargráð til að aftengja kynlíf og tilfinningar er að drekka áfengi eins og sést í orðum þessa viðmælanda: „*Já þetta og líka að geta ekki stundað kynlíf án þess að drekka. Það er rosalega margra ára tímabil sem ég hef upplifað það svoléiðis. Bara það var bara ekki hægt, varð að drekka og drekka svolítið vel.*“ Þessi kona upplifði í mörg ár að hún gæti ekki ekki stundað kynlíf nema

undir áhrifum áfengis en það hefur einnig komið fram í fleiri rannsóknum (Anna Bentína Hermansen, 2010; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007).

Tvær kvennanna lýsa því að vilja alls ekki stunda kynlíf sem þær tala um sem leið til að standa með sjálfri sér. Önnur þeirra hafði lengi stundað kynlíf án þess að langa það en látið sig hafa það maka síns vegna, hún segist nú hætt því til að virða sín eigin mörk og langanir og hin segist ekki geta hugsað sér að stunda kynlíf þar sem hana hrylli við tilhugsuninni. Þrátt fyrir að ákvörðunin hafi ekki verið konunum auðveld sáu þær ekki annan betri kost í stöðunni að svo stöddu. Erfiðleikar með kynlíf eftir kynferðisofbeldi hafa einnig komið fram í fyrri rannsóknum (Anna Bentína Hermansen, 2010; Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007; Wiklund o.fl., 2010).

5.5 Þunglyndi og sjálfsskaðandi hegðun

Konurnar höfðu allar upplifað þunglyndi í kjölfar kynferðisofbeldisins og ofan í vanlíðan, óöryggi og fleiri afleiðingar höfðu níu af tíu sýnt sjálfsskaðandi hegðun. Hver og ein virtist sýna ýmsar gerðir sjálfsskaðandi hegðunar, ein hafði drukkið mikið, sokkið djúpt í fíkniefnaneyslu, ekki virt eigin mörk þegar kom að kynlífi og glímt við sjálfsskaðandi hugsanir. Annar viðmælandi byrjaði að skera sig á meðan sambandinu stóð, þriðja konan hafði ekki virt eigin mörk þegar kom að kynlífi eftir sambandið og glýmdi við sjálfsmorðshugsanir. Fjórdi og fimmti viðmælandinn glímdi við sjálfsskaðandi hugsanir sem leiddu til þess að konurnar gerðu tilraun til að svipta sig lífi. Sú sjötta hafði drukkið mikið og glímt við sjálfsskaðandi hugsanir sem sú sjöunda hafði einnig gert auk þess að hafa ekki virt eigin mörk þegar kom að kynlífi eftir sambandið. Sú áttunda hafði glímt við sjálfsskaðandi hugsanir og níundi viðmælandinn hafði drukkið mikið í kjölfar reynslunnar auk þess að hafa ekki virt mörk sín þegar kom að kynlífi eftir kynferðisofbeldið. Tíundi viðmælandinn lýsti ekki sérstaklega neinu sem túlka mætti sem sjálfsskaðandi hegðun sem þarf þó ekki að útiloka að það hafi átt sér stað þar sem ekki var spurt út í sjálfsskaðandi hegðun með beinum hætti í viðtölunum.

Sjö kvennanna glímdi við mikinn kvíða í kjölfar upplifunar sinnar af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar. Tvær þeirra töluðu sérstaklega um að kvíðinn væri greinilega tilkominn vegna sambandsins, önnur þeirra lýsir því með þessum orðum: „Ég var allavega ekki með kvíða sko áður en þetta gerðist. Kannski þunglynd út af einelti og eitthvað svona en ekki [með] kvíða sko. Það er eitthvað sem var alveg nýtt.“ Þessi kona virðist tengja kvíðann sérstaklega við ofbeldissambandið þó svo að hún telji þunglyndið hafa byrjað áður en að sambandið hófst.

Sjö kvennanna lýsa því skýrt að uppsafnaðar afleiðingar hafi valdið því að þær hafi upplifað andlegt þrot sem oftast en ekki varð til þess að þær fóru að vinna úr reynslu sinni. Meðal þess sem kom fram í tengslum við það andlega þrot sem konurnar lýstu í kjölfar

afleiðinganna er taugaáfall, sjálfsmorðstilraun, flogaveiki, kvíðaköst og brottfall úr skóla, auk þess sem einhverjir viðmælendur upplifðu einnig líkamlegt þrot sem leiddi til innlagnar á sjúkrahús eða langvarandi sjúkdóms. Þessi upplifun leiddi oft til þess að konurnar fóru að leita sér hjálpar eða vinna úr afleiðingunum á einhvern hátt. Það tengist niðurstöðum Sigrúnar Sigurðardóttur (2007) og Sigríðar Hrannar Bjarnadóttur (2014) sem klifa á mikilvægi þess að brotápolar kynferðisofbeldis vinni úr reynslu sinni. Mikilvægi þess að vinna úr reynslunni kom endurtekið fram í orðum viðmælenda og virtist Embla til að mynda mjög meðvituð um það:

Það er í rauninni sko fer allt af stað sko, í huganum og líkamanum sko. Þegar, maður getur ekki, með því að sleppa því að vinna úr þessu, það getur, það er í rauninni held ég að sé bara frekar hættulegt. Það er líka erfitt að vinna úr þessu sko en svona eftir á þá gefur það manni samt svo mikinn styrk einhvern veginn. Það erfiðasta í rauninni, það erfiðasta sem mér hefur fundist er að sætta sig við afleiðingarnar. Ég hérna, ég er löngu búin að afgreiða atburðina sem slíka[.]

Embla lýsir hér upplifun sinni af því að vinna úr afleiðingunum og vísar til þess að rót komist á tilfinningar og líkama við úrvinnslu þegar hún segir „*fer allt af stað sko*“. Hún nefnir að það sé ómögulegt og jafnvel hættulegt að vinna ekki úr reynslunni fyrir utan það hvað það geti veitt mikinn styrk að takast á við erfiða reynslu. Þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum ýmis áföll, nýtt sér ólíkar aðferðir við að vinna úr reynslunni og finnast hún vera búin að vinna úr atburðinum sjálfum þykir henni enn erfitt að takast á við afleiðingarnar og sætta sig við að þær séu hluti af hennar daglega lífi.

Ýmis mynstur sem koma fram í tengslum við ofbeldissambönd fullorðinna og afleiðingar sem fylgja þeim virðast einnig eiga við um reynslu brotápolna af afleiðingum í kjölfar ofbeldis í nánnum samböndum sem unglingar (Haaland o.fl., 2005; Stenson o.fl., 2006; Sveriges Kommuner och Landsting, 2006). Sérstaða unglinga í ofbeldissamböndum birtist hins vegar meðal annars í þeim áhrifum sem reynslan hafði á skólagöngu kvennanna þar sem þær voru í skóla á meðan samböndunum stóð. Auk þess virðist ungur aldur og það að konurnar höfðu oft og tíðum enga aðra reynslu að miða við þegar kom að kynlífi og nánnum samböndum, geta ýkt enn frekar normalíseringu ofbeldisins í sambandinu og afleiðingarnar.

5.6 Samantekt

Reynsla brotápolna af kynferðisofbeldi í nánnum sambandi sem unglingar hafði með margvíslegum hætti sett mark sitt á líf allra viðmælenda. Hjá öllum konunum hafði upplifunin haft áhrif á skólagöngu þeirra. Skömm og sjálfsásökun yfir að hafa ekki vitað betur og getað komið í veg fyrir ofbeldið kom einnig fram. Allar nema ein lýstu þær erfiðleikum með traust, sem beindist sérstaklega að karlmönnum og nánnum samböndum. Erfiðleikar með traust settu hins vegar einnig mark sitt á önnur sambönd og samskipti brotápolna, til að mynda við börn

sín. Allar höfðu konurnar átt í einhverskonar erfiðleikum með kynlíf eftir reynslu sína af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar og virtist sú afleiðing hvíla þungt á þeim. Erfiðleikar með kynlíf komu fram með ólíkum hætti, til dæmis í því að virða ekki mörk sín og láta sig hafa það, leita í ofbeldisaðstæður, aftengja kynlíf og tilfinningar, til dæmis með áfengi og að geta ekki hugsað sér að stunda kynlíf yfirhöfuð. Allar höfðu konurnar einnig fundið fyrir þunglyndi og allar nema ein höfðu sýnt sjálfsskaðandi hegðun í einhverri mynd. Flestar kvennanna glímdu við mikinn kvíða auk þess sem sjö höfðu upplifað einhvers konar andlegt þrot sem leiddi oft til þess að þær fóru að vinna úr reynslunni. Afleiðingar reynslunnar voru því viðvarandi og áberandi hluti af lífi viðmælenda sem reyndist þeim oft og tíðum erfitt að sætta sig við og vinna með.

6 Úrvinnsla

Úrvinnsla viðmælenda kom sterkt fram í orðum þeirra allra á einn eða annan hátt og er umfjöllun um hana skipt upp í sjö hluta. Fyrsti hlutinn snýr að reynslu brotáþola af sálfræðiaðstoð og annarri úrvinnsluþjónustu. Í öðrum hluta er fjallað um hvernig viðmælendum gekk að koma auga á reynslu sína sem ofbeldi. Þriðji hlutinn fjallar um upplifun brotáþola af ofbeldismanninum, hvaða áhrif það hafði á úrvinnslu þeirra og tengsl við klám og klámvæðingu. Í hluta fjögur er fjallað um þau viðhorf sem brotáþolar upplifðu frá samfélaginu í tengslum við reynslu sína. Í kjölfarið er í fimmta hluta sagt frá upplifun kvennanna af því hvernig þeirra mál féllu að réttarkerfinu. Hluti sex snýr að eigin leiðum viðmælenda til úrvinnslu og sá sjöundi fjallar um hvernig konurnar hafa reynt að ljá reynslu sinni merkingu.

6.1 Reynsla af þjónustu

Viðmælendurnir voru á ólíkum stað í úrvinnslu og konurnar höfðu ekki allar leitað sér hjálpar eða unnið úr ofbeldissambandinu sérstaklega. Líkt og kom fram í kafla tvö virðist ekki gert ráð fyrir unglíngum með reynslu af kynferðisofbeldi í nánú sambandi í úrvinnslukerfinu. Það sýnir fram á sérstöðu unglíngja þegar kemur að ofbeldi í nánú samböndum, en með því að ekki sé fjallað um reynslu þeirra eða gert ráð fyrir henni eru brotáþolum með slíka reynslu send þau skilaboð að reynsla þeirra sé ekki til.

Sex kvennanna höfðu nýtt sér aðstoð sem er sérstaklega sniðin að brotáþolum kynbundins ofbeldis, sú aðstoð var á vegum Stígamóta, Aflsins og Kvænnaathvarfsins. Ein nýtti sér lífstílsráðgjöf sem fól í sér æfingar í sjálfsumhyggju og sjálfstyrkingu, ein var að klára rúmlega ársmeðferð hjá BUGL og tvær glímdu við fíkn sem afleiðingu ofbeldisins og voru virkar í þar til gerðum samtökum, önnur í AA- samtökunum (e. *Alcolics anonymous*) og hin í SLAA (e. *Sex and love addicts anonymous*). Allar nema ein höfðu leitað til sálfræðinga á einhverjum tímapunkti í úrvinnslu sinni en höfðu afar misjafna reynslu af þeim. Flestar áttu þær bæði góða og slæma reynslu af sálfræðimeðferð. Tvær höfðu góða reynslu af sálfræðiaðstoð námsráðgjafa og skólasáfræðings en sjö þeirra upplifðu hins vegar að annað hvort sálfræðingurinn persónulega eða sálfræðiþjónustu kerfið í heild hefði ekki sýnt reynslu þeirra skilning eða tekið hana alvarlega. Anna segir til að mynda:

Mér fannst hún [sálfræðingurinn] eiginlega bara láta mér líða illa og jafnvel bara [eins og ég væri] vitlaus og hún sagði að ég ætti ekki að hugsa það sem ég væri að hugsa. Mér fannst það voða mikið. Fannst hún ekki vera að virða það sem að ég var að segja, hún bara svona „nei þetta er bara vitleysa hjá þér, þetta er ekkert rétt, hættu bara að hugsa svona.“

Anna upplifði lítinn skilning hjá sálfræðingnum og fannst hann gera lítið úr reynslu hennar og hugsunum. Fleiri viðmælendur lýstu erfiðleikum með að fá sálfræðiaðstoð sem unglingar og það virtist afar hamlandi í úrvinnsluferli þeirra. Einn viðmælandinn hafði sóst eftir sjálfræðiaðstoð í grunnskólanum sínum sem unglingur án þess þó að treysta sér til að tilgreina upplifun af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem ástæðu þess. Henni var hins vegar tjáð að hún þyrfti ekki á sjálfræðingi að halda. Hún upplifði að vanlíðan hennar hefði ekki verið tekin alvarlega og hafði fyrir viðtalið aldrei tjáð sig um reynslu sína.

Þrjár kvennanna höfðu leitað til geðlækna sem hentaði þeim misvel og ein þeirra lýsir því að geðlæknirinn hafi ekki tekið mark á reynslu hennar: „*En það gekk ekki upp af því að honum fannst, af því að ég væri ekki orðin fullorðin þá væri ég bara dramatískur unglingur.*” Þessi viðmælandi lýsir því að þar sem hún hafi ekki verið orðin sjálfráða þegar hún fór til geðlæknisins hafi hann gert lítið úr reynslu hennar, komið fram við hana eins og dramatískan ungling og neitað að tala við hana í einrúmi, þrátt fyrir að móðir hennar hafi veitt fullt samþykki fyrir því.

Fjórir viðmælendur lýstu því að hafa ekki fengið þá sálrænu aðstoð sem þeir hefðu þurft en að þeim hefðu hins vegar verið gefin ógrynni af lyfjum eins og sést vel á orðum eins viðmælandans sem sagðist hafa óskað þess í kjölfar tilraunar til sjálfsvígs sem unglingur, að tími með geðlækni og sálfræðingi yrði till þess að hún yrði lögð inn svo hún fengi aðstoð. Það var hins vegar ekki gert og hún lýsir hér vonbrigðum sínum: „*Og bara spurðu mig einhverra spurninga og svo vildu þeir [geðlæknir og sálfræðingur] bara hækka skammtinn minn á þunglyndislyfjunum, setja mig á svefnlyf og þá var ég bara útskrifuð.*“ Viðbrögð þessa geðlæknis og sálfræðings sem hækkuðu skammt hennar á þunglyndislyfjum og bættu við svefnlyfjum en veittu henni ekki neina aðstoð í formi samtalsmeðferðar eins og hún var að vona, urðu til þess að henni fannst ekki tekið mark á vanlíðan sinni. Sigrún Sigurðardóttir (2007) hefur bent á að viðmælendur hennar hafi ítrekað ekki fengið viðeigandi aðstoð eða skilning en nóg af lyfjum sem rímar vel við upplifun þessa viðmælanda.

Það voru ýmsar ástæður fyrir því að viðmælendum reyndist erfitt að finna sálfræðiaðstoð, helstu ástæðurnar voru þó að aðstoðin var of dýr eða einfaldlega ekki til staðar þar sem þær bjuggu. Embla lýsir mikilli óánægju með að sú þjónusta sem hún þurfti hafi ekki verið til staðar þar sem hún býr:

En það er bara ekki í boði, og það finnst mér alveg svakalegt af því að þetta er svo hrikalega dýrt fyrir samfélagið, hugsaðu þér að hafa herna svona mikið af fólki óvinnufært af því að það fær ekki hjálp. Þetta er bara fáránlegt.

Embla lýsti því að niðurskurður á sálfræðiaðstoð og úrvinnsluþjónustu sérstaklega ætlaða brotapolum kynferðisofbeldis á landsbyggðinni væri ekki hugsaður til enda heldur væri verið að færa kostnað úr einum vasa í annan þar sem margt fólk yrði til að mynda óvinnufært

vegna skorts á þjónustu. Skortur á úrvinnsluþjónustu á landsbyggðinni hefur sem áður segir komið fram í rannsókn Guðrúnar Helgu Sederholm (2010) og grein Krístrúnar Helgu Ólafsdóttur og Freydísar Jónu Freysteinsdóttur (2012).

Gera ráð fyrir að ungur aldur og reynsluleysi kvennanna sem unglingar hafi einnig átt stóran þátt í því að konunum reyndist erfitt að finna og nálgast faglega sálfræðiaðstoð. Það að finna eða eiga fyrir sálfræðiaðstoð var þó ekki það eina sem hélt viðmælendum frá því að nýta sér þjónustu almennra sálfræðinga heldur reyndist þeim oft erfitt að finna sálfræðing sem þær treystu fyrir reynslu sinni og þær langaði að ræða við. Þegar ekki var kostur á faglegri aðstoð leituðu konurnar oft eigin leiða við úrvinnslu, til grasrótarsamtaka eða í aðstoð ófaglærðra. Þær sem höfðu nýtt sér aðstoð Stígamóta og Aflsins, sem er sérhæfð aðstoð fyrir brotþola kynferðisofbeldis, töldu það hafa hjálpað sér mikið í úrvinnsluferlinu. Það undirstrikar mikilvægi slíkrar þjónustu en jafnframt mikilvægi þess að reynsla þeirra sé samfélagslega viðurkennd og tekin alvarlega. Það virðist hætt við því að brotþolar kynferðisofbeldis í nánnum samböndum unglinga falli milli flokka, sem sést í því að viðmælendur voru unglingar þegar ofbeldið átti sér stað og þannig flestar börn í augum laga en jafnframt að glíma við afar fullorðinslega reynslu. Það reyndist tveimur viðmælendum flókið þegar þeim var vísað til Barnahúss vegna reynslu sinnar þar sem þær upplifðu að reynslan ætti ekki erindi þangað og aðstoðin væri jafnvel of barnaleg fyrir þær. Nokkrir viðmælendur höfðu ekki treyst sér til að leita til samtaka sem sérhæfa sig í aðstoð fyrir brotþola kynferðisofbeldis, ein þeirra segir til að mynda:

Af því að mér líður einhvern veginn eins og ef að ég fer þangað þú veist þar sem þetta eru samtök sem sérhæfa sig í þessu, eins og ég sé að viðurkenna of mikið. Og þetta varð of mikið fyrir mig og ég bara þorði ekki að fara.

Þessi kona hafði pantað sér tíma hjá Stígamótum en þegar að tímanum kom treysti hún sér ekki til að fara og leið eins og ef hún færi þangað að leita sér hjálpar væri hún búin að viðurkenna opinberlega að um kynferðisofbeldi hefði verið að ræða. Þrátt fyrir að hún tæki fram í viðtalinu að hún væri ekki lengur hrædd við að viðurkenna að hún hefði upplifað ofbeldi og að túlka megi það að hún bjóði fram þátttöku sína í þessari rannsókn sem viðurkenningu á að um kynferðisofbeldi hafi verið að ræða, þá virtust þau skref henni ekki eins erfið og opinber og að nýta sér aðstoð Stígamóta.

6.2 Að koma auga á reynsluna

Konurnar lýstu því allar að þær hefðu ekki komið auga á að um ofbeldi hefði verið að ræða fyrr en eftir annaðhvort langan tíma í sambandinu eða eftir að því lauk. Sigrún Júlíusdóttir (2011) segir það geta verið ákveðin varnarviðbrögð hjá brotþolum að koma ekki auga á reynsluna í einhvern tíma. Ingibjörg segist hafa grafið reynsluna af kynferðisofbeldi í

sambandinu svo djúpt niður að hún gleymdi henni í hálf tveim árum þar sem hún hafi ekki viljað trúa þessu. Petra nær vel utan um upplifunina þegar hún segir: „*Það er alveg bara örugglega ári seinna sem að ég átta mig á að þetta er alveg ofbeldi en ekki bara eitthvað skrítið samband.*“ Það að efast um hvort reynsla þeirra hafi verið nógu alvarleg til að teljast ofbeldi gerði konunum erfitt fyrir í að staðsetja reynslu sína sem ofbeldi. Þessi efi kemur líka fram í rannsókn Sharyl Eve Toscano (2014) sem lýsir því að þrátt fyrir að brotabolar ofbeldis í samböndum hefðu upplifað mikinn þrýsting til kynlífs frá kærustunum hefði mikið af þrýstingnum einnig verið innbyggður í þær sjálfar. Þetta má einnig tengja við kenningar Bartky (1998), Foucault (1977) og Lundgren (2012) um innhverfingu aga og normalísingu að því leyti að þau viðhorf ofbeldismannsins að hegðunin sé ekki ofbeldi heldur eðlilegur hluti sambandsins innhverfist í þær sjálfar.

Normalísing á ofbeldinu innan sambandsins olli konunum oft og tíðum miklum efa og gerði upplifun þeirra flókna eins og sést í orðum Elínar:

[...]það er svo þunn lína, ég er ekki viss hvar ég var að samþykkja og hvenær ekki af því að það er búið að heilapvo mann svo mikið þannig að maður heldur að þetta sé allt bara í fínu lagi þannig ég veit ekkert alveg hvar hann fór yfir línuna.

Elín átti í miklum erfiðleikum með að ná utan um reynsluna sem ofbeldi því langvarandi andlegt ofbeldi, þrýstingur og normalísing innan sambandsins gerði það að verkum að hún vissi ekki lengur hvenær hún var raunverulega að samþykkja kynmök og kynferðisathafnir og hvenær ekki. Þetta olli því að hún upplifði sífelldan efa um eigin mörk og um hvort reynsla hennar gæti raunverulega talist kynferðisofbeldi. Petra lýsti samskonar efa: „*Það kom svona alveg, vildi ég þetta í alvörunni? Hvort hann hafi bara verið, ég veit það ekki að nota einhverja galdra á hausinn á mér.*“ Upplifanir Petru og Elínar gefa til kynna að það geti reynst unglingsstúlkum sérstaklega flókið að skilgreina reynslu sína af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem ofbeldi, þar sem ofbeldið virðist normalíserað innan sambandsins og mörkin milli samþykkis og ekki samþykkis verða því afar óljós. Ungur aldur og reynsluleysi virtist gera Eddu erfitt fyrir að koma auga á reynsluna og hún lýsir vel togstreitunni sem fylgdi: „*Þetta var eitthvað sem mig langaði ekkert, skilurðu? En ég gat ekkert sett það í samhengi.*“ Þrátt fyrir að upplifa vanlíðan og að hún væri að gera eitthvað sem hana langaði ekki gat hún ekki sett upplifun sína í samhengi við samfélagslega þætti eins og ofbeldi í nánum samböndum, klámvæðingu eða kynjamisrétti svo eitthvað sé nefnt. Embla segir jafnframt um upplifun sína af því að hafa ekki komið auga á ofbeldið: „*[M]ér fannst þetta allt eitthvað svo ógeðslegt. En samt þú veist komin í einhvern svona vítahring þannig að ég var að reyna að sannfæra sjálfa mig um að þetta væri allt í lagi. Að þetta væri bara normalt[.]*“ Upplifun Emblu einkenndist af því að henni fannst hún föst í vítahring ofbeldis og fannst allt við það ógeðslegt en hún reyndi samt sem áður að sannfæra sig um að þetta væri eðlilegt og í lagi.

Kynlíf var lengi álitinn sjálfsgöður réttur karla og því var lengi óhugsandi að nauðga í hjónabandi í lagalegum skilningi (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Finnborg Salome Steinþórsdóttir (2014) hefur einnig bent á að til ársins 2007 voru í gildi ákvæði, 205. gr. almennra hegningarlaga sem gerðu það að verkum að fella mátti niður refsingu fyrir kynferðisbrot ef konan og ofbeldismaðurinn héldu áfram sambúð, tóku upp sambúð eða giftu sig eftir að kynferðisbrotið var framið. Í frumvarpi til laga frá árinu 2007 var hins vegar lagt til að ákvæðið yrði fellt úr gildi þar sem bent var á að nán tengsl brotþola og ofbeldismanns gerðu brotið jafnvel enn alvarlegra en ella, þar sem brotið sé einnig gegn því trausti og trúnaði sem jafnan ríki í nánnum samböndum (Þingkjal nr. 20/2006-2007. Frumvarp til laga). Þó svo að búið sé að fella áður nefnt ákvæði úr gildi og það eigi því að vera mögulegt að dæma fyrir nauðgun þegar ofbeldismaðurinn er eiginmaður eða sambýlismaður brotþola virðist enn votta fyrir efa í samfélaginu um að kynferðisofbeldi geti átt sér stað í nánnum samböndum.

Af þeim þátttakendum sem höfðu nýtt sér sérhæfða aðstoð fyrir brotþola sögðust fjórar ekki hafa áttað sig á alvarleika ofbeldisins fyrr en þær byrjuðu í meðferðinni. Ein kvennanna efaðist til dæmis sjálf um hvort starfskonur Stígamóta myndu taka mark á reynslu hennar þar sem fólk hefði stundum sagt við hana að það efaðist um að kynferðisofbeldi gæti átt sér stað í sambandi:

Kannski senda þær mig bara heim af því að, þú veist, þetta var ekkert það alvarlegt, þú veist, við vorum náttúrulega í sambandi. [...] og það er ekki fyrr en ég fer aðeins, fyrr en ég átta mig bara á, já alvarleikanum á bak við þetta, í já andlegu kúguninni sko hvað þetta var mikil andleg kúgun og líkamleg í rauninni líka, hvað þetta var þú veist eins og ég sagði ég varð oft hrædd við hann bara í kynlífi, af því hann var svo harkalegur við mig. En ég einhvern veginn bara, hélt að þetta ætti bara að vera svona.

Efi hennar um hvort að reynsla hennar hafi getað verið ofbeldi þrátt fyrir að hafa átt sér stað í sambandi kristallast í því að hún hélt að svona ætti þetta bara að vera. Það ber einnig með sér undirtón þess að hafa ekki vitað betur sem getur átt sér rætur í þeirri berskjöldun sem áður var komið inn á, ungum aldri viðmælenda eða skorti á fræðslu sem þær nefna allar. Þau viðhorf sem þessi kona hafði fundið fyrir hjá fólki að slíkt gæti ekki átt sér stað í samböndum komu síðan fram í hennar eigin hugsunum þegar hún fór fyrst á Stígamót og óttaðist að starfskonurnar myndu gera lítið úr reynslu hennar og senda hana heim. Önnur kona sem hafði nýtt sér þjónustu Stígamóta lýsti svipaðri upplifun af fyrstu heimsókninni þangað: „*Já og þá bara fékk ég loksins svörin, að það sem kom fyrir mig það var ofbeldi þó svo að hann væri kærastinn minn, það var náttúrulega aðalmálið. Þetta var kærastinn minn.*“ Í orðum þessa viðmælenda má greina ákveðinn létti yfir því að fá staðfestingu á því að reynsla hennar væri ofbeldi, þrátt fyrir að ofbeldismaðurinn væri kærasti hennar.

Toscano (2014) tekur fram að í eigindlegri rannsókn sinni á reynslu tíu brotþola ofbeldis í samböndum sem unglingar, hafi ummæli viðmælendanna um „hið fullkomna samband“, æskuástina, eigin pressu og að finnast þær bundnar kærastanum gert þeim erfiðara fyrir að slíta sambandinu. Það að finnast þær bundnar kærastanum getur til dæmis komið fram í meðvirkni og sjálfsgagnrýni líkt og hjá Emblu, sem hafði átt erfitt með að slíta sambandinu:

[M]ér var búið að líða rosalega, rosalega illa lengi og búin að reyna að hugsa með mér að ég verð að reyna að koma mér út úr þessu. En ég átti svo erfitt með það vegna þess að hann sagðist alltaf vera svo ofboðslega ástfanginn af mér og hérna ég átti svo erfitt með að vera vond við hann.

Þrátt fyrir að Emblu hefði lengi liðið illa í sambandinu og langaði að slíta því átti hún erfitt með það þar sem að kærastinn sagðist vera ofboðslega ástfanginn af henni og henni leið því eins og hún væri vond við hann ef hún myndi hætta með honum. Líkt og í niðurstöðum Toscano (2014) kom stjórnun með andlegu ofbeldi fram með einhverjum hætti í öllum samböndunum. Toscano telur stjórnun eina skýrustu birtingarmynd andlegs ofbeldis í nánnum samböndum unglinga sem virtist oft auðvelt að ná með tilliti til þess nána sambands sem myndast og leiðir oft til þess að brotþolar þróa með sér samviskubit og ábyrgð. Það fellur vel að niðurstöðum rannsóknarinnar þar sem konurnar áttu erfitt með að koma auga á hvenær var brotið á þeim og fannst kynferðisofbeldið jafnvel hafa getað verið sín hugmynd, Elín segir til dæmis:

[H]vort að hann hafi verið búinn að, náttúrliga ýta og ýta og ýta á mig með allt hitt, en ekki með þetta þannig að mér einhvern veginn leið eins og þetta væri mín hugmynd, æi ég veit það ekki. Eitthvað svona snúið sko.

Elín upplifði sífellan þrýsting til kynferðisathafna í sambandinu og átti því afar erfitt með að koma auga á ofbeldið. Í orðum hennar má einnig greina ákveðna togstreitu á milli þess að finnast það hafa verið sín hugmynd að taka þátt í þessari kynferðisathöfn og þess að hún virðist meðvituð um áhrif þrýstings til kynferðisathafna. Í orðum eins viðmælenda í rannsókn Barter o.fl. (2009) virðist unglingsstúlka eiga erfitt með að koma auga á stjórnun og þrýsting til kynferðisathafna í sambandinu og því er henni óljóst hvaða ákvarðanir eru raunverulega hennar og hverjar eru teknar til að gera kærastanum til geðs: „Ég tek ákvarðanirnar en ég tek þær til að þóknast honum[.]“ (Barter o.fl., 2009: 114, mín þýðing)². Þessum ummælum svipar mjög til þeirrar upplifunar sem Elín lýsir og má áætla að sé hluti bjargráða brotþola. Bjargráðin eru fólgin í því að með þessum hætti getur viðkomandi haldið í hugmyndir um eigin gerendahæfni og stjórn á aðstæðum sem geta verið mikilvægur þáttur í að lifa af ofbeldisaðstæður (Wiklund o.fl., 2010).

² “I make the decisions but I make them to suit him[.]“

6.3 Ofbeldismaðurinn

Ofbeldismennirnir sem konurnar vísuðu til varðandi reynslu sína af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar voru í öllum tilfellum kærastar þeirra. Þeir voru allir íslenskir og voru á aldursbilinu 13 til 30 ára þegar á ofbeldissamböndunum stóð. Í fimm viðtalana virtist valdamisræmi í sambandinu geta verið tilkomið vegna aldursmunar ofbeldismanns og brotþola. Í hinum helmingnum voru ofbeldismenn hins vegar unglingar á sama aldri og brotþolar. Ungur aldur ofbeldismannanna virtist þannig ekki útiloka valdamisræmi eða beitingu á kynferðisofbeldi. Það gefur til kynna að mýtur um ókunnuga útlenda ofbeldismenn eigi sér ekki stóð í raunveruleikanum, auk þess sem ljóst er að ofbeldismenn geta einnig verið börn eða unglingar.

Eftir reynslu sína af ofbeldi í nánu sambandi við unglingsdrengr á sama aldri upplifði Tinna að hún væri lægra sett og að það ætti bara að vera þannig, hún kom skýrt í orð hvers vegna: „*Já, það verður náttúrliga bara valdamisræmi. Þú veist, þetta var eiginlega bara þannig að hann réð og ég átti bara að taka því, skilurðu.*“ Upplifun Tinnu af því að vera lægra sett en kærastinn telur hún tilkomna vegna valdamisræmis með skýra undir- og yfirskipun, þar sem hann réð og hún átti að þóknast honum.

Ein ástæða þess að viðmælendum reyndist erfitt að koma auga á reynslu sína er að með því að skilgreina reynsluna sem ofbeldi var líka verið að skilgreina kærastann sem ofbeldismann og það reyndist mörgum kvennanna afar flókið. Það hefur einnig komið fram í öðrum rannsóknum (Lundgren, 2012; Toscano, 2014). Ingibjörg segir um upplifun sína af fyrrverandi kærasta sínum á meðan á sambandinu stóð:

[Þ]að olli mér rosalegu hugarbroti fyrst af því að ég náttúrliga sá hann aldrei sem ofbeldismann. Ég sá hann bara sem einhvern sem hafði gert mér einhver smá mistök, en var ekki einu sinni viss, kannski hafði hann alveg rétt á því af því að við vorum í sambandi.

Í orðum Ingibjargar kemur sterkt fram efi um að reynsla hennar hafi verið nógu alvarleg til að geta talist ofbeldi en einnig kemur fram togstreita við að staðsetja reynslu sína sem ofbeldi og þar að leiðandi kærastann sem ofbeldismann. Jóna tekur í sama streng en tengir togstreituna við viðhorf samfélagsins til nauðgana og ofbeldismanna:

[S]amfélagið segir okkur að nauðgarinn sé vondur kallinn í húsasundinu eða sem, þú veist, slípar þér þú veist ruffies [byrlar ólyfjan] á einhverjum bar eða, þannig að það er einhvern veginn öðruvísi að horfa á einhvern svona anonymous serial rapist [ónafngreindan raðnauðgara] eitthvað heldur en einhvern sem að þú varst með og elskaðir skilurðu. Þetta er, þannig að ég held að ég tengi hann og leyfi mér ekki að tengja hann almennilega við það. Við þá hugmynd.

Jóna virðist afar meðvituð um togstreitu sína þar sem hún gerir sér grein fyrir því að vegna skrímslavæðingar samfélagsins á ofbeldismönnum eigi hún erfitt með að tengja fyrrverandi kærasta sinn við þá ímynd. Það gerir henni hins vegar erfitt fyrir við að staðsetja reynslu sína sem ofbeldi og nauðgun. Ummæli Jónu falla vel að því sem Finnborg Salome Steinþórsdóttir (2014) hefur skrifað um nauðgunarmýtur, en nauðgunarmýtur eru menningarlegar hugmyndir sem eiga þátt í að viðhalda og réttlæta kynferðisofbeldi gegn konum. Það fellur auk þess að því sem áður hefur verið komið inn á um skrímslavæðingu, „aðra menn“ og stimplun ofbeldismanna (Gottzén, 2012, 2015; Gottzén og Korkmaz, 2013; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2013).

Ein kvennanna segist halda að ofbeldismaðurinn hafi ekki áttað sig á því hvað hann væri að gera og ómeðvitað notfært sér traust hennar til að nýðast á henni en hún segir jafnframt: „[É]g átta mig alveg á því að hann er ekki skrímsli[.]“ Þessi ummæli benda til þess að samkvæmt upplifun hennar af fyrrverandi kærastanum falli hann ekki inn í hópinn *ofbeldismenn*. Flestar kvennanna upplifðu togstreitu og áttu því í erfiðleikum með að skilgreina fyrrverandi kærasta sinn út frá skrímslavæddum hugmyndum samfélagsins um ofbeldismenn, sjö þeirra nýttu því þá leið að lýsa kærastanum sem veikum einstaklingi. Sú nálgun olli þeim þó líka togstreitu rétt eins og skrímslavæðingin eins og sést í orðum eins viðmælandans sem hafði talað um ofbeldismanninn sem veikan einstakling: „það sem hann sagði síðan eftir á: „sjáðu hvað þú lést mig gera“ þú veist það er alveg greipt í huga mér, það er svo sterkt, að hérna, hann vissi alveg hvað hann var að gera.“ Þessum viðmælanda reynist einnig erfitt að sjá fyrrverandi kærasta sinn sem veikan einstakling þar sem hann vísar til þess að hann hafi gert eitthvað sem ekki má gera eftir að hann nauðgar henni og viti því vel hvað hann gerði, þó svo að hann geri tilraun til að færa ábyrgðina á því yfir á hana. Fleiri kvennanna upplifðu að fyrrverandi kærastar þeirra hefðu gefið til kynna að ofbeldið væri meðvituð ákvörðun hjá þeim og önnur segir til að mynda um andlega ofbeldið sem hún upplifði í sambandinu: „[H]ann sagði að hann væri bara í rauninni bara að brjóta mig niður til að byggja mig aftur upp, svona eins og væri gert við hermennina, það væri sko markmiðið hans.“ Þessi unglingsdrengur hafði þannig það meðvitaða og yfirlýsta markmið að brjóta niður kærustuna sína til að byggja hana upp aftur eins og hann vildi hafa hana. Sú aðferð er einnig þekkt sem heilapvottur og tíðkast gjarnan í hernaði (Boulette og Andersen, 1985; Mills, 1985; Romero, 1985; P. H. Smith, Tessaro og Earp, 1996). Hér má tengja hegðun þessa unglingsdrengs kenningum Persson (2012) um viðgerðarvinnu sem komið var inn á í 2. kafla. Með því að beita kærustuna sína ofbeldi og nýta tengingu við hernað má velta því upp hvort hann sé að gera við þá „ógn“ sem karlmennsku hans og sjálfsmynd stafaði af því að vera í tilfinningalega nánu sambandi. Þetta rímar einnig vel við kenningar Evu Lundgren (2012) um normaliseringu ofbeldis og þá innhverfingu ofbeldis sem brotapolar virðast upplifa. Þetta undirstrikar hve flókin reynsla brotþola af ofbeldi í nánu sambandi sem unglingar er og

hve margþætt og full skörunar upplifunin og samböndin geta verið. Það er auk þess vert að taka fram að sambandið milli þess að hegðun unglingsdrengrja sem beita kærustur sínar ofbeldi sé meðvituð og ómeðvituð er einnig afar flókið og gera má ráð fyrir að upplifun þeirra sé oftár en ekki margþætt. Líkt og unglingsstúlkur, alast unglingsdrengrir upp í samfélagslegu samhengi og þættir á borð við karlmennsku, viðbrögð nærumhverfis, skortur á fræðslu og úrvinnsluþjónustu eru taldir skipta miklu máli í tengslum við að þeir beiti ofbeldi í nánu sambandi (Gottzén og Korkmaz, 2013).

Viðbrögð ofbeldismannsins komu sterkt fram í sex viðtölum og birtust á afar ólíkan hátt. Tvær kvennanna höfðu upplifað að ofbeldismaðurinn gekkst við ofbeldinu og það þær afsökunar sem þær töldu hafa hjálpað sér mikið. Önnur þeirra segir jafnframt:

[É]g einmitt einhvern tíma sagði honum hvað hann hafði farið illa með mig [...] og einu, tvemur árum seinna þá hitti ég hann og [...] hann sagðist hafa áttað sig á því hvað hann hefði gert rangt og baðst afsökunar og bað mig að fyrirgefa sér og svona [...] ég held að það hafi rosalega mikið hjálpað mér.

Það að ofbeldismaðurinn hafi viðurkennt ofbeldið og beðið hana afsökunar hafði mjög jákvæð áhrif á úrvinnslu hennar en hún hafði einnig orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku og sagðist alltaf hafa átt erfitt með að sá ofbeldismaður hefði aldrei viðurkennt ofbeldið. Hinar fjórar upplifðu að ofbeldismaðurinn brást við með því að neita alfarið sök og ein þeirra upplifði jafnframt að ofbeldismaðurinn hélt því fram að hún væri að ljúga og kærði hana fyrir meiðyrði. Viðbrögð hans höfðu afar neikvæðar afleiðingar á hennar líðan og úrvinnsluferli.

Fimm kvennanna nefna sérstaklega að klám og klámvæðing hafi átt þátt í hugmyndum ofbeldismannanna en það hefur einnig komið fram í rannsókn Rósu Bjarkar Bergþórsdóttur (2014). Jóna segir til dæmis um áhrif klámneyslu fyrrverandi kærastans á það kynferðisofbeldi sem hún varð fyrir:

Ég held að hann hafi rosalega mikið skynjað kynlíf út af bara klámi. Ég held að hann hafi fengið bara sínar hugmyndir, þú veist. Já, svona þegar ég lít til baka af því að ég held að þú gerir ekkert endilega svona hluti við fólk, sérstaklega líka án þess að spyrja eða tala um það fyrst eða ræða það eða allavega einhverjar svona augngotur eða eitthvað, ég veit það ekki [...] Þú gerir ekkert bara hvað sem er við fólk.

Jóna telur klámáhorf hafa haft áhrif á hugmyndir fyrrverandi kærasta hennar um kynlíf og tengir það klámvæddri birtingarmynd kynlífs, þar sem vaðið er í stellingar og athafnir án samskipta eða upplýsts samþykkis. Upplifun Önnu styður við þetta en hún tengir klámnotkun ofbeldismannsins auk þess við valdamisræmi:

Hann fékk hugmyndir um ofbeldið úr klámi og vildi, hann vildi svolítið dómínara [sýna yfirráð] þú veist, yfir mér. Og ég held að hann hafi fengið svona villihugmyndir einmitt út frá því sko. Og þar er líka eitt af því ég var kærastan

hans sko, þá fannst honum eins og hann mætti bara gera það sem honum sýndist sko.

Anna telur að af því að hún var kærastan hans hafi honum fundist hann geta gert það sem honum sýndist við hana. Upplifun Önnu gefur til kynna að fyrverandi kærasti hennar hafi fengið ranghugmyndir um kynlíf úr klámi en það rímar vel við umfjöllun Thomas Brorsen Smidt (2013) um klámnotkun íslenskra karla. Hann tekur fram að strax á barns- og unglingsaldri hefjist normalisering á klámnotkun meðal karlmanna sem skapi þekkingu um kynlíf og karlmennsku, sérstaklega þegar ekki er til staðar nægileg þekking eða mótvægi við upplýsingunum hjá þeim fyrir. Það að ungir karlar eigi til að hefja normaliseringu kláms svo snemma telur Thomas geta útskýrt hvers vegna sumir karlar samþykkja þá þekkingu sem klámið veitir þeim. Tilgangurinn með því að gera grein fyrir klámi hér er þó ekki að sýna fram á orsakasamhengi milli kláms og kynferðisofbeldis eða að allir drengir horfi á klám og hafi þar af leiðandi ranghugmyndir um kynlíf og engar stúlkur hafi það heldur frekar að sýna fram á þann ólíka reynsluheim sem unglingar virðast búa við og hve misvísandi skilaboð kynin fá um kynlíf, samskipti og sambönd.

Lýsingar viðmælenda gefa til kynna að valdamisræmi kynjanna birtist skýrt strax á unglingsárum. Sigurbjörg lýsir því valdamisræmi vel: „Þannig að þú sérð, skilurðu, að þetta er tæki, þetta er ekki kynferðisleg útrás, þetta er kúgunartæki, þetta er vald. Hann var bara að sýna mér hver hefði valdið.“ Þessi orð Sigurbjargar falla vel að niðurstöðum rannsókna um kynferðisofbeldi og nauðganir sem kúgunartæki og leið til að sýna vald en gefa einnig til kynna að birtingarmynd ofbeldis í nánnum samböndum unglunga sé ekki undanskilin því sem viðgengst í ofbeldissamböndum fullorðinna (Lundgren, 2012; Toscano, 2014; Wiklund o.fl., 2010).

6.4 Viðhorf samfélagsins

Konurnar lýstu því allar að viðhorf samfélagsins hefðu haft áhrif á það hvernig þeim gekk að takast á við reynslu sína af kynferðisofbeldi í nánnum sambandi sem unglingar. Flestar nefndu þær að þörf væri á breyttum viðhorfum. Sigurbjörg kom vel orðum að þeirri vantrú sem hún mætti frá ýmsu fólki í kringum sig í kjölfar ofbeldisins: „Við vorum í sambandi og þú veist það sagði enginn við mig hættu þessu væli en mér fannst samt eins og fólki langaði stundum til þess, „þú veist, þetta var kærastinn þinn, láttu ekki svona“.“ Sigurbjörg lýsti með ásökunartón þessari upplifun sinni af því að fólk tryði ekki að um nauðgun hefði verið að ræða þar sem að ofbeldismaðurinn var kærastinn hennar. Önnur kvennanna dýpkar vel það viðhorf:

Af því að þeir vilja ekki trúna því að hann sé, ég veit ekki hvort þeir vilja ekki trúna því eða hvað það er, en viðhorf samfélagsins eru einhvern veginn, þau eru brengluð. Ég man eftir því sko, það kemur stelpa að mér sko og segir við mig upp úr þurru sko, „bara já ég náttúrulega veit um þetta, þetta er soldið flókið

sko, en ég trúi því persónulega ekki að þetta geti átt sér stað í sambandi sko“. [...] Það er eins og fólk tengi þetta ekki eins mikið við ofbeldi eins og ef þú kýlir kærustuna þína þá bara já þetta er ofbeldi, en ef þú nauðgar henni að þá áttu rétt á því, af því að þið eruð náttúrulega í sambandi, þú átt rétt á kynlífi í sambandi.

Hún segir fólk eiga í erfiðleikum með að gera sér grein fyrir að nauðganir geti átt sér stað í samböndum þar sem viðhorf samfélagsins séu lituð af ranghugmyndum um að fólk eigi rétt á kynlífi í samböndum. Orð þessa viðmælanda má tengja nauðgunarmýtum um alvöru nauðgun sem Finnborg Salome Steinþórsdóttir (2014) hefur gert grein fyrir og fela í sér ókunnugan ofbeldismann, líkamlegt ofbeldi og áverka. Tinna lýsir enn fremur skaðlegum áhrifum sem þessi viðhorf samfélagsins geta haft:

Og það kemur svona, koma svona spurningar, afhverju sagðirðu þetta ekki fyrr og afhverju varstu ekki búin að segja frá þessu? Og af hverju er þetta allt í einu að koma upp núna? Og allar þessar spurningar láta mann sjálfan efast.

Þær spurningar sem Tinna hefur fengið frá fólki þar sem hún er spurð afhverju hún hafi ekki sagt fyrr frá segir hún gera það að verkum að hún fari að efast um eigin reynslu.

6.5 Upplifun af réttarkerfinu

Upplifun viðmælanda af réttarkerfinu og hvernig málið þeirra féll að því virtust hafa neikvæð áhrif á líðan þeirra og úrvinnslu. Af þeim tíu viðmælendum sem hér er vísað til höfðu tveir kært. Hinar konurnar lýstu því allar mjög sterkt að þeim fannst þær aldrei eiga séns á að kæra, málið væri bara orð gegn orði. Konurnar nefna allar samfélagsviðhorf í tengslum við réttarkerfið og telja þörf á úrbótum. Jóna segir að sér hafi ekki dottið í hug að kæra þar sem málið hennar hefði aldrei átt séns. Um ástæður þess segir hún til að mynda: „*Og það sem gerist við unglunga er stundum ekki jafn merkilegt einhvern veginn og mikilvægt.*“ Jóna nær í orðum sínum vel utan um þau viðhorf að málefni unglunga þyki oft og tíðum ekki eins mikilvæg og fullorðinna. Hún vísar einnig til þess að ofbeldi í samböndum unglunga feli oft í sér unga ofbeldismenn og því séu minni líkur á dóm en ef um fullorðinn ofbeldismann væri að ræða. Anna lýsir vel þeirri togstreitu sem viðmælendur upplifðu við að finnast reynsla þeirra aðeins vera orð gegn orði þegar hún segir:

[M]anni einhvern veginn finnst eins og maður þurfi að vera laminn og geta sýnt fram á eitthvað. Af því að það var aldrei þannig hjá mér þá fannst mér ég aldrei hafa neitt. Mér finnst það svolítið rangt [...] þér getur alveg verið nauðgað þó að þú sért í sambandi.

Hér endurspeglast áhrif bæði úr áherslum réttarkerfisins á líkamlega áverka sem sönnun fyrir nauðgun og viðhorfum samfélagsins til sambandsnauðgana. Anna taldi sig ekki eiga möguleika á að kæra þar sem hún hefði enga líkamlega áverka. Hún sagðist jafnframt

stundum hafa óskað þess að hann hefði beitt hana líkamlegu ofbeldi til að geta haft sannanir: „Ég óskaði þess að hann myndi bara berja mig einmitt svo ég gæti farið og svona „sjáðu hvað hann gerði núna.“ Orð hennar bera þess merki að henni finnist réttarkerfið ekki taka mark á reynslu hennar nema hún geti sýnt fram á líkamlega áverka. Upplifun Ingibjargar rímar vel við þetta en hún segir: „Ég kærði ekki. Ég var bara, þetta er bara orð gegn orði, ég hef engar sannanir, þannig að ég bara ákvað að kæra ekki.“ Ingibjörg lýsir vel þeirri upplifun viðmælenda að málin séu bara orð gegn orði og að ekki sé hægt að sýna fram á neinar sannanir og því sé betra að sleppa því að standa í því að kæra. Tinna leggur áherslu á þátt sambandsins í málinu þegar hún segir: „Það er lítill séns á að vinna svona mál, alltaf, það er ennþá minni af því að við vorum saman.“ Tinna tekur þannig fram að þrátt fyrir að það séu alltaf litlar líkur á að vinna kynferðisofbeldismál í réttarkerfinu séu líkurnar enn minni af því að brotþoli og ofbeldismaðurinn voru í föstu sambandi.

Orð kvennanna lýsa vel þeim vonbrigðum sem þær virtust upplifa í tengslum við réttarkerfið og hvernig þeirra mál féll inn í það. Upplifun þeirra er hins vegar ekki úr lausu lofti gripin því margt af því sem þær setja fyrir sig í að kæra ofbeldið virðist á rökum reist. Hildur Fjóra Antonsdóttir (2013) lýsir því meðal annars að ástæður þess lögregla hætti rannsókn á þeim nauðgunarmálum sem henni voru tilkynnt á árunum 2008 og 2009 hafi verið að það voru ekki vitni að ofbeldinu, að ekki þótti sannað að sakborningur hefði ætlað að nauðga brotþola, að sakborningur segði brotþola hafa samþykkt að stunda kynlíf með sér, að ekki þótti nægilega mikið af sönnunargögnum, orð var gegn orði eða að framburður vitna studdi ekki frásögn brotþola. Ofangreindar ástæður gefa til kynna að ótti viðmælenda við að kæra eigi við talsverð rök að styðjast þar sem réttarkerfið virðist oft og tíðum ansi litað af kynblindu og þekkingarskortu á kynbundnu ofbeldi sem felur í sér að ofbeldismál í nánnum samböndum virðast eiga sérstaklega erfitt uppdráttar innan réttarkerfisins (Brynhildur G. Flóvenz, 2009; Kelly, 2001).

Hjá tveimur kvennanna sem lögðu fram kæru endaði annað málið með fangelsisdómi, brotþolinna taldi það hins vegar hafa verið mögulegt af því að hægt var að tína til fíkniefna- og ofbeldisbrot líka, sem virðist vel geta hafað hjálpað til, samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram hjá Hildi Fjólu Antonsdóttir (2013) um einkenni sakborninga í þeim nauðgunarmálum sem ákært er í hjá ríkissaksóknara. Hinn viðmælendinn sem kærði sagðist hafa upplifað annað áfall (e *betrayal trauma*) við að fá bréf frá ríkissaksóknara um að ekki yrði ákært í málinu, hún sagði til að mynda um kærana: „Það náttúrliga kom ekkert út úr því frekar en öðrum svona málum.“ Með þessum ummælum virðist hún ná vel utan um upplifun viðmælendanna af réttarkerfinu og möguleikanum á að fá ofbeldismanninn dæmdan fyrir kynferðisafbrotin. Orðin ná utan um vonleysi sem því fylgir en hún segir jafnframt: „[...] mér var nauðgað en maðurinn ekki dæmdur, það þýðir ekki að nauðgunin hafi ekki átt sér stað

eða verið eitthvað minni háttar. Þannig að ég held að við séum ennþá að berjast við þetta í samfélaginu.“ Viðmælandinn segir að þrátt fyrir að hennar mál hafi verið felld niður feli það ekki í sér að nauðgunin hafi ekki átt sér stað þó að slík viðhorf virðist útbreidd í samfélaginu.

Það endurtekna áfall sem þessi viðmælandi upplifði við að ekki yrði ákært í málinu má tengja við umfjöllun um að það geti valdið brotapolum endurteknu áfalli ef þeir upplifa að réttarkerfið eða viðhorf samfélagsins staðfesti ekki að um ofbeldi hafi verið að ræða og normaliseri þar með reynslu þeirra (Anna Bentína Hermansen, 2010; Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2015; Sigrún Júlíusdóttir, 2011; Stenson o.fl., 2006; Walby, 1989).

6.6 Eigin leiðir til úrvinnslu

Allar höfðu konurnar sínar eigin leiðir til að vinna úr reynslunni og afleiðingunum. Þær voru þó sjaldnast meðvitaðar eða sérstaklega til þess ætlaðar, heldur einhverskonar bjargráð sem hjálpuðu þeim að finnast þær ná stjórn á aðstæðum, aftengingu, öryggi eða meðvitund, þó ekki væri nema í stutta stund oft og tíðum. Fimm viðmælandanna höfðu nýtt sér áfengi eða vímuefni sem úrvinnslu og töluðu um að hafa átt auðveldara með að segja frá reynslunni eða deyfa afleiðingar hennar undir áhrifum. Auk þess virtist hluti viðmælenda kjósa að vera undir áhrifum áfengis þegar þeir stunduðu kynlíf líkt og kom fram hér að ofan. Það er hins vegar vert að taka fram að þau bjargráð sem brotapolar nýta sér í úrvinnslu sinni eru margslungin og ekki hægt að takmarka þau við það að hafa eingöngu annað hvort jákvæð eða neikvæð áhrif, stuðla að bata eða afturför, heldur er úrvinnsluferlið flóknara en svo og ekki hægt að líta á það sem bent ferli fram á við (Wiklund o.fl., 2010).

Sigrún Sigurðardóttir (2007) og Sigríður Hrönn Bjarnadóttir (2012) sögðu viðmælendur sína hafa nýtt sér ýmsar óhefðbundnar leiðir við að vinna með reynslu sína og afleiðingar í kjölfar ofbeldis og áfalla í æsku en slíkt var einnig raunin meðal þeirra kvenna sem hér um ræðir. Tvær kvennanna töluðu um að hafa einblínt á börnin sín og hvað væri þeim fyrir bestu, ein hafði aflað sér mikilla upplýsinga um persónuleikafræði og nýtti gagnrýna hugsun og meðvitund um kynlíf og sambönd sem úrvinnsluaðferð, tvær höfðu kært, þrjár höfðu verið í stöðugri leit að samþykki karlmannna, ein hafði leitað með reynsluna í stuðningshóp og ráðgjöf sem ekki var sniðin að ofbeldisreynslu eða hafði fagfólk á því sviði. Nokkrar kvennanna nýttu útlitseinkenni sem gera má ráð fyrir að hafi verið ætluð til uppreisnar gegn þeim hugmyndum sem tengja kvenleikann viðkvæmni og mýkt. Þessi útlitseinkenni voru til að mynda fjöldi húðflúra, ögrandi fatastíll, blár, grænn og rauður hárlitur og líkamsgötun. Með því að nýta sér öll framantalin uppreisnar útlitseinkenni virtist ein kvennanna, sem ekki hafði meðvitað unnið úr reynslu sinni af ofbeldinu, endurspeglar í gegnum líkamann eigin styrk og gerendahæfni. Uppreisnarútlitið gat virkað sem leið til að byggja sér sýnileg mörk auk þess

að vera leið til að lýsa yfir eignarrétti á líkama sínum og stuðla þannig að sjálfsöryggi. Það að bjóða fram þátttöku sína í rannsókninni getur einnig verið hluti úrvinnslu þeirra og sýnir myndugleika með því að þær hafa allar komið auga á ofbeldið og velja að segja frá því.

6.7 Að ljá reynslunni merkingu

Allar gera konurnar tilraun til að nýta reynslu sína á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og ljá henni þannig merkingu. Ein þeirra segir til dæmis: „[...] að sumu leyti þá hafði maður bara gott af þessu, maður hafði bara gott af því að ganga í gegnum þetta, þetta er ákveðin reynsla [...] Og kannski get ég hjálpað einhverjum.“ Það að geta hjálpað einhverjum gefur reynslunni tilgang og virðist þannig koma fram sem huggun meðal brotþola, að þetta hafi ekki verið allt til einskis heldur geti komið eitthvað gott út úr reynslu þeirra. Nokkrir viðmælendur tóku auk þess fram að ein ástæða þess að þær buðu fram þátttöku sína í rannsókninni væri að auka umræðu og geta þannig mögulega hjálpað einhverjum. Jóna tók í sama streng:

Já þú veist ég veit samt ekkert hvort að þetta hafi verið gott, góð reynsla fyrir mig því þetta hefur náttúrulega mikil áhrif á hvernig ég er og mér líður alveg ágætlega með hvernig ég er og ég get líka notað það sem ég hef lent í til þess að hjálpa öðrum og bara endalauzt, þú veist ég get bara gert það sem ég vil með þetta líf núna og þú veist það sem eftir er.

Þrátt fyrir að reynslan hafi haft mikil áhrif á líf og líðan Jónu virðist hún sátt með að geta nýtt reynsluna í að hjálpa öðrum og með að geta sjálf tekið ákvarðanir um eigið líf hér eftir. Orð Jónu um að hún geti gert það sem hún vill með líf sitt hér eftir bera þess merki að henni finnist hún hafa unnið sér inn rétt til þess með því að hafa tekist á við erfiðleika á borð við þá að hafa orðið fyrir ofbeldi. Viðmælendur ljáðu reynslunni einnig merkingu með því að koma auga á þann styrk sem reynslan færði þeim, Ingibjörg orðar það vel: „En það er svo ótrúlega skrítið að segja það en í dag er ég svona hálf þakklát fyrir það sem ég hef gengið í gegnum því annars væri ég ekki svona sterk manneskja eins og ég er í dag.“ Ummæli Ingibjargar bera sterkan keim af þrálátri orðræðu samfélagsins um að það sem ekki drepi þig, styrki þig. Það er því ákveðið bjargráð hjá viðmælendum að ljá reynslunni merkingu og einblína á að fyrst þær komust lifandi frá reynslu sinni hljóti hún að hafa styrkt þær. Konurnar drógu einnig lærdóm af sambandinu, sem fólst einna helst í að koma auga á hvað þær vildu ekki og ljáðu reynslunni þannig merkingu. Sigurbjörg sagði það hafa haft mikil áhrif á náin sambönd síðar í lífinu:

Kannski er ég orðin of stíf í því sem ég vil fá fram, af því að ég veit kannski hvernig það á ekki að vera, þannig það er svolítið erfitt að finna eitthvað sem er svona fullkomið fyrir mig. En já þetta hefur haft gífurleg áhrif á sambönd.

Sigurbjörg nefnir að reynslan hafi kennt henni hvað hún vill ekki í samböndum og að henni þyki nán sambönd flókin þar sem hún hafi sterkar hugmyndir um hvernig sambandið eigi ekki að vera.

6.8 Samantekt

Þrátt fyrir að hafa allar farið í gegnum einhverskonar úrvinnslu gerðu konurnar það á afar ólíkan hátt og aðrir þættir en formleg úrvinnsla í formi samtalsmeðferðar höfðu áhrif á líðan þeirra og hvernig þeim gekk að takast á við reynsluna. Meðvituð og formleg úrvinnsla átti misstóran þátt í sjálfsmynd þeirra og andlegri líðan. Allar nema ein höfðu á einhverjum tímamarki leitað til sálfræðings en flestar upplifðu að sálfræðingurinn eða sálfræðipjónustukerfið hefðu ekki nægilega þekkingu, tækju reynslu þeirra ekki alvarlega eða sýndu henni ekki nægilegan skilning. Það virtist einnig eiga við um reynslu af þjónustu geðlækna hjá þeim sem höfðu nýtt sér hana. Viðmælendur lýstu einnig erfiðleikum með að fá sálfræðiaðstoð, bæði vegna kostnaðar og búsetu á landsbyggðinni. Reynsla þeirra kvenna sem höfðu, eftir að þær höfðu aldur til, nýtt sér sérhæfða þjónustu fyrir brotþola kynferðisofbeldis gefur til kynna mikilvægi slíkrar þjónustu. Upplifun kvennanna af úrvinnslu bendir til þess að reynsla unglunga sem upplifa kynferðisofbeldi í nánú sambandi falli milli flokka og að raunar sé hvergi tekið sérstaklega mið af þeirri reynslu. Konunum reyndist oft erfitt að koma auga á að um ofbeldi hefði verið að ræða og flókið að greina í sundur hvaða hugmyndir og ákvarðanir voru raunverulega þeirra og hverjar voru teknar til að þóknast kærastanum. Í ummælum kvennanna kom fram togstreita sem fylgdi því að tengja fyrrverandi kærasta sinn við hugmyndir um ofbeldismenn. Hvort sem tengdar voru við hann skrímslavæddar hugmyndir um ofbeldismenn, hugmyndir um ofbeldismenn sem aðra menn eða veika einstaklinga, virtust það allt leiðir til að útskýra og réttlæta reynsluna (Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014; Gottzén, 2012, 2015; Lundgren, 2012). Viðbrögð ofbeldismannsins virtust einnig geta haft ýmist jákvæð eða neikvæð áhrif á úrvinnsluferli kvennanna eftir því hvort ofbeldismennirnir gengust við ofbeldinu eða ekki. Lýsingar viðmælenda á áhrifum kláms og klámvæðingar á hugmyndir ofbeldismannsins gefa til kynna valdamisræmi kynjanna strax á unglingsárum og að birtingarmyndir ofbeldis í nánú samböndum unglunga séu um margt keimlíkar því sem komið hefur fram um ofbeldissambönd fullorðinna.

Konurnar telja allar þörf á breyttum viðhorfum og höfðu margar upplifað að fólk tæki ekki mark á reynslu þeirra og teldi að kynferðisofbeldi gæti ekki átt sér stað í samböndum. Þau viðhorf virtust einnig algeng innan réttarkerfisins því konurnar upplifðu flestar að mál þeirra ættu aldrei séns innan réttarkerfisins því brotin áttu sér stað í föstu sambandi, auk þess sem málin væru bara orð gegn orði. Flestar töldu því betra að sleppa því að standa í því að kæra

og margar lýstu því að þeim hefði ekki einu sinni dottið það í hug. Viðmælendur nýttu einnig fjölbreyttar leiðir sem ýmist voru sérstaklega til þess ætlaðar að vinna úr reynslunni og líðaninni eða bjargráð til að takast á við lífið. Að lokum virtust konurnar allar reyna að ljá reynslunni merkingu með því að reyna að nýta hana á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, til dæmis með því að reyna að hjálpa öðrum með svipaða reynslu, koma auga á styrk sem reynslan veitti þeim og draga lærdóm af sambandinu með því að vita hvað þær vildu ekki í nánnum samböndum í framtíðinni.

7 Umræða

Markmið rannsóknarinnar var að skoða kynferðisofbeldi í nánum samböndum unglinga á Íslandi út frá reynslu brotþola. Hér að framan hefur verið fjallað um berskjöldun og verndandi þætti kvenna fyrir reynslu sinni, þær afleiðingar sem reynslan hefur haft á viðmælendur, með hvaða hætti konurnar hafa unnið úr reynslu sinni og hvaða þættir hafa haft áhrif á það ferli. Í ritgerðinni hefur verið leitast við að svara þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram í upphafi:

- Hver er reynsla kvenna, sem upplifðu kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar?
- Hvaða þættir, að mati kvennanna, áttu þátt í berskjöldun þeirra fyrir sambandinu?
- Hvaða áhrif hafði þessi lífsreynsla á líf og líðan kvennanna?
- Hvaða úrræði nýttu konurnar til að takast á við reynsluna?

Hér verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og settar í fræðilegt samhengi og þannig leitast við setja fram hnitmiðuð svör við rannsóknarspurningunum.

Upplifun kvennanna af reynslu sinni

Yfirsurning ritgerðarinnar var fólgin í því að komast að því hver reynsla kvenna, sem hefðu upplifað kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar, væri. Upplifunin saman stendur af ýmsum ólíkum þáttum sem gerðu það að verkum að konurnar áttu erfitt með að koma auga á að um ofbeldi hefði verið að ræða og héldu því jafnvel að reynsla þeirra væri eðlilegur hluti af því að vera í nánu sambandi.

Erfiðleikar kvennanna með að koma auga á reynsluna sem ofbeldi má tengja þríþættu líkani Lundgren (2012) en upplifun þeirra fellur mjög vel að því. Fyrsti þáttur þess að normalísera reynsluna telur Lundgren vera að mörk brotþola færast og eyðist með tímanum og því verði ofbeldið að eðlilegum hluta sambandsins. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að ungur aldur, reynsluleysi, fyrri reynsla af ofbeldi og skortur á fræðslu svo eitthvað sé nefnt átti einnig þátt í að færa og eyða mörkum kvennanna. Annan þáttinn telur hún vera að brotþoli og aðstæður í umhverfinu séu gerðar ábyrgar fyrir ofbeldishegðuninni sem kom til dæmis fram í sjálfsásökun og skömm kvennanna. Þriðji hluti ferlisins er að brotþolar geta innhverft sýn ofbeldismannsins á sjálfa sig, það kom einnig fram í afleiðingum á borð við sjálfsásökun og skömm, auk þess sem erfiðleikar kvennanna við að koma auga á að um ofbeldi væri að ræða endurspegluðu þriðja hluta ferlisins. Við það má einnig bæta fleiri þáttum sem mynduðu þessa upplifun brotþola, til dæmis víðtækar hugmyndir samfélagsins

um kvenleika, sem virtust eiga þátt í að brotapolar upplifðu samfélagsþrýsting til að byrja að stunda kynlíf og vera í nánnum samböndum þrátt fyrir að vera ekki endilega tilbúnar til þess sjálfar. Það að reynsla kvennanna virtist falla á milli flokka og ekki eiga sér sérstakan stað í úrvinnsluþjónustu sem dæmi, í bland við samfélagsviðhorf sem viðmælendur sögðu oft fela í sér mikinn efa um að kynferðisofbeldi og einna helst nauðganir gætu átt sér stað í samböndum, átti þátt í því að þær komu ekki auga á að um ofbeldi væri að ræða fyrr en yfirleitt eftir að sambandinu lauk. Þau samfélagsviðhorf endurspeglu viðhorf réttarkerfisins sem virðast ekki gera ráð fyrir að kynferðisofbeldi og þá sérstaklega nauðganir eigi sér stað í nánnum samböndum unglunga. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að réttarkerfið virðist þar fyrir utan ekki taka tillit til þess að flókið ofbeldismynstur þrýstings, stjórnunar og þvingana geti vel leyst af hólmi líkamlegt ofbeldi sem verknaðaraðferð til nauðgana. Það hefur verið tengt gagnrýni Ragnheiðar Bjarnadóttur (2006) og Brynhildar G. Flóvenz (2009) á dóma réttarkerfisins þegar kemur að kynbundnu ofbeldi.

Reynsla kvennanna af valdamisræmi í sambandinu, lýsingar eins viðmælandans af kynferðiseinelti í grunnskóla og fræðileg umfjöllun virðist benda til þess að valdamisræmi kynjanna sé sérstaklega skýrt meðal unglunga (Barter o.fl., 2009; Gottzén og Korkmaz, 2013; Plauborg o.fl., 2012; Wiklund o.fl., 2010). Þrátt fyrir það gefa niðurstöður rannsóknarinnar til kynna að þörf sé á viðameiri kynfræðslu og jafnréttisfræðslu fyrir börn og unglunga um mörk, samskipti og ofbeldi í nánnum samböndum, sem fjöldi fræðafólks hefur einnig gert að umtalfeni sínu (Barter o.fl., 2009; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Krug o.fl., 2002; Plauborg o.fl., 2012; Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014; Vezina og Hebert, 2007). Valdamisræmi og skortur á fræðslu eða þekkingu áttu þannig einnig þátt í að brotapolar töldu kynferðisofbeldið eðlilegan hluta sambandsins. Að lokum eiga takmörkuð samfélagsumræða um málaflokkinn auk skorts á fræðilegum rannsóknum þátt í að normalísera reynsluna bæði í samfélaginu almennt og fyrir brotapolum (Barter o.fl., 2009; Lundgren, 2012; Plauborg o.fl., 2012).

Þættir sem höfðu áhrif á berskjöldun kvennanna

Í upphafi ritgerðarinnar voru settar fram þrjár undir rannsóknarspurningar í þeim tilgangi að ná betur utan um yfirspurninguna. Fyrsta undirspurningin sem sett var fram fjallaði um hvaða þættir konurnar teldu hafa haft áhrif á berskjöldun sína fyrir sambandinu. Bæði berskjöldun og verndandi þættir í bakgrunni og veruleika brotapóla voru meðal þess sem átti þátt í upplifun þeirra af reynslu sinni. Berskjöldun unglunga fyrir reynslu af ofbeldi í nánnum samböndum hefur komið fram í fyrri rannsóknum (Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012; Ungdomsstyrelsen, 2013), en minna hefur farið fyrir fræðilegri umfjöllun um verndandi þætti í fari og umhverfi unglunga þegar kemur að ofbeldi í nánnum samböndum. Erfitt samband við

annað eða báða foreldra átti þátt í berskjöldun kvennanna. Konurnar fjórar sem upplifðu ofbeldi frá foreldri töldu það hafa mótað sig og gert það að verkum að þeim þótti eðlilegur hluti þess að vera í nánu sambandi að upplifa ofbeldi. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að kynferðisofbeldi í æsku og reynsla af einelti í grunnskóla átti stóran þátt í að skekkja mörk kvennanna og valda þeim óöryggi sem á sér einnig fræðilega tengingu (Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007; Vezina og Hebert, 2007). Það sama átti við um reynslu af kynferðiseinelti sem ekki hefur verið komið inn á í þessu samhengi áður en má gera ráð fyrir að eigi, líkt og reynsla af kynferðisofbeldi og einelti, stóran þátt í berskjöldun með því að skekkja mörk brotþola og valda óöryggi. Sérstaða unglunga þegar kemur að berskjöldun fyrir ofbeldi í nánum samböndum virðist fólgin í ungum aldri þeirra og reynsluleysi (Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012; Wiklund o.fl., 2010). Þar sem konurnar voru ungar þegar þær fóru inn í samböndin og því með litla reynslu af nánum samböndum í farteskinu reyndist þeim sérstaklega erfitt að koma auga á hvar mörk þeirra lægju og gera sér grein fyrir að um ofbeldi væri að ræða. Þrátt fyrir að aldursmunur ofbeldismanns og brotþola hafi getað ýkt valdamisræmi í samböndum hjá helmingi kvennanna bentu niðurstöðurnar til þess að það valdamisræmi hafi einnig verið til staðar í þeim tilvikum þar sem ofbeldismennirnir voru á sama aldri sem gefur til kynna að unglingsdrengir geti verið ofbeldismenn rétt eins og fullorðnir karlar. Samfélagsþrýstingur til að stunda kynlíf og vera í nánu sambandi átti þátt í berskjöldun kvennanna fyrir reynslu sinni en það virðist þrástef að unglingar byrji að stunda kynlíf án þess að vera tilbúnir til þess sjálfir (Ásta Arnbjörg Pétursdóttir o.fl., 2011; Barter o.fl., 2009; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Plauborg o.fl., 2012). Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þörf sé á viðameiri fræðslu um ofbeldi í nánum samböndum, upplýst samþykki og samskipti í kynlífi (Barter o.fl., 2009; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Krug o.fl., 2002; Plauborg o.fl., 2012; Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014; Vezina og Hebert, 2007). Samhliða berskjöldun upplifðu konurnar verndandi þætti sem undirstrikar að reynsla þeirra er ekki klippt og skorin heldur margslungin. Þeir verndandi þættir sem konurnar upplifðu voru einna helst fólgnir í þeirra eigin styrk og stuðningi ættingja og vina.

Áhrif reynslunnar á líf og líðan kvennanna

Önnur undirspurningin sem sett var fram sneri að því hvaða áhrif reynslan hefði á líf og líðan kvennanna. Reynsla af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur hafði langvarandi afleiðingar á líf kvennanna sem gat reynst þeim erfitt að vinna úr auk þess sem afleiðingarnar áttu það til að vinda upp á sig við önnur áföll í lífinu eins og komið hefur fram hjá Sigrúnu Sigurðardóttur (2007), Sigríði Hrönn Bjarnadóttur (2012) og Toscano (2014). Sérstaða unglunga varðandi reynslu af ofbeldi í nánu sambandi er til að mynda fólgin í þeim áhrifum sem reynslan hefur á skólagöngu þeirra (Banyard og Cross, 2008; Wiklund o.fl., 2010).

Helmingur kvennanna sem hér um ræðir hafði hætt námi í framhaldsskóla í kjölfar reynslu sinnar. Það er áhyggjuefni þar sem hagir og líðan ungmenna sem ekki eru í námi eru síðri en þeirra sem eru í skóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Reglur um forgangsroðun við inntöku í framhaldsskóla geta svo aftur á móti verið hindrun fyrir eldri nemendur sem vilja hefja nám að nýju (Þingskjal nr. 815/2014-2015. Svar mennta- og menningarmálaráðherra.). Félagsleg einangrun í kjölfar sambandsins er einn þeirra þátta sem virðist hafa áhrif á skólagöngu kvennanna.

Reynsla af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur hafði þau áhrif að konurnar fundu fyrir skömm og sjálfsásökun sem tengja má við normaliseringu ofbeldis í nánum samböndum út frá líkani Lundgren (2012) sem komið var inn á hér að framan. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að eftir reynslu af kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur hafi konurnar átt erfitt með traust og það hafði sérstaklega hamlandi áhrif þegar kom að nánum samböndum. Erfiðleikar með traust eftir kynferðisofbeldi hafa einnig komið fram í fleiri rannsóknum sem styðja við þessar niðurstöður (Haaland o.fl., 2005; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007; Wiklund o.fl., 2010).

Reynslan hafði einnig mikil áhrif á kynlíf kvennanna sem allar upplifðu erfiðleika í tengslum við kynlíf eftir kynferðisofbeldið en það hefur einnig komið fram í fyrri rannsóknum (Barter o.fl., 2009; Plauborg o.fl., 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007; Wiklund o.fl., 2010). Áhrifin voru margslungin og birtust til dæmis í óöryggi kvennanna með að þekkja mörk sín sem leiddi oft til þess að þær létu sig hafa það að stunda kynlíf þrátt fyrir að langa ekki til þess sjálfar. Þar sem reynsla af kynferðisofbeldi í nánu sambandi var í mörgum tilfellum fyrsta kynlífsreynsla viðmælenda kom fram að hugmyndir þeirra um kynlíf voru gjarnan byggðar á skökkum grunni sem gat reynst flókið að vinna ofan af. Erfiðleikar með kynlíf eftir kynferðisofbeldi geta birst í flóttu frá því að tengja saman tilfinningar og kynlíf sem einhverjir brotápolur leysa með áfengisneyslu (Anna Bentína Hermansen, 2010; Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, 2012; Sigrún Sigurðardóttir, 2007). Áhrif reynslunnar gátu einnig komið fram í því að konunum hryllti við tilhugsuninni um kynlíf og tvær þeirra lýstu því að þær væru hættar að stunda kynlíf til að reyna að standa með sjálfum sér og sínum mörkum. Það gefur til kynna að reynsla af ofbeldi í nánu sambandi sem unglingur hafi langvarandi og skaðleg áhrif á kynverund brotápolu. Niðurstöðurnar benda til þess að þörf sé á að leggja meiri áherslu á mikilvægi upplýsts samþykkis í fræðslu, samfélagsumræðu og réttarkerfinu. Sú þörf byggir á því að valdamisræmi, þrýstingur og aðstæður, til að mynda í nánum samböndum unglunga, geta gert það að verkum að þau nei sem klifað hefur verið á með slagorðum og vitundavakningu verða máttlaus auk þess að vera jafnvel ekki sett fram með beinum hætti í orðum (*Samþykki er sexý*, e.d.; Þórunn Blöndal, 2013).

Að takast á við reynsluna

Þriðja undirspurningin sem sett var fram í upphafi ritgerðarinnar snýr að því hvernig konurnar tókust á við reynslu sína. Konurnar tókust á við reynslu af kynferðisofbeldi í nánú sambandi sem unglingar með ólíkum hætti, bæði með formlegri og meðvitaðri úrvinnslu í formi samtalsmeðferðar hjá þar til ætluðum aðilum og með öðrum bjargráðum. Það var þó fleira sem átti mikilvægan þátt í úrvinnsluferlinu og viðbrögð ofbeldismanns, samfélags og réttarkerfis gátu til að mynda haft ýmist neikvæð eða jákvæð áhrif á úrvinnslu kvennanna.

Brotapolar kynferðisofbeldis í nánú samböndum unglunga virðast leita sér hjálpar við að vinna með reynslu sína og tilfinningar á ýmsum stöðum. Viðmælendur þessarar rannsóknar leituðu til að mynda til sálfræðinga, geðlækna, námsráðgjafa og til samtaka sem ætluð eru fólki sem glímir við fíkn eða er sérhæfð fyrir brotþola ofbeldis. Þar sem ekki er til staðar á Íslandi þjónusta sem sérhæfir sig í að taka á reynslu unglunga sem hafa upplifað ofbeldi í nánú sambandi, auk þess sem sú þjónusta sem ætluð er brotþolum ofbeldis virðist ekki ná yfir reynslu barna og unglunga var algengt að viðmælendur leituðu til sálfræðinga. Reynsla brotþola af sálfræðiþjónustu gefur hins vegar vísbendingar um að ekki sé næg þekking á kynferðisofbeldi í nánú samböndum unglunga meðal sálfræðinga þar sem reynsla brotþola var almennt ekki tekin alvarlega eða þeim veittur skilningur. Sérstaða unglunga þegar kemur að ofbeldi í nánú samböndum virðist því til að mynda fólgin í því að ekki er tekið mark á þeim þegar þeir leita sér aðstoðar í úrvinnslukerfinu og ekki virðist gert ráð fyrir reynslu þeirra. Guðrún Helga Sederholm (2010), Krístrún Helga Ólafsdóttir og Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2012) hafa gagnrýnt skort á úrvinnsluþjónustu fyrir brotþola ofbeldis á landsbyggðinni og samræmist það niðurstöðum þessarar rannsóknar. Skortur á þjónustu á landsbyggðinni í bland við mikinn kostnað gerði þeim brotþolum sem hér var rætt við erfitt að leita sér þjónustu.

Sigríður Hrönn Bjarnadóttir (2012) og Sigrún Sigurðardóttir (2007) hafa bent á að brotþolar ofbeldis geti nýtt sér óhefðbundnar leiðir til að vinna með reynslu sína sem niðurstöður þessarar rannsóknar gerðu einnig. Konurnar höfðu til að mynda leitað með reynslu sína af kynferðisofbeldi í nánú sambandi sem unglingar í stuðningshópa og meðferðir sem ekki voru sérstaklega ætlaðar til að vinna úr ofbeldisreynslu og þar sem sérfræðiþekking var ekki til staðar.

Bjargráð kvennanna voru oft tímabundnar aðferðir til að takast á við lífið og upplifa stjórn á aðstæðum. Það gat til dæmis verið fólgið í drykkju og neyslu, sem gat, þó ekki væri nema tímabundið deyft hugan, aftengt þær erfiðum tilfinningum og veitt þeim einhverskonar stjórn á aðstæðum. Í orðum þeirra brotþola sem í dag voru orðnar mæður kom fram, sem bjargráð, tilhneiging til að einblína á börnin sín og hvað væri þeim fyrir bestu í stað þess að hugsa með þeim hætti um sjálfan sig. Auk þess sýndu niðurstöður fram á að bjargráð kvennanna gátu

komið fram í því að öðlast meðvitund og gagnrýna hugsun um ofbeldi og kynlíf með eigin upplýsingaöflun og því að sýna fram á eignarrétt og gerendamátt yfir eigin líkama með uppreisnarútliti. Bjargráðin komu einnig fram í upplifunum á því að hugmyndir og ákvarðanir tengdar því kynferðisofbeldi sem þær upplifðu í sambandinu væru jafnvel frá þeim sjálfum komnar, sem leið til að reyna að halda í gerendahæfni og stjórn á aðstæðum.

Aðrir þættir sem höfðu áhrif á úrvinnslu brotþola voru til að mynda fólgnir í því að koma auga á reynsluna sem ofbeldi, en það markaði ákveðinn upphafspunkt í úrvinnslu brotþola og virtist oft eiga sér efablandinn aðdraganda. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að víðtækar hugmyndir samfélagsins um ofbeldismenn sem aðra menn en hinn jafnréttissinnaða venjulega mann, stimplanir á ofbeldismönnum sem skrímsli og birtingarmyndir á ofbeldismönnum sem veikum einstaklingum geri brotþolum erfitt fyrir þegar kemur að því að færa þær hugmyndir yfir á manneskju í nærumhverfi sínu (Gottzén, 2012, 2015; Gottzén og Korkmaz, 2013; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2013; Lundgren, 2012). Þær hugmyndir gátu því gert konunum erfitt fyrir við að koma auga á að kærastar þeirra hefðu beitt þær ofbeldi og að ræða reynsluna sem slíka. Viðbrögð ofbeldismannsins gátu haft ýmist jákvæð eða neikvæð áhrif á úrvinnsluferli kvennanna eftir því hvort þeir gengust við ofbeldinu og báðust afsökunar eða ekki. Birtingarmyndir samfélagsins á alvöru-nauðgunum, þar sem ofbeldismaðurinn er ókunnugur og brotþoli berst um af öllum kröftum og hlýtur líkamlega áverka, eiga þátt í að móta viðhorf fólks til kynferðisofbeldis (Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014). Þau viðhorf höfðu neikvæð áhrif á úrvinnslu kvennanna og það gat valdið þeim efa og vanlíðan þegar fólk tók ekki mark á reynslu þeirra.

Upplifun kvennanna af því hvernig þeirra mál féll að réttarkerfinu var á þá leið að þær ættu aldrei séns. Sú upplifun var fólgin í því að þær voru unglingar, ofbeldið hefði átt sér stað í sambandi og svo væri málið aðeins orð gegn orði þar sem þær hefðu enga líkamlega áverka eða sannanir. Ofangreindir þættir eru hins vegar ekki úr lausu lofti gripnir heldur virðist það að þær voru unglingar, að ofbeldið átti sér stað í sambandi og að ekki voru líkamlegir áverkar einmitt geta verið nóg til þess að mál af þessu tagi eigi ekki séns innan réttarkerfisins (Brynhildur G. Flóvenz, 2009; Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013; Ragnheiður Bragadóttir, 2006). Það gefur til kynna að réttarkerfið geri ekki ráð fyrir að kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglinga eigi sér stað.

Gildi rannsókna og frekari rannsóknir

Tilgangurinn með rannsókninni og markmið í stærra samhengi var að skapa vitundavakningu um kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglinga. Með því að skapa fræðilega þekkingu um efnið sem nýtist sem innlegg í samfélagslega vitundarvakningu telst því markmiði náð. Í kjölfar birtingar rannsóknarinnar þarf þó að ganga úr skugga um að sú fræðilega þekking

sem hér hefur verið lögð fram komist til skila út í samfélagið en það verður einnig liður í að uppfylla markmið rannsóknarinnar.

Takmarkanir rannsóknarinnar eru einna helst fólgnar í því að þær ráðstafanir sem gerðar voru til að reyna að fá fjölbreyttari hóp viðmælenda báru ekki árangur en gera má ráð fyrir að aðrir þættir geti einkennt upplifun fatlaðra, samkynhneigðra og transfólks svo eitthvað sé nefnt, þar sem þá fléttast saman annað valdamisræmi og ofbeldi auk þess sem aðrir þættir gætu komið sterkar fram meðal karlkyns brotapolá. Þess má einnig geta að þar sem fræðileg þekking um kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglunga er af skornum skammti reyndist heimildaleit oft og tíðum flókin.

Við heimildaleit og umfjöllun um berskjöldun og verndandi þætti í tengslum við ofbeldi í nánnum samböndum unglunga kom í ljós að mun meira hefur verið fjallað um áhættuþætti eða berskjöldun í tengslum við reynslu unglunga af ofbeldi í samböndum en verndandi þætti. Því væri áhugavert að skoða sérstaklega verndandi þætti í lífi barna og unglunga fyrir reynslu af ofbeldi í nánnum samböndum sem gæti einnig nýst vel við forvarnarstarf.

Þær upplýsingar sem nú eru til staðar um fjölda mála sem koma á borð lögreglu varðandi nauðganir í samböndum unglunga eru ekki haldbærar, þar sem hópurinn hefur ekki verið skoðaður einn og sér. Því er eindregið hvatt til þess að upplýsingum um kynferðisofbeldi í samböndum unglunga á Íslandi verði safnað. Það á við um skráningu hjá lögreglu, hjá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, í Barnahúsi og á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Auk þess er lagt til að framkvæmd verði yfirgripsmikil rannsókn héraendis um ofbeldi í nánnum samböndum unglunga þar sem hægt væri að kanna bæði með megindegum og eigindlegum hætti hugmyndir unglunga um ofbeldi í samböndum auk þess að ná jafnvel utan um reynslu þeirra og algengi.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar hefur komið fram hve algengt var að viðmælendur væru eða hefðu verið búsettir á landsbyggðinni þegar reynsla þeirra af kynferðisofbeldi í nánnum samböndum sem unglungar átti sér stað auk þess sem fyrri fræði studdu tengsl ofbeldis í nánnum samböndum og búsetu á landsbyggðinni (Barter o.fl., 2009; Vezina og Hebert, 2007). Auk þess hefur verið bent á verulegan skort á úrvinnsluþjónustu fyrir brotapolá á landsbyggðinni (Guðrún Helga Sederholm, 2010; Kristrún Helga Ólafsdóttir og Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). Það hlýtur að liggja ljóst fyrir að þetta tvennt fer afar illa saman og því er hvatt til þess að búseta á landsbyggðinni sé skoðuð nánar í tengslum við reynslu af ofbeldi í nánnum samböndum og úrvinnsluþjónustu auk þess sem hvatt er til tafarlausra úrbóta.

Lokaorð

Í ríkjum eins og Svíþjóð og á Íslandi þar sem kynjajafnrétti er talið hvað mest í heiminum og ára kynjajafnréttis er því jafnframt sterk virðist samfélagið hafa tilhneigingu til að stinga

höfðinu í sandinn þegar kemur að ofbeldi í nánnum samböndum unglunga þar sem opinská umfjöllun um efnið ógnar áru kynjajafnréttis (Gottzén, 2012; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012). Með því að halda á lofti einföldum hugmyndum um ofbeldismenn sem aðra menn, skrímsli eða veika einstaklinga er keyptur tímabundinn friður, sem breytir þó ekki þeirri staðreynd að kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum á sér stað í samfélagslegu samhengi. Hvort sem þeir sem beita ofbeldinu gera sér grein fyrir því eða ekki, hvort sem réttarkerfið dæmir í málinu eða ekki og hvort sem samfélagið samþykkir að um alvöru nauðgun sé að ræða eða ekki, þá stendur eftir brotápoli með reynslu sem hvergi virðist gert ráð fyrir.

Bent hefur verið á mikla þörf á úrvinnslusamtökum sem sérstaklega eru löguð að ofbeldi í nánnum samböndum unglunga og gæti nýst sem úrvinnsluþjónusta jafnt fyrir drengi og stúlkur (Gottzén og Korkmaz, 2013). Úrbætur og lausnir eru fólgnar í því að beina sjónum að karlmennskuhugmyndum og reyna með gagnrýnum hætti að stuðla að því að tilfinningaleg nánd og samskipti í kynlífi ógni ekki karlmennsku eða sjálfsmynd unglingsdregja heldur verði eðlileg og eftirsóknarverð. Það þarf að liggja ljóst fyrir að nauðganir geta einnig átt sér stað í nánnum samböndum, líka meðal unglunga. Hugmyndir að úrbótum eru einnig fólgnar í að veita fræðslu til barna og unglunga, kennara, starfsfólks félagsmiðstöðva og frístundastarfs, foreldra og menntamálaráðuneytis. Auk þess sem þörf er talin á breyttri umfjöllun í fjölmiðlum og úrbótum á réttarkerfinu.

Það er algengur misskilningur að tíminn færi okkur aukið jafnrétti. Að jafnrétti komi sjálfkrafa með tímanum nú þegar kynin séu jöfn samkvæmt lögum, þjóðfélagið þurfi bara tíma til að aðlagast og þá komi þetta. Svo er ekki. Tíminn er ágætis breyta í stærðfræði og eðlisfræði en hefur lítið að gera með jafnrétti. Það er ekki tíminn sem breytir viðhorfum fólks, skapar úrræði, lagabreytingar og forvarnir, það gerir fólk.

Það er rétt að ljúka verkefninu á orðum eins viðmælandans, en Embla hitti svo sannarlega naglann á höfuðið þegar hún sagði: „Ef við viljum ekki hafa þetta svona þá verðum við að tala um það og gera eitthvað í því, það gerist ekkert ef maður steinheldur kjaffi.“

8 Heimildir

Aapola, S., Gonick, M. og Harris, A. (2005). *Young femininity: Girlhood, power and social change*. New York: Palgrave Macmillan.

Aflið. (e.d.). Aflið - samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi. af <https://www.facebook.com/Afli%C3%B0-samt%C3%B6k-gegn-kynfer%C3%B0is-og-heimilisofbeldi-212568945420789/>

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Anna Bentína Hermansen. (2010). „Mér var stolið“: Af kynverund kvenna eftir kynferðislegt ofbeldi. *Afleiðingar og áhrifavaldar.*: Óbirt MA- ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2012). Ungt fólk 2012. Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla: Reykjavík: Mennta-og menningarmálaráðuneytið.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds. (2013). *Ofbeldi gegn fötluðum konum: Skýrsla unnin fyrir Velferðarráðuneytið*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Áshildur Bragadóttir og Theódóra Þórarinsdóttir. (1995, 3.ágúst). Nei þýðir nei nauðgun er glæpur. af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/345269/>.

Ásta Arnbjörg Pétursdóttir og Elvý Guðríður Hreinsdóttir. (2011). „Leið tómt á eftir, maður var að leita að einhverju“: rannsókn á reynslu íslenskra unglingsstúlkna af því að byrja að stunda kynlíf í samhengi við stöðu kynjanna í samfélaginu almennt. Hug-og félagsvísindasvið, Þjóðfélagsdeild við Háskólann á Akureyri, Akureyri.

Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elvý Guðríður Hreinsdóttir og Andrea Hjálmsdóttir. (2011). Leið tómt á eftir, maður var að leita að einhverju. *Þjóðarspejillinn*, 22.

Banyard, V. L. og Cross, C. (2008). Consequences of teen dating violence understanding intervening variables in ecological context. *Violence Against Women*, 14(9), 998-1013.

Barnaverndarstofa. (e.d.). Þjónusta Barnahúss. af <http://www.bvs.is/fagfolk/urraedi-barnaverndarstofu/barnahus/thjonusta-barnahuss/>

- Barter, C., McCarry, M., Berridge, D. og Evans, K. (2009). *Partner exploitation and violence in teenage intimate relationships*. [London]: NSPCC.
- Bartky, S. L. (1998). Foucault, femininity, and the modernization of patriarchal power. Í R.Weitz (Ritstj.), *The politics of women's bodies. Sexuality, appearance and behavior* (bls. 93-111). New York og Oxford: Oxford University Press.
- Boulette, T. R. og Andersen, S. M. (1985). "Mind control" and the battering of women. *Community Mental Health Journal*, 21(2), 109-118.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: Sage Publications.
- Brown, N. (Ritstj.). (2011). *8 Holding Tensions of Victimization and Perpetration*: Routledge.
- Brynhildur G. Flóvenz. (2009). Kynbundið ofbeldi og forsendur við lagasetningu. Í T. F. Valsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Lagadeild* (bls. 11-38). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Collins, P. H. (2002). *Black feminist thought: Knowledge, consciousness, and the politics of empowerment*: Routledge.
- Connell, R. (2005). *Masculinities*. Cambridge: Polity.
- Covington, S. S., Burke, C., Keaton, S. og Norcott, C. (2008). Evaluation of a trauma-informed and gender-responsive intervention for women in drug treatment. *Journal of Psychoactive Drugs*, 40(5), 387-398.
- Creswell, J. W. (1998). *Research Design. Qualitative, Quantitative, and Mixed Methods Approaches*. Thousand Oaks, London, and New Delhi Sage Publications.
- Creswell, J. W. (2012). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches*. London: Sage Publications Inc.
- Currie, C. (2012). *Social determinants of health and well-being among young people*: World Health Organization Regional Office for Europe Copenhagen, Denmark.
- Drekaslóð. (e.d.). *Fyrir hverja?* af <http://drekaslod.is/fyrir-hverja.html>

- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Embla Guðrúnar Ágústsdóttir. (2014, 27. júlí). „Líkami minn er ekki almenningseign“ – Drusluganga 2014 af <http://tabu.is/likami-minn-er-ekki-almenningsseign-drusluganga-2014/>.
- Engir ferlar vegna kynferðisofbeldis til. (2016, 16. mars). *Fréttablaðið*, bls. 10. af <http://www.visir.is/engir-ferlar-vegna-kynferdisofbeldis-til/article/2016160319107>.
- Erla (Guðfinna Þorsteinsdóttir). (1937). *Héluþóm*. Reykjavík: Helgi Tryggvason (Félagsprentsmiðjan).
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*: McGraw-Hill Boston.
- Eygló Árnadóttir. (2009). *Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir. (2014). „Þær segja svo margar að það megi bara nauðga.“ *Birtingarmyndir og áhrif nauðgunarmenningar*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Flood, M. (2008). Men, Sex, and Homosociality How Bonds between Men Shape Their Sexual Relations with Women. *Men and masculinities*, 10(3), 339-359.
- Forsætisráðuneyti. (2013). *Samráðshópur forsætisráðherra um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn*. Reykjavík: Forsætisráðuneyti. af <https://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/skyrsla-urraedi-fyrir-tholendur-kynferdisbrota.pdf>
- Foucault, M. (1977). *Discipline and punish: The birth of the prison* (A. Sheridan þýddi). New York: Vintage Books.
- Gáðin, K. G. (2012). Sexual Harassment of Girls in Elementary School A Concealed Phenomenon Within a Heterosexual Romantic Discourse. *Journal of interpersonal violence*, 27(9), 1762-1779.

- Gottzén, L. (2012). Att (inte) bli en kvinnomisshandlare. Í L. Gottzén og R. Jonsson (Ritstj.), *Andra män: maskulinitet, normskapande och jämställdhet* (bls. 149-165). Malmö: Gleerups Utbildning AB.
- Gottzén, L. (2015). Kvinnomisshandlaren och maskulinitetens monstruösa framtid. *Tidskrift för genusvetenskap*, 36(1-2), 7-27.
- Gottzén, L. og Korkmaz, S. (2013). Killars våld mot tjejer i nära relationer. Í *Unga och våld: en analys av maskulinitet och förebyggande verksamheter*. Stockholm: Ungdomsstyrelsen
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2007). Pornography and sex among adolescents in Iceland. Í *Unge, køn og pornografi i Norden: Kvantitative studier* (bls. 111-150). København: Nordisk Ministerråd. af http://www.norden.org/is/utgafa/utgefild-efni/2006-546/at_download/publicationfile
- Guðný Elísa Guðgeirsdóttir. (2012, 12. nóvember). Viltu láta drepa skrímslið eða eigum við að bjóða honum kaffi? *knuz.is*. af <https://knuz.wordpress.com/2012/11/12/viltu-lata-drepa-skrimslid-eda-eigum-vid-ad-bjoda-honum-kaffi/>.
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2012). „Þotulið“ og „setulið“: Kynjajafnrétti og kennaramenntun. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*, Menntavísindasvið Háskóla Íslands. af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/006.pdf>
- Guðrún Helga Sederholm. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Þjónusta 11 félagasamtaka*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF). af http://skemman.is/stream/get/1946/10761/26609/1/Rannsokn_ofbeldi_felagasamtok_22092010.pdf
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3(1), 5-18.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2013, 5. september). Sjónarmið í óboðlegri umræðu. *Fréttablaðið*, bls. 23.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2015). Fire-raising feminists: Embodied experience and activism in academia. *European Journal of Women's Studies*, 1-15.

- Haaland, T., Clausen, S.-E. og Schei, B. (2005). Vold i parforhold-ulike perspektiver: resultater fra den første landsdekkende undersøkelsen i Norge. *Norwegian Institute for Urban and Regional Research, report, 3*.
- Harding, S. (1996). Rethinking standpoint epistemology: What is strong objectivity? Í E. V. Keller og H. E. Longino (Ritstj.), *Feminism and science*. New York: Oxford University Press.
- Harpa Oddbjörnsdóttir. (2015, 12. apríl). *Almennt um starfsemina*. af <http://solstafir.is/starfsemin/>
- Hart, C. (2005). *Doing your masters dissertation*. London: Sage Publications Inc.
- Heinrich, J. (2013). The Making of Masculinities: Fighting the Forces of Hierarchy and Hegemony in the High School Setting. *The High School Journal, 96*(2), 101-115.
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2010). *Qualitative research methods*. London: Sage Publications Inc.
- Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir. (2013). *Einkenni og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009: Samantekt á helstu niðurstöðum*. af <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/Samantekt--anidurstodum-rannsoknar-um-einkenni-og-medferd-naudgunarmala.pdf>
- Hilmar Jón Stefánsson. (2013). *Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku af hálfu kvenna: Áhrif á líf og líðan karlkyns þolenda: Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands Félagsvísindasvið*.
- Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon. (2010). *Ungt fólk utan skóla 2009: Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árið 2009* Rannsóknir & greining ehf.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir afleiðingar úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Jafnréttisþing. (2015). *Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2013 - 2015* Velferðarráðuneytið.

- Jämställhetsombudsmannen. (2000). *JämOs handbok mot könsmobbing i skolan*. Stockholm: Jämo. af <http://www.rfsu.se/sv/Sexualundervisning/Metod-och-handledning/Likabehandling/JamOs-handbok-mot-konsmobbning-i-skolan/>
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). *Kynlíf: heilbrigði, ást og erótík*. Reykjavík: Opna.
- Karen Dögg Bryndísar-og Karlsdóttir. (2015). *Druslustimplun...Þetta er ekki manneskja fyrir þér, þetta er bara netið*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Kelly, L. (2001). *Routes to (in) justice: A research review on the reporting, investigation and prosecution of rape cases*. London: Her Majesty's Crown Prosecution Service Inspectorate.
- Kimmel, M. (2009). *Guyland*. New York: Harper Collins.
- Knauss, C., Paxton, S. J. og Alsaker, F. D. (2007). Relationships amongst body dissatisfaction, internalisation of the media body ideal and perceived pressure from media in adolescent girls and boys. *Body Image*, 4(4), 353-360.
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir. (2015). „Strákar geta haft svo mikil völd.“ *Upplifun stúlkna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Kristrún Helga Ólafsdóttir og Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2012). „Ég þori að vera til“: Upplifun þolenda kynferðisofbeldis af Sólstöfum, sjálfshjálparsamtaka á Ísafirði. Í *Rannsóknir í félagsvísindum XIII: Félagráðgjafardeild* (bls. 1-9). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. af <http://hdl.handle.net/1946/13381>
- Krug, E. G., Mercy, J. A., Dahlberg, L. L. og Zwi, A. B. (2002). Í *The world report on violence and health*. Geneva: World Health Organization.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. Los Angeles: Sage Publications Inc.
- Lundgren, E. (2012). *Váldets normaliseringsprocess och andra våldsförståelser*. Riksorganisationen för kvinnojourer och tjejjourer i Sverige (ROKS).
- Magnhildur Björk Gísladóttir. (2013). „Mamma skilur allt“: sýn ungs fólks á hvert best er að leita við erfiðar aðstæður. Óbirt MA- ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

- Marianna Guðbergsdóttir. (2014). „Að slökkva á eldspýtum í eldhafi”: *Upplifun framhaldskólakennara af kynjafræðikennslu*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Mbl.is. (1997, 27. júlí). "Nei þýðir nei". af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/345269/>.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Brotthvarf úr framhaldsskólum: Vor 2014*. af file:///C:/Users/Rannveig/Downloads/brotthv_frsk_vor_2014.pdf
- Mills, T. (1985). The assault on the self: Stages in coping with battering husbands. *Qualitative Sociology*, 8(2), 103-123.
- Nyman, A., Risberg, O. og Svensson, B. (2001). *Unga förövare: sexuella övergrepp och behandling: Rädsla barnen*.
- OECD. (2012). *Towards a strategy to prevent dropout in Iceland: Results of the OECD-Iceland workshop preventing dropout in upper secondary schools in Iceland*. af <http://www.oecd.org/iceland/49451462.pdf>
- Osbeck, C., Holm, A.-S. og Wernersson, I. Kränkningar i skolan: Förekomst, former och sammanhang. *Värdegrunden* 5, bls. 1-192. af https://gupea.ub.gu.se/bitstream/2077/8440/1/Osbeck_Holm_Wernersson.pdf.
- Persson, A. (2012). An Unintended Side Effect of Pepper Spray Gender Trouble and “Repair Work” in an Armed Forces Unit. *Men and Masculinities*, 15(2), 132-151.
- Plauborg, R., Johansen, K. B. H. og Helweg-Larsen, K. (2012). *Kærestevold i Danmark: en undersøgelse af omfang, karakter og konsekvenser af volden blandt unge og udviklingen 2007-2011*: Syddansk Universitet. Statens Institut for Folkesundhed.
- Ragnheiður Bragadóttir. (2006). Er þörf á sérákvæði um aðra ólögsmæta kynferðisnauðung? Í Eyvindur G. Gunnarsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Lagadeild* (bls. 221-236). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ristock, J. L. (2011). Introduction: Intimate partner violence in LGBTQ lives. Í J. L. Ristock (Ritstj.), *Intimate partner violence in LGBTQ lives*: Routledge.
- Romero, M. (1985). A comparison between strategies used on prisoners of war and battered wives. *Sex roles*, 13(9-10), 537-547.

- Rósa Björk Bergþórsdóttir. (2014). „*Já þú veist, það var sleppt þessum kafla.*“ *Um forsendur jafnréttis og kynfræðslu og fræðslu um klám og kynferðislegt ofbeldi í 6. og 7. bekk.* Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis, d.-o. k., heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga,. (2006). *Aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis*
- Samtök um kvennaathvarf. (2015). *Ársskýrsla 2014*. Reykjavík: Samtök um kvennaathvarf.
- Samþykki er sexý.* (e.d.). [Reykjavík]: Samþykkishópurinn í samvinnu við Nei-hreyfingu Feministafélags Íslands.
- Schwab, K., Eide, EB., Zahidi, S. o.fl. (2014). *The Global Gender Gap Report*. Cologne og Geneva: World Economic Forum. af http://www3.weforum.org/docs/GGGR14/GGGR_CompleteReport_2014.pdf
- Seidler, V. J. (2006). *Young men and masculinities: Global cultures and intimate lives*: Zed Books.
- Sigríður Guðmarsdóttir og óþekktur höfundur. (2012, 30. nóvember). Kynbundið ofbeldi og „fallega gríman“. af <https://knuz.wordpress.com/2012/11/30/kynbundid-ofbeldi-og-fallega-griman/>.
- Sigríður Hrönn Bjarnadóttir. (2012). „*Ég veit ekki hvað það er að líða vel*“: *reynsla kvenna með geðsjúkdóm af endurteknum áföllum vegna ofbeldis*. Óbirt MA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, framhaldsnámsdeild.
- Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2014). "Ég veit ekki hvað það er að líða vel": *Reynsla kvenna með geðröskun af áhrifum endurtekins ofbeldis á líðan, líkamsheilsu og geðheilbrigði. Tímarit hjúkrunarfræðinga, 90(3), 46-56.*
- Sigrún Júlíusdóttir. (2011). *Nauðgun: tilfinningaleg og félagsleg hremming: rannsóknarviðtöl við 24 konur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Sigurðardóttir. (2007). *Kynferðisleg misnotkun og önnur sálræn áföll í æsku og áhrif þeirra á heilsufar og líðan kvenna*. Óbirt MA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, heilbrigðisdeild.

- Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2009). Tíminn læknar ekki öll sár: fyrirbærafræðileg rannsókn á langvarandi afleiðingum kynferðislegs ofbeldis. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 85(3), 38-49.
- Smith, D. E. (1974). Women's Perspective as a Radical Critique of Sociology. *Sociological inquiry*, 44(1), 7-13.
- Smith, P. H., Tessaro, I. og Earp, J. A. L. (1996). Women's experiences with battering: A conceptualization from qualitative research. *Women's Health Issues*, 5(4), 173-182.
- Snærós Sindradóttir. (2015, 14. nóvember). Stimpluð drusla sem busi og kölluð sjálfalinn. *Vísir*. af <http://www.visir.is/stimplud-drusla-sem-busi-og-kollud-sjalfsalinn/article/2015151119318>.
- Stenson, K., Claesson, I. og Heimer, G. (2006). Váldsutsatta kvinnors hälsa och livssituation: Uppsala, RKC.
- Stígamót. (2016). *Ársskýrsla Stígamóta 2015*. Reykjavík: Stígamót.
- Stígamót. (e.d.-a). *Kynferðislegt ofbeldi*. af <http://www.stigamot.is/is/fraedsluefni/kynferdislegt-ofbeldi>
- Stígamót. (e.d.-b). *Nauðganir*. af <http://www.stigamot.is/is/fraedsluefni/kynferdislegt-ofbeldi/naudganir>
- Sveriges Kommuner och Landsting. (2006). *Mäns våld mot kvinnor i nära relationer*. Stockholm: Sveriges Kommuner och Landsting.
- Særún Ómarsdóttir. (2014). *Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið
- Sørensen, A. D. (2003). The mainstreaming of pornography in mass culture. *NIKK Magasin*, 3, 34-36. af <http://www.nikk.no/wp-content/uploads/NIKKmag20033.pdf>
- Thomas Brorsen Smidt. (2013). *Beyond Effect: Pornography as a Creator of Knowledge*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Tolman, D. L., Striepe, M. I. og Harmon, T. (2003). Gender matters: Constructing a model of adolescent sexual health. *The Journal of Sex Research*, 40(1), 4-12. af <http://dx.doi.org/10.1080/00224490309552162>

- Toscano, S. E. (2014). "My Situation Wasn't that Unique": The Experience of Teens in Abusive Relationships. *Journal of pediatric nursing*, 29(1), 65-73.
- Ungdomsstyrelsen. (2013). *Unga och våld: en analys av maskulinitet och förebyggande verksamheter*. Stockholm: Ungdomsstyrelsen.
- Verloo, M. (2001). *Another velvet revolution?: gender mainstreaming and the politics of implementation*: Institut für die Wissenschaften vom Menschen Vienna. af <http://www.iiav.nl/epublications/2001/anothervelvetrevolution.pdf>
- Vezina, J. og Hebert, M. (2007). Risk Factors for Victimization in Romantic Relationships of Young Women A Review of Empirical Studies and Implications for Prevention. *Trauma, Violence, & Abuse*, 8(1), 33-66.
- Viktoría Hermannsdóttir. (2015, 1.júní). Segir kynferðisofbeldi af hálfu fyrrum kærasta afleiðingu klámvæðingarinnar. af <http://www.visir.is/segir-kynferdisofbeldi-af-halfu-fyrrum-kaerasta-afleiðingu-klamvaedingarinnar/article/2015150609888>.
- Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands. (2014). *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. af http://www.hi.is/sites/default/files/admin/meginmal/skjol/vshi_sidareglur_16_1_2014.pdf
- Walby, S. (1989). Theorising patriarchy. *Sociology*, 23(2), 213-234.
- West, C. og Zimmerman, D. H. (1987). Doing gender. *Gender & society*, 1(2), 125-151.
- Wiklund, M., Malmgren-Olsson, E. B., Bengs, C. og Ohman, A. (2010). "He messed me up": Swedish adolescent girls' experiences of gender-related partner violence and its consequences over time. *Violence Against Women*, 16(2), 207-232. af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/20053948>
- Witkowska, E. (2005). *Sexual harassment in schools: prevalence, structure and perceptions*.
- World Health Organization. (2014). *Health for the world's adolescents: A second chance in the second decade*. af <http://apps.who.int/adolescent/second-decade/>
- Þingskjal nr. 20/2006-2007. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).
- Þingskjal nr. 815/2014-2015. Svar mennta- og menningarmálaráðherra.

- Þorgerður Einarsdóttir. (2004). „Hið vísindalega er pólitískt“: femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. Í Þ. B. o. H. Gunnlaugsson (Ritstj.), *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: úrelding í auglýning eða viðvarandi kynjahalli? Í Ú. Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII - Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjajafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*, Menntavísindasvið Háskóla Íslands. af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/030.pdf>
- Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2009). *Á mannamáli: ofbeldi á Íslandi: brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Þórunn Blöndal. (2013, 2. ágúst). Hvernig „samþykkja“ konur kynmök? af <http://knuz.is/2013/08/02/hvernig-samthykkja-konur-kynmok/>.

Viðauki I: Facebook-auglýsing

Ég er að leggja af stað með meistaranannsókn mína við Háskóla Íslands og hyggst taka viðtöl við einstaklinga sem upplifað hafa andlegt eða líkamlegt ofbeldi, eða annars konar valdbeitingu og þrýsting til kynferðislegra athafna í sambandi sem unglingar. Ég legg upp með að viðmælendur séu 18 ára eða eldri í dag en hafi upplifað kynferðisofbeldi í sambandi á aldrinum 13 til 19 ára. Reiknað er með að hvert viðtal taki um klukkustund og verður það hljóðritað svo unnt sé að vinna úr gögnum en upptökunni síðan eytt að afritun lokinni. Fyllsta trúnaðar verður gætt við viðtöl og meðferð gagna þar sem þátttakendur fá gervinöfn og öllum persónulegum upplýsingum verður breytt.

Mikilvægt er að auka umræðu og vitundarvakningu um kynferðisofbeldi í samböndum unglinga og rannsóknir á sviðinu gætu nýst sem grundvöllur til þess. Þess vegna bið ég þig að íhuga vel hvort þú sjálf/ur eða hvort einhver í þínu nærumhverfi búi yfir slíkri reynslu og gæti hugsað sér að veita mér innsýn í upplifun sína.

Áhugasamir eru beðnir um að senda mér tölvupóst á netfangið rag43@hi.is eða senda mér persónuleg skilaboð á Facebook og við finnum svo í sameiningu heppilegan tíma.

Virðingarfyllt

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir

Leiðbeinandi í verkefninu er Gyða Margrét Pétursdóttir lektor í kynjafræði, gydap@hi.is

Viðauki II: Viðtalsrammi

Hefja viðtal á almennri umræðu og leggja áherslu á það sameiginlega. Taka fram sameiginlega reynslu til að sýna fram á innsæi í málaflokkinn.

Láta vita:

- hver ég er, hvað ég er að rannsaka og hvers vegna
- hvað á að gera við upplýsingarnar
- heita fullum trúnaði og nafnleynd, þ.e. gera grein fyrir að notast verði við gervinöfn
- hversu langan tíma viðtalið tekur
- að ég þurfi að hljóðrita samtalið og að upptökunni verði eytt að afritun lokinni
- þakka viðmælanda fyrir að vera tilbúinn að ræða við mig
- **minna á að það eru ekki til nein rétt eða röng svör, ég vil bara fá að heyra hvernig viðkomandi upplifir hlutina**

1. Bakgrunnur:

- Ertu til í að segja mér aðeins frá sjálfri (sjálfum) þér?
 - Hvar ertu uppalin?
 - Hvaða áhrif hefur uppeldi og bakgrunnur á persónu þína í dag?
- Hvernig var samskiptum innan fljölskyldu þinnar háttað?
 - Traust?
- Hver er þín reynsla af skólagöngu?
- Hjúskaparstaða í dag?

2. Sambandið:

- Aldur þegar sambandið/ofbeldið á sér stað?
- Geturðu sagt mér aðeins frá sambandinu?
 - Hvernig kynntust þið?
 - Fyrsta sambandið?
 - Fyrsta kynlífsreynslan?
- Annarskonar ofbeldi í sambandinu? Ef svo er, hvernig greinirðu á milli, á hvaða hátt samtönnast ofbeldið?
 - Hver var upplifunin á meðan ofbeldið átti sér stað (varnarviðbrögð ofl.)?
- Finnst þér eitthvað í þínum bakgrunni hafa gert þig berskjaldaðari fyrir ofbeldinu?
 - Að hvaða leyti? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

- Finnst þér eitthvað í þínum bakgrunni hafa gert þig sterkari eða verndað þig fyrir ofbeldinu?
-Að hvaða leyti? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

3. Afleiðingar:

- Hvaða áhrif hafði þessi lífsreynsla á þitt líf og þína líðan?
- Hverjar eru helstu afleiðingar ofbeldisins?
-Tilfinningalega, sálrænt, félagslega, námslega o.fl?
- Hvernig tekstu á við þær?
- Hvaða áhrif hafði þessi reynsla á hugmyndir þínar um kynlíf?
-Hvernig upplifir þú kynverund þína í dag?
- Kynhvöt og erfiðleikar?
- Hvaða þættir heldur þú að spili þarna inn í?
- Hvaða áhrif hafði þessi reynsla á hugmyndir þínar um nán sambönd?
-Sambandssaga eftir ofbeldið?
- Hvenær/hvernig áttaðir þig á reynslunni?
- Hvernig vannstu úr reynslunni?
-Fékkstu hjálp?
-Hefurðu sagt frá? Hverjum? Ofbeldismanninum?
-Hvað var erfiðast?
-Hvernig tekstu á við afleiðingarnar í dag?
- Traust, óöryggi, sjálfsásökun og skömm

4. Samfélagið:

- Hvernig upplifir þú ofbeldismanninn?
-Hvernig upplifðirðu hann á meðan á sambandinu stóð? En eftir að því lauk?
- Hvernig fellur hann að þeim hugmyndum sem samfélagið birtir okkur um ofbeldismenn?
- Hvernig upplifir þú viðhorf samfélagsins til ofbeldisins?
-Fellur það að viðteknum hugmyndum um kynferðisofbeldi?
-Hvaða möguleika telur þú á dómi,kæru og/eða rýmisaukningu?
- Þekkirðu fleiri með svipaða reynslu?
-Geturðu sagt mér aðeins frá því?
-Hvers vegna heldurðu að það sé?
- Hvaða leiðir sérð þú fyrir þér að úrbótum?
-Kynfræðsla?
-Vitundarvakning?

-Annað?

- Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin?

-Eitthvað tengt þessu efni sem þér finnst ég ekki hafa komið inn á eða eitthvað sem þér finnst vanta?

Þakka viðmælanda fyrir þátttöku og fyrir að hafa gefið tíma sinn og reynslu.

Biðja um símanúmer/netfang og spyrja hvort ég meigi hafa samband aftur ef eitthvað er óljóst eða eitthvað sem ég þarf nánari upplýsingar um, eins ef viðmælandi vill hafa samband.

Spyrja nánar:

-Geturðu útskýrt þetta nánar? Hvernig þá? Hvernig leið þér? Hvernig brástu við?

Hvað gerðist? Hversvegna heldurðu að það sé?

Nýta þögnina, gefa fólki tíma

Nýta virka hlustun og passa upp á augnsamband

Muna að prófa upptökuna, hafa hleðslutæki á tölvuna, heyrnrától svo míkrafónninn virki, lítinn snýti þakka til öryggis?

Passa að hafa samband aftur daginn eftir, þakka aftur fyrir og athuga hvernig fólk hefur það, vísa á Stígamót ef viðtalið hefur gengið nærri viðmælendum.

Viðauki III: Tilkygning til Persónuverndar

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir
Björtusólum 25
201 Kópavogur



Persónuvernd

Rauðarástíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík 25. september 2014
Tilvísun: S6990/2014/ TS/--

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttækið tilkygningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkygningin er nr. S6990/2014 og fylgir afrit hennar hjálgt.

Vakin er athygli á því að tilkygningin hefur verið birt á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkygninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Virðingarfyllst,


Teitur Skúlason

Hjál.: - Tilkygning nr. S6990/2014 um vinnslu persónuupplýsinga.